



ÁRSKÝRSLA

2002

REYKJAVÍK 2003

*Prentun og bókband:*  
**GUTENBERG EHF.**

Gefið út af Seðlabanka Íslands, Kalkofnsvegi 1, 150 Reykjavík.

Sími: 569 9600

Netfang: [sedlabanki@sedlabanki.is](mailto:sedlabanki@sedlabanki.is)

Símbréf: 569 9605

Veffang: [www.sedlabanki.is](http://www.sedlabanki.is)

## EFNISYFIRLIT

|    |            |   |
|----|------------|---|
| 5  | <i>I</i>   | <i>Stefnan í peningamálum</i>                           |
| 12 | <i>II</i>  | <i>Fjármálakerfið</i>                                   |
|    |            | <i>Rammagrein:</i>                                      |
| 28 |            | Endurskoðun á reglum Seðlabanka Íslands                 |
| 30 | <i>III</i> | <i>Ýmsir þættir í starfsemi Seðlabanka Íslands</i>      |
| 43 | <i>IV</i>  | <i>Afkoma Seðlabanka Íslands, stjórn og starfslið</i>   |
| 51 |            | <i>Ársreikningur Seðlabanka Íslands fyrir árið 2002</i> |
|    |            | <i>Viðaukar:</i>  |
| 65 |            | Fjármálaannáll ársins 2002                              |
| 70 |            | Fréttir Seðlabanka Íslands á árinu 2002                 |
| 72 |            | Ritaskrá Seðlabanka Íslands fyrir árið 2002             |
| 73 |            | Töfluviðauki (sjá yfirlit á bls. 74)                    |

## STEFNAN Í PENINGAMÁLUM

# I


*Slakað var á aðhaldi peningastefnunnar árið 2002 eftir því sem verðbólguhorfur bötnuðu*

Árið 2002 var ár mikilla umskipta í þjóðarbúskapnum. Verðbólga náði hámarki í byrjun ársins, en var orðin minni en verðbólguþröng Seðlabankans kveður á um áður en því lauk. Lítils háttar afgangur var á viðskiptum við útlönd, en árið 2000 nam viðskiptahallinn einum tíunda hluta landsframleiðslunnar. Betra ytra jafnvægi í þjóðarbúskapnum skaut styrkum stoðum undir gengi krónunnar, sem hækkaði verulega á árinu. Í lok þess hafði gengislækkun krónunnar frá marslokum 2001 gengið til baka, þótt gengið væri enn töluvert lægra en það var áður en það tók að lækka árið 2000. Hækkandi gengi krónunnar stuðlaði að hraðri hjöðnun verðbólgunnar á árinu, en lægð í innlendri eftirspurn átti þar einnig hlut að máli. Áætlað er að innlend eftirspurn hafi dregist töluvert saman á árinu, en vegna hagstæðra utanríkisviðskipta dróst landsframleiðslan líklega aðeins lítillega saman. Lægð í innlendri eftirspurn birtist einnig í minnkandi atvinnu, auknu atvinnuleysi og minna launaskriði en árin á undan. Eftir því sem á árið leið kom sífellt betur í ljós að aðhaldssöm peningastefna undanfarinna ára hafði skilað tilætluðum árangri. Skilyrði voru því til að slaka á peningalegu aðhaldi og voru stýrivextir Seðlabankans lækkaðir um samtals 4,3 prósentur á árinu.


*Verðbólguþröng Seðlabankans náðist í nóvember*

Kjölfestan í peningastefnu Seðlabankans er verðbólguþröng. Verðbólguþröngin krefst þess að Seðlabankinn beiti stjórnþækjum sem hann hefur yfir að ráða með það að leiðarljósi að verðbólga, skilgreind sem hækkun vísitölu neysluverðs yfir 12 mánuði, verði að jafnaði sem næst 2½%. Skilgreind eru svokölluð þörmörk, 1½ prósentu til hvorrar áttar frá verðbólguþrönginni, sem fela það í sér að Seðlabankinn verður að skila sérstakri opinberri greinargerð til ríkisstjórnarinnar fari verðbólgan út fyrir þau mörk.

Þegar verðbólguþröngin var ákveðin árið 2001 voru aðstæður það erfiðar að ekki var talið raunhæft að ná settu marki fyrr en undir lok ársins 2003. Jafnframt voru efri þörmörkin hærri fyrst í stað. Í reynd



Vísitala  
gengisskráningar  
Meðaltal mánaðar



náðist markmiðið fyrr en áætlað var, eða í nóvember árið 2002 og verðbólgan var innan þolmarka fyrir árið 2002 þegar í júlí og undir endanlegum þolmörkum í ágúst. Í lok ársins (byrjun janúar 2003) var verðbólgan u.þ.b. einni prósentu minni en markmiðið, eða 1,4%. Þessi árangur er merkilegri en ella í ljósi þess að í byrjun ársins var verðbólgan 9,4%, eða hin mesta frá því í október 1990.

#### Hækkun á gengi krónunnar leiddi til lækkunar vöruverðs

Hraða hjöðnun verðbólgunnar á árinu má ekki síst þakka verulegri hækkun á gengi krónunnar, sem aftur má rekja til betra jafnvægis í utanríkisviðskiptum þjóðarinnar, lækkunar verðbólguvæntinga þegar leið á árið, aukinnar tiltrúar á stöðugleika og væntinga um stóriðju. Frá upphafi til loka árs hækkaði gengi krónunnar um 13,5%, en þá var það u.þ.b. fimmtungi hærra en þegar það varð lægst í nóvember árið áður. Þetta leiddi til þess að innfluttar vörur í neysluverðsvísitölunni lækkuðu í verði um því sem næst 3% og verð innlendrar samkeppnisvöru fylgdi í kjölfarið. Þjónusta og húsnæði hélt hins vegar áfram að hækka í verði, og kom það í veg fyrir að almenn verðhjöðnun yrði á árinu. Sérstakar aðstæður á húsnæðismarkaði ýttu undir húsnæðiseftirspurn, eins og fjallað er um síðar.


#### Innland eftirspurn dróst verulega saman á árinu ...

Hjöðnun verðbólgunnar árið 2002 má einnig rekja til þess að töliverð lægð var í innlandri eftirspurn á árinu. Fyrstu þrjú fjórðunga ársins, sem ársfjórðungslegir þjóðhagsreikningar liggja fyrir um, höfðu þjóðarútgjöld dregist saman um rúmlega 4% frá því ári fyrr, en Seðlabankinn áætlað að samdrátturinn hafi numið 3¼% á árinu öllu. Mestur samdráttur var í fjármunamyndun, en einkaneysla dróst einnig töluvert saman. Samdráttur einkaneyslu var mestur á fyrsta fjórðungi ársins, en á þriðja ársfjórðungi var einkaneyslan svipuð og fyrir ári og líklega ívið meiri á þeim fjórða. Á móti áhrifum minni þjóðarútgjalda á landsframleiðsluna vó samdráttur í innflutningi. Áætlað er að hann hafi dregist saman um 4%. Samneysla jókst nokkuð frá fyrra ári og áætlað Seðlabankinn að vöxturinn hafi numið 3%.

#### ... en ágætur vöxtur útflutnings kom í veg fyrir verulegan samdrátt landsframleiðslu

Þrátt fyrir verulegan samdrátt þjóðarútgjalda hélt landsframleiðslan nokkurn veginn í horfinu, eða var aðeins ívið minni en fyrir ári. Má þakka það hagstæðum utanríkisviðskiptum á árinu, minni innflutningi og nokkuð öflugum vexti útflutnings. Að baki vextinum stóð fyrst og fremst ágætur uppsjávarafli, einkum fyrri hluta ársins, og aukinn útflutningur iðnaðarvöru. Verðlag sjávarafurða hélt ennfremur hagstætt, þótt það dalaði nokkuð þegar á árið leið. Álverð var hins vegar áfram lágt. Á móti nokkuð kröftugum vöruútflutningi vó hins vegar samdráttur í útflutningi þjónustu.

Vöxtur landsframleiðslu  
og þjóðarútgjalda



### Afgangur á viðskiptajöfnuði eftir einhver hröðustu umskipti sem orðið hafa á meðal þróaðra ríkja


Sjaldan hafa orðið jafn skyndileg umskipti í viðskiptajöfnuði þróaðs ríkis og varð á Íslandi árin 2000-2002. Á árinu 2002 var 1,8 ma.kr. afgangur á viðskiptajöfnuði, eða sem nam 0,2% áætlaðrar landsframleiðslu, en árið 2000 var halli sem nam u.þ.b. tíunda hluta landsframleiðslunnar. Aðeins tvisvar undanfarna þrjá áratugi hafa orðið snarpari umskipti á tveimur árum hjá aðildarlandi OECD. Umskiptin stöfuðu að miklu leyti af verulegum samdrætti í innlendri eftirspurn, í kjölfar ofþenslu, á sama tíma og ytri skilyrði þjóðarbúsins voru tiltölulega hagstæð. Góð aflabrógð, hagstætt verðlag og lágir erlendir vextir milduðu því verulega eftirköst einhvers mesta ofþensluskeiðs síðari áratuga og flýtti fyrir aðlögun.

### Afkoma fyrirtækja var á heildina litið góð ...


Hagstæð ytri skilyrði endurspegluðust í góðri framlegð fyrirtækja á árinu. Hagnaður skráðra fyrirtækja í Kauphöll Íslands fyrir fjármagnsliði og afskriftir var líklega u.þ.b. 11% af veltu, eða álíka mikill og árið áður. Hagnaður þeirra eftir skatta jókst til muna vegna gengishagnaðar af gengisbundnum skuldum. Gengishækkun krónunnar leiddi þó jafnframt til þess að nokkuð þrengdi að útflutnings- og samkeppnisfyrirtækjum þegar leið að árslokum. Framlegð sjávarútvegsfyrirtækja var af þeim sökum heldur lakari en árið áður. Framlegð fyrirtækja í verktaka- starfsemi, verslun og þjónustu versnaði einnig, en hjá iðnaðar-, hugbúnaðar- og sérstaklega flutningafyrirtækjum batnaði framlegðin á milli ára. Raungengi krónunnar á síðasta fjórðungi ársins var enn nálægt meðaltali undanfarins áratugar, ívið lægra á mælikvarða verðlags og ívið hærra á mælikvarða launa, og u.þ.b. 5% undir 20 ára meðaltali. Það var þó orðið nokkuð hærra undir lok ársfjórðungsins.

### ... og gengi hlutabréfa hækkaði


Góð staða fyrirtækja á hlutabréfamarkaði kom fram í verulegri gengishækkun þeirra á árinu 2002, á sama tíma og hlutabréf í flestum viðskiptalöndum héldu áfram að lækka í verði. Úrvalsvísitalan hækkaði um 16,7%, vísitala aðallista hækkaði um 21,6% en vísitala vaxtarlista lækkaði um 5,8%. Auk þess sem hagnaður var með ágætum, átti lækkun skatta á hagnað fyrirtækja væntanlega sinn þátt í því að gengi hlutabréfa hækkaði. Viðskipti með hlutabréf námu 321 ma.kr. sem var 132% aukning frá fyrra ári. Veltuhraði hlutabréfa jókst um 65% á árinu en var 37% árið áður. Mest var velta með hlutabréf Íslandsbanka, 22,7 ma.kr., Kaupþings banka, 27,1 ma.kr. og Pharmaco, 25 ma.kr. Markaðsvirði hlutabréfa í Kauphöll Íslands hækkaði um 23,6% á árinu og var í árslok 530 ma.kr. Hlutfélögum skráðum á aðallista fækkaði á árinu úr 56 í 50. Eitt nýtt félag var skráð á aðallista. Á vaxtarlista voru 16 hlutfélög skráð í upphafi árs en í lok árs voru þau 10. Skýringar á fækkun skráðra félaga eru að einhverju leyti samruni og einnig drógu einhver félög hlutabréf sín af markaði. Á tilboðsmarkaði fjölgaði félögum úr þremur í sjö.



### Úrvalsvísitala hlutabréfa 2002



Raunverð íbúða á höfuðborgarsvæði  
Meðaltal mánaðar



### Íbúðaverð tók að hækka á ný


Þróun á verði fasteigna skipti nokkuð í tvö horn. Verð íbúða tók að hækka á ný að raungildi þegar leið á vorið og undir lok ársins var raunverðið, þ.e.a.s. hækkun umfram vísitölu neysluverðs, farið að nálgast fyrra hámark frá því snemma árs 2001. Verðhækkunin endurspeglar aukna eftirspurn eftir húsnæði, sem sennilega stafar að hluta til af skipulagsbreytingum á húsnæðismarkaði, en einnig af meiri hjartssýni um efnahagshorfur, minnkandi verðbólgu, auknum kaupmætti launa og lægri vöxtum. Verð atvinnuhúsnæðis lækkaði hins vegar töluvert á árinu og virtist gæta offramboðs á a.m.k. sumum tegundum atvinnuhúsnæðis. Þess ber þó að gæta að eftir lækkunina var verðlag atvinnuhúsnæðis ennþá tiltölulega hátt á árinu, enda hafði það hækkað u.þ.b. tvöfalt meira en neysluverð árin á undan.

### Vaxandi slaka tók að gæta á vinnumarkaði

Einhver skýrustu merki vaxandi slaka í þjóðarbúskapnum á árinu 2002 birtust í ýmsum vísbendingum af vinnumarkaði. Árstíðarleiðrétt skráð atvinnuleysi hækkaði jafnt og þétt á árinu og nam u.þ.b. 3% áætlaðs mannafla við lok ársins. Vinnumarkaðskannanir Hagstofunnar sýna svipaða þróun milli ára. Þær sýna ennfremur að vinnutíminn stytst og að starfandi fólki fækkaði á milli ára. Vísbendingar á borð við fjölda starfa í boði hjá vinnumiðlunum og veiting nýrra atvinnuleyfa sýndu svipaða stöðu og áður en ofpensla gróf um sig árið 1999.

Eftir því sem dró úr eftirspurn eftir vinnuafli hjadnaði launaskrið, sem hafði verið áberandi árin tvö á undan. Kjarasamningar tryggðu þó launþegum töluverðar launahækkanir og vegna þess að verðlag hækkaði lítið á árinu jókst kaupmáttur umtalsvert, eða um 2½% milli síðustu fjórðunga árána 2001 og 2002.

Atvinnupáttaka og vinnumagn



### Útlánavöxtur var hóflegur

Hratt dró úr vexti útlána lánakerfisins á árinu. Frá upphafi til loka ársins jukust útlánin um 4½%. Hjöðnunina má að nokkru leyti rekja til þess að hækkun á gengi krónunnar leiddi til lækkunar á erlendum skuldum í krónum talið á sama tíma og stöðugt verðlag innanlands dró úr hækkun verðtryggða útlánastofnsins í takt við verðlag. Að frátöldum þessum áhrifum jukust útlánin heldur meira. Mest jukust útlán til heimilanna, en það endurspeglar aðstæður á húsnæðismarkaði, sem fyrr var greint frá.

### Bankar nýttu fyrirgreiðslu Seðlabankans

Í upphafi árs glímdu viðskiptabankarnir við skort á lausu fé eins og merkja má af notkun daglána hjá Seðlabanka Íslands en eftir því sem á árið leið rýmkaðist um laust fé. Fyrstu þrjú mánuði ársins voru tekin tæplega 70% af heildardaglánnum ársins. Vegna stórrar innlausnar spariskrifteina í apríl veitti ríkissjóður krónum inn í hagkerfið en hann tók erlent lán sem hann seldi Seðlabankanum. Reglur um veðhæf bréf til tryggingar fyrir endurhverfum viðskiptum voru rýmkaðar í júní og leyft var að nota skuldabréf lánastofnana, enda lægi fyrir einkunn mats-


fyrirtækja yfir tilteknu marki og markaðsvirði útgáfu væri yfir 3 ma.kr. Bundið fé banka og annarra lánastofnana í Seðlabankanum jókst úr 27-28 ma.kr. um mitt ár í rúmlega 30 ma.kr. í lok árs. Staða endurhverfra verðbréfaþaupna Seðlabankans hækkaði skarpt á fyrstu mánuðum ársins og fór úr tæplega 70 ma.kr. í yfir 90 ma.kr. Þegar hún var hæst í lok mars en í lok apríl dró nokkuð úr endurhverfum viðskiptum. Það sem eftir lifði árs sveiflaðist staða endurhverfra viðskipta á bilinu 65 ma.kr. til 85 ma.kr. Í lok ársins var hún um 74 ma.kr. og má ætla að regluleg kaup Seðlabankans á gjaldeyri hafi átt einhvern þátt í samdrættinum. Seðlabankinn seldi gjaldeyri framvirkt á árinu fyrir 3 ma.kr. og keypti gjaldeyri í smáum skömmtum fyrir um 5 ma.kr. frá september til ársloka en megintilgangur með kaupunum var að draga úr erlendum skammtímalánum bankans.

#### Viðskipti á mörkuðum voru lífleg



Viðskipti á gjaldeyrismarkaði voru mest í mánuðunum ágúst og september en minnst í júní. Mesta velta á einum degi varð 24. apríl, 16 ma.kr. Mesta hækun vísitölu gengisskráningar varð 22. maí, 1,44%, og mesta lækkun var 1,77% hinn 24. apríl. Gengisflökt minnkaði frá fyrra ári og mældist staðalfrávik daglegra breytinga á vísitölu gengisskráningar 0,46 árið 2002 samanborið við 0,72 árið 2001. Árið 2000 var gengisflökt 0,35. Frá mars til júní og september til ársloka voru viðskipti á millibankamarkaði með krónur lífleg en minni aðra mánuði. Viðskipti á millibankamarkaði með gjaldmiðlaskiptasamninga (swap-markaði) voru mun líflegri á fyrri hluta ársins en þeim síðari. Swap-markaðurinn tók til starfa í lok nóvember 2001.

Velta skuldabréfa í Kauphöll Íslands jókst um 33% frá fyrra ári úr 611 ma.kr. í 812 ma.kr. Veltan á síðari helmingi ársins var meiri en á hinum fyrri. Mest urðu viðskipti með húsbréf, 319 ma.kr. Mesta veltan

Daglán í Seðlabanka 2002




Útistandandi samningar í endurhverfum viðskiptum






### Verðbólguvæntingar 2002



### Vaxtamunur við útlönd 2002




### Velta á millibankamarkaði og viðskipti við Seðlabankann

| Velta, ma.kr.              | 2000 | 2001  | 2002  |
|----------------------------|------|-------|-------|
| Gjaldeyrismarkaður .....   | 768  | 1.218 | 834   |
| Krónumarkaður .....        | 524  | 426   | 421   |
| Swap-markaður .....        | 21   | 21    | 763   |
| Daglán .....               | 274  | 630   | 326   |
| Endurhverf viðskipti ..... | 828  | 1.583 | 2.093 |

Í einstökum flokkum var á löngum húsbrefum og húsnæðisbrefum. Ávöxtunarkrafa skuldabréfa lækkaði nokkuð yfir árið, t.d. lækkaði ávöxtunarkrafa húsbrefaflokks með gjalddaga 2041 úr 5,50% í 5,12% yfir árið 2002.

### Vextir í endurhverfum viðskiptum og raunstýrivextir miðað við verðbólguálag skuldabréfa



### Opinber fjármál

Fjárlög ársins voru afgreidd með 18,5 ma.kr. afgangi. Án eignasölu og óreglulegra útgjalda var gert ráð fyrir tæplega 2 ma.kr. afgangi, og gefur sú tala betri mynd af undirliggjandi afkomu ríkissjóðs. Miðað við bráðabirgðauppgjör snérist þessi undirliggjandi afgangur í 4-8 ma.kr. halla. Nákvæm niðurstaða veltur nokkuð á því hverjar útistandandi eftirstöðvar tekna og gjalda reynast. Verri afkomu en fjárlög gerðu ráð fyrir má fyrst og fremst rekja til þess að útgjöld jukust um u.þ.b. 11%, en í fjárlögum var gert ráð fyrir 6% vexti. Ríkissjóður hélt áfram að greiða inn á lífeyrisskuldbindingar umfram það sem skylt er, eða 9 ma.kr. Auk þess styrkti hann eigið fé Seðlabankans með 4,5 ma.kr. framlagi. Fjármögnun var að stærstum hluta í formi 10 ma.kr. erlendar nettólántöku, en það sem á vantaði var brúað með afborgunum af úti-standandi lánum, sölu á Landsbankahlutabréfum á almennum markaði og lítils háttar lækkun á innstæðum í Seðlabanka. Á gamlársdag seldi

ríkissjóður 46% hlut í Landsbankanum, en andvirðið er ekki reiknað með í þeim niðurstöðum sem hér eru raktar.

Samkvæmt fjárhagsáætlunum sveitarfélaga var stefnt að því að snúa rekstri þeirra úr um 3 ma.kr. samanlögðum halla 2001 í jöfnuð á árinu 2002. Endurskoðaðar fjárhagsáætlanir benda til þess að nokkuð hafi miðað og að halli á rekstri sveitarfélaga hafi minnkað heldur á árinu.

Samkvæmt áætlunum versnaði afkoma hins opinbera í heild úr afgangi sem nam um ½% af VLF árið 2001 í um ½% halla árið 2002. Þetta er svipað og við mátti búast í ljósi hagsveiflunnar. Þrátt fyrir hallann lækkuðu skuldir hins opinbera úr um 45½% af VLF í um 42½, einkum vegna styrkingar krónunnar og minni lánveitinga ríkissjóðs.


*Seðlabankinn lækkaði vexti um 4,3 prósentur á árinu ...*

Seðlabankinn brást við batnandi horfum í verðlagsmálum og almennt betra jafnvægi í þjóðarbúskapnum með því að draga úr aðhaldi sem nauðsynlegt hafði verið til að kveða niður verðbólguna á pensluárunum. Í byrjun ársins voru vextir bankans 10,1%, en 5,8% í lok þess. Ef verðbólguálag ríkisbréfa til u.þ.b. 4 ára er tekið sem mælikvarði á verðbólguvæntingar voru raunstýrivextir framan af árinu á bilinu 6-7½%, en rúmlega 3% undir lok ársins. Aðhald peningastefnunnar minnkaði því verulega á árinu á þennan mælikvarða og einnig ef miðað er við verðbólguþá bankans. Jafnframt dró verulega úr skammtíma vaxtamun gagnvart útlöndum, sem í lok ársins var hinn minnsti frá árinu 1998, þótt erlendir skammtíma vextir hafi einnig lækkað mikið á tímabilinu.


*... sem skilaði sér í lægri ávöxtun bæði á verðtryggðum og óverðtryggðum skuldbindingum*

Áhrifa lækkunar stýrivaxta gætti um allt vaxtarófið. Auk lækkunar stýrivaxta má ætla að minni eftirspurn eftir lánsfé og aukin eftirspurn eftir innlendum skuldabréfum hafi stuðlað að lækkun á ávöxtunarkröfu innlendra skuldabréfa, verðtryggðra og óverðtryggðra. Ávöxtunarkrafa húsbréfa var í námunda við 6% snemma á árinu, en var rúmlega 5% við lok þess. Ávöxtunarkrafa óverðtryggðra ríkisbréfa var á bilinu 9%-9½% snemma árs, en í námunda við 7% síðustu mánuði ársins. Útlánavextir verðtryggðra útlána banka fylgdu í humátt á eftir ávöxtun sambærilegra skuldabréfa, en náðu ekki alveg að fylgja lækkun á þeim skuldabréfavöxtum sem taldir eru sambærilegastir. Undir lok ársins settu fyrirhugaðar stórfamkvæmdir nokkurt mark á þróun ávöxtunarkröfu á skuldabréfamarkaði.

Ávöxtun óverðtryggðra ríkisbréfa og stýrivextir SÍ



Samanburður verðtryggðra vaxta og stýrivaxta SÍ



# II

## FJÁRMÁLAKERFIÐ

Víða er seðlabönkum falið að stuðla að stöðugleika fjármálakerfisins. Ástæðan er nærtæk þar sem áfall í banka- og fjármálakerfinu er nátengt breytingu í verði fjármálalegra eigna, vöxtum og gengi gjaldmiðilsins. Framkvæmd peningastefnu og upplýsingagrunnur seðlabanka gefur færi á að meta hættu á fjármálaáfallum og vara við þeim. Í 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands kemur fram að hann skuli sinna viðfangsefnum sem samrýmast hlutverki hans sem seðlabanka, svo sem að varðveita gjald-eyrisvarasjóð og að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd.

Við framkvæmd á því mikilvæga hlutverki Seðlabanka Íslands að stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi leggur bankinn áherslu á að meta hættu á lausafjávanda fjármálafyrirtækja og uppgjörsvanda í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum sem geta haft kerfislegt mikilvægi. Jafnframt beitir hann sér fyrir úrbótum og jákvæðri þróun fjármálakerfisins. Fjármálastöðugleiki er mikilvæg forsenda efnahagslegs stöðugleika og öfugt.

Öll vinna Seðlabanka Íslands á þessu sviði þarf að vera með þeim hætti að gerendur í fjármálakerfinu hafi álit bankans til hliðsjónar við ákvörðunartöku sína svo að ákvarðanir þeirra stuðli frekar að virku og öruggu fjármálakerfi. Gerendur í fjármálakerfinu eru skilgreindir sem stjórnvöld, stjórnendur fjármálafyrirtækja, kerfislega mikilvægir þjónustuaðilar fjármálafyrirtækja, eftirlitsaðilar, lánshæfismatsfyrirtæki og yfirþjóðlegar stofnanir. Í starfi sínu hefur bankinn hliðsjón af alþjóðlegum samningum og öðrum viðmiðunum sem lúta að bestu framkvæmd svo og vinnu erlendra seðlabanka sem lengst hafa náð á þessu sviði.

### *Fjármálakerfið og stöðugleiki þess*

Úttektir á stöðugleika fjármálakerfisins voru birtar í Peningamálum Seðlabankans í maí og nóvember 2002. Í maí var ljóst að mjög hafði dregið úr ytra ójafnvægi þjóðarbúsins og þrátt fyrir snarpan samdrátt í þjóðarútgjöldum hafði fjármálakerfið orðið fyrir minni áraun en hefði mátt ætla. Í nóvemberúttektinni var orðið ljóst að þjóðhagslegar forsendur fjármálastöðugleika höfðu styrkst enn frekar frá úttektinni í maí

og aðlögun í þjóðarþúskapnum gengið hraðar fyrir sig en áður var reiknað með. Þrátt fyrir að staða lánastofnana hefði almennt batnað á árinu var þó varað við að eftirköst liðins ofpensluskeiðs hefðu ekki komið fram að öllu leyti og kynnu að íþyngja fjármálakerfinu næstu árin í formi aukins útlánataps. Telja má í ljósi núverandi aðstæðna að lánastofnanir hafi almennt séð brugðist við þessu og að eiginfjárstaða þeirra ætti ekki að rýrna markvert vegna frekara útlánataps.

#### *Breytingar á rekstrarformi fjármálafyrirtækja ...*

Í janúar var Kaupþingi hf. veitt viðskiptabankaleyfi og nafni bankans breytt í Kaupþing banki hf. Fyrirtækið starfaði á árinu samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði. Í febrúar var undirritaður samningur um kaup Kaupþings banka hf. á sænska verðbréfafyrirtækinu Aragon Holding AB. Í byrjun maí voru svo kaupin endanlega staðfest. Í júní var Aragon Holding sameinað sænska bankanum JP Nordiska AB og með sameiningunni varð Kaupþing banki hf. stærsti hluthafi í JP Nordiska.

Í lok ágúst ákvað stjórn Búnaðarbanka Íslands hf. að opna útibú í Lúxemborg árið 2003. Útibúinu er ætlað að efla starfsemi samstæðunnar á peninga- og gjaldeyrismarkaði. Í lok september keypti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis alla hluti Kaupþings banka hf. í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf. en hann hafði verið í meirihlutaeigu Kaupþings banka hf. frá því í byrjun árs 2001. Um miðjan september undirrituðu stjórnir Hlutabréfasjóðsins Auðlindar hf. og Kaupþings banka hf. áætlun um samruna félaganna, og var sameiningin svo samþykkt á hluthafafundum beggja félaga sem haldnir voru í nóvember.

Í október var gerður samningur um kaup Landsbanka Íslands hf. á meirihluta bréfa í SP-Fjármögnun hf. Meðal seljenda voru Sparisjóðabanki Íslands hf. og Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis. Í lok nóvember var formlega gengið frá kaupunum.

Í lok ágúst gerði Kaupþing banki hf. tilboð í allt hlutfé í sænska bankanum JP Nordiska AB en Kaupþing banki hf. átti þá þegar tæplega þriðjung hlutabréfa bankans vegna sameiningar Aragon Holding AB og JP Nordiska. Tilboðsfrestur var til 29. nóvember og veitti sænska fjármálaeftirlitið samþykki sitt fyrir yfirtökunni í byrjun desember. JP Nordiska var tekið af skrá kauphallarinnar í Stokkhólmi en Kaupþing banki hf. var skráður í staðinn og hófust viðskipti með bréf bankans 20. desember, á O-lista kauphallarinnar í Stokkhólmi.

#### *Einkavæðing og aðrar breytingar á eignarhaldi fjármálafyrirtækja ...*

Í maí ákvað ríkisstjórnin að halda almennt útboð á 20% hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. og lækka þannig eignarhlut ríkissjóðs úr rúmum 68% í rúmlega 48%. Sala bréfanna tókst vel. Hinn 10. júlí óskaði framkvæmdanefnd um einkavæðingu, fyrir hönd viðskiptaráðherra, eftir tilkynningum frá áhugasömum fjárfestum um kaup á a.m.k 25% hlut í Landsbanka Íslands hf. annars vegar og Búnaðarbanka Íslands hf. hins vegar.

Fimm hópar fjárfesta skiluðu inn tilkynningu um áhuga á kaupum á kjölfestuhlut í bönkunum tveimur og í lok júlímánaðar var ákveðið að hefja viðræður við þrjá aðila varðandi kaup á bréfum í Landsbanka Íslands hf. Í september ákvað framkvæmdanefnd um einkavæðingu að ganga til viðræðna við Samson ehf. um kaup á umtalsverðum hlut í Landsbanka Íslands hf., einnig var ákveðið að halda áfram undirbúningi á sölu Búnaðarbanka Íslands hf. Seint í október var svo tilkynnt að framkvæmdanefndin og Samson ehf. hefðu náð samkomulagi um að Samson ehf. keypti 45,8% hlutabréfa Landsbanka Íslands hf. og valdir voru tveir hópar til viðræðna um kaup á stórum hlut bréfa í Búnaðarbanka Íslands hf. Í byrjun nóvember greindi framkvæmdanefnd um einkavæðingu frá því að ákveðið hefði verið að ganga til frekari viðræðna við svokallaðan S-hóp um kaup á umtalsverðum hlut í Búnaðarbanka Íslands hf.

Í byrjun janúar 2003 undirrituðu fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra, fyrir hönd ríkissjóðs, samning við Samson ehf. um kaup þess síðarnefnda á 45,8% hlut í Landsbanka Íslands hf. Um miðjan janúar 2003 undirrituðu sömu ráðherrar samning við Eglu hf., Vátryggingafélag Íslands hf., Samvinnulífeyrissjóðinn og Eignarhaldsfélagið Samvinnutryggingar um kaup þessara aðila á 45,8% hlutabréfa í Búnaðarbanka Íslands hf. Eglu hf. er í eigu þýska bankans Hauck & Aufhäuser Privatbankiers KGaA, Kers hf. og Vátryggingafélags Íslands hf.

Á sama tíma og samningur um kaup Samsonar ehf. á Landsbanka Íslands hf. var undirritaður tilkynnti stjórn Landsbanka Íslands hf. að hún hygðist nýta sölurétt sinn á bréfum í Vátryggingafélagi Íslands hf., að nafnverði ríflega 115 m.kr., til Kers hf., Eignarhaldsfélagsins Andvöku, Eignarhaldsfélagsins Samvinnutrygginga og Samvinnulífeyrissjóðsins. Landsbanki Íslands hf. hafði í ágúst 2002 selt sömu aðilum bréf í Vátryggingafélagi Íslands hf. fyrir um 145 milljónir að nafnverði. Fyrirnefndur samningur um sölurétt Landsbanka Íslands hf. var gerður þegar þau viðskipti fóru fram. Eignarhlutur Landsbanka Íslands hf. í Vátryggingafélagi Íslands hf. var rúmt 41% í upphafi árs 2002 en eftir 1. febrúar 2003 var hlutur bankans innan við 2%.

Skömmu fyrir lok ársins keypti Eignarhaldsfélagið Bakkabraeður Holding s.a.r.l. rúmlega helming hlutafjár í fjárfestingarfélaginu Meiði ehf., stærsta hluthafa Kaupþings banka hf. Seljendur hlutanna voru Kaupþing banki hf., Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis, Sparisjóðurinn í Keflavík, Sparisjóðabanki Íslands hf., Sparisjóður Mýrasýslu, Sparisjóður Húnaþings og Stranda, Sparisjóður Siglufjarðar, Sparisjóður Svarfdæla og Sparisjóður Vestfirðinga. Fyrir söluna átti Kaupþing banki hf. 43,8% í Meiði ehf. en eftir söluna var hlutur bankans 18,8%. Þá lækkaði samanlögð eign sparisjóðanna af heildarhlutafé Meiðs ehf., úr 56,2% niður í 26,2%.

Í byrjun júlí tók Verðbréfaþing Íslands hf. upp nafnið Kauphöll Íslands hf., nýtt eignarhaldsfélag var stofnað um rekstur Kauphallar Íslands hf. og Verðbréfaskráningar Íslands hf. Hið nýja félag heitir Eignarhaldsfélagið Verðbréfaþing hf. Eignarhald þess er með sama sniði og

áður var á félögunum tveimur. Markmiðið með stofnun þess var að ná fram hagræðingu í rekstri, aukinni samvinnu og bættri þjónustu félaganna tveggja.

Í byrjun október samþykkti Kauphöll Íslands hf. beiðni Þróunarfélags Íslands hf. um afskráningu. Þróunarfélag Íslands hf. sameinaðist Eignarhaldsfélaginu Alþýðubankanum hf. Félögin voru sameinuð undir nafni Þróunarfélags Íslands hf.

#### *... og átök um stofnfé Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis*

Átök stóðu um eignarhald Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis á liðnu ári. Snemma sumars tók hópur stofnfjáreigenda sig saman um að bjóða fast yfirverð í allt stofnfé sparisjóðsins. Fljótlega tilkynnti hópurinn að Búnaðarbanki Íslands hf. myndi fjármagna kaupin og ef af viðskiptum við stofnfjáreigendur yrði myndi bankinn eignast sparisjóðinn. Þá lýsti starfsmannasjóður SPRON áhuga á kaupum á stofnfé hans. Í samræmi við ákvæði laga fjallaði Fjármálaeftirlitið um kaupáformin og úrskurðaði á haustmánuðum að kaupin gætu ekki farið fram eins og áformað var. Niðurstöður Fjármálaeftirlitsins voru kærðar til kærunefndar sem starfar á grundvelli laga um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Nefndin staðfesti úrskurð Fjármálaeftirlitsins síðla árs 2002.


#### *Aðrar breytingar á rekstrarumhverfi fjármálakerfisins*

Aðrar breytingar sem urðu á síðasta ári lúta m.a. að því að Fjármálaeftirlitið gaf út reglur nr. 755/2002 um breytingar á reglum nr. 692/2001, um ársreikninga lánastofnana, með síðari breytingum. Breytingarnar fólu í sér afnám þeirra ákvæða sem kváðu á um verðbólgu-reikningsskil. Breytingarnar giltu frá og með reikningsárinu 2002.

Einnig voru samþykkt á árinu lög nr. 25/2002 um breytingu á lögum nr. 145/1994, um bókhald, lögum nr. 144/1994, um ársreikninga, og lögum nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með síðari breytingum. Breytingarnar tóku til þess að reikningshald í erlendri mynt var leyft að uppfylltum vissum skilyrðum.

Á árinu 2002 voru einnig samþykkt ný heildarlög um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002 sem tóku gildi 1. janúar 2003. Undir nýju lögum falla viðskiptabankar, sparisjóðir, lána-fyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki, verðbréfamíðlanir og rekstrarfélög verðbréfasjóða. Þessi lög koma í stað laga nr. 113/1996, um viðskiptabanka og sparisjóði, laga nr. 123/1993, um lánastofnanir aðrar en viðskiptabanka og sparisjóði, laga nr. 37/2002, um rafeyrisfyrirtæki auk þess sem breytingar eru gerðar á lögum nr. 13/1996, um verðbréfavíðskipti og lögum nr. 10/1993, um verðbréfasjóði.

Í október 2002 hækkaði matsfyrirtækið Moody's Investors Service lánshæfismat skuldabréfa og bankainnstæðna í erlendri mynt vegna skuldbindinga Íslands í Aaa sem er hæsta einkunn sem gefin er. Ísland hafði áður einkunnina Aa3. Skömmu síðar skýrði matsfyrirtækið Standard & Poor's frá því að það hefði breytt horfum á lánshæfi Íslands úr neikvæðum í stöðugar. Um leið staðfesti fyrirtækið lánshæfiseinkunnir Ís-



lands. Um lánshæfi íslenska ríkisins er nánar fjallað í þriðja kafla þessarar ársskýrslu.

#### *Nokkrar breytingar urðu á helstu reglum Seðlabanka Íslands*


Hinn 29. maí 2002 staðfesti bankastjórn Seðlabanka Íslands endurskoðaðar reglur Seðlabankans um bindiskyldu, gjaldeyrisjöfnuð, viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands, lausafjárhlutfall og nýjar reglur um beitingu viðurlaga í formi dagsekta sem bankaráð hafði áður samþykkt.

Reglurnar tóku gildi 1. júlí að undanskildum reglum um lausafjárhlutfall sem tóku gildi 1. september og ákvæði um veðhæfi verðbréfa í viðskiptum við Seðlabankann í reglum um viðskipti bindiskyldra lánastofnana sem tók gildi 1. júní.

Þar sem gefnar voru út nýjar reglur um beitingu viðurlaga í formi dagsekta þurfti að uppfæra viðurlagaákvæðin í eldri reglum. Í ramma-rein hér á eftir er fjallað um aðrar helstu breytingar sem gerðar voru á reglum.

#### *Afkoma banka og sparisjóða batnaði töluvert frá fyrra ári*

Þegar ársskýrslan var rituð lágu fyrir uppgjör allra viðskiptabankanna og sex stærstu sparisjóðanna.<sup>1</sup> Afkoma ársins 2002 var töluvert betri hjá öllum viðskiptabönkunum en árið áður. Fjórir af sex stærstu sparisjóðunum skiluðu einnig betri afkomu á árinu 2002 en árið áður en hinir tveir sýndu lakari afkomu. Betri afkomu mátti að nokkru rekja til sölu eigna hjá viðskiptabönkunum auk þess sem þessi fyrirtæki hættu



1. Búnaðarbanki Íslands hf., Íslandsbanki hf., Kaupþing banki hf., Landsbanki Íslands hf., Sparisjóðabanki Íslands hf., Sparisjóður Hafnarfjarðar, Sparisjóðurinn í Keflavík, Sparisjóður Kópavogs, Sparisjóður Mýrasýslu, Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis og Sparisjóður vélstjóra.

verðleiðréttum reikningsskilum en við það féll niður verðleiðréttingar-  
færsla sem var yfirleitt gjaldamegin hjá fjármálafyrirtækjum.

Framlag á afskriftarreikning jókst í heildina á árinu 2002 frá fyrra  
ári en aukningin var hlutfallslega minni en á árinu 2001 þegar framlagið  
jókst mikið frá fyrra ári. Endanlega töpuð útlán jukust einnig töluvert á  
milli ára.

Eiginfjárlutfall viðskiptabankanna og sex stærstu sparisjóðanna  
styrktist almennt séð á árinu 2002 og hefur ekki verið jafnhátt frá árinu  
1996.

#### Enn dró úr útlánaaukningu innlánsstofnana ...

Útlán og markaðsverðbréf innlánsstofnana námu ríflega 917 ma.kr. í  
árslok 2002 og þar af voru erlend útlán og markaðsverðbréf um 60  
ma.kr. Enn hefur því hægt á útlánaaukningunni og jukust útlán og  
markaðsverðbréf innlánsstofnana um 2,2% á síðasta ári en innlend útlán  
jukust einungis um 0,8% á sama tíma.<sup>2</sup>

Á fjármögnunarhlíðinni námu innlánin um 389 ma.kr., verðbréfa-  
útgáfan nam um 207 ma.kr. (þar af voru um 138 ma.kr. gengisbundnir)  
og erlendar skuldir aðrar en verðbréfaútgáfa voru um 294 ma.kr. í árs-  
lok 2002. Vöxtur innlána var 15,8% á árinu 2002 en aukningin var aðal-  
lega í verðtryggðum innlánnum og á gjaldeyrisreikningum.

Í heild sinni jukust innlend útlán og verðbréfaeign lánakerfisins  
um 3,5% á árinu 2002 samanborið við 19,1% árið áður.

#### ... og heldur dró úr vexti útlána hjá fjárfestingarlánasjóðum

Útlán fjárfestingarlánasjóða<sup>3</sup> jukust um 10,2% á árinu 2002 og eru sam-  
tals um 447 ma.kr. í lok árs en til samanburðar nam aukningin um 18%  
árið 2001 og um 23% árið 2000. Útlán Íbúðalánasjóðs, sem eru u.þ.b.  
87% af heildarútlánnum fjárfestingarlánasjóða, jukust um 10,8% á árinu  
og námu í lok þess 388 milljörðum króna.

Verðbréfaútgáfa jókst um 15% á árinu,<sup>4</sup> að langstærstum hluta er  
um að ræða útgáfu húsbréfa og húsnæðisbréfa hjá Íbúðalánasjóði en  
aukningin er þó hlutfallslega jafnmikil eða meiri hjá öðrum fjárfest-  
ingarlánasjóðum. Um 78% af fjármögnun fjárfestingarlánasjóða var  
verðbréfaútgáfa og eftir að Kaupþing fluttist í hóp innlánsstofnana námu  
erlendar lántökur fjárfestingarlánasjóða einungis um 2%.

#### Hægur vöxtur lífeyrissjóða ...


Hrein eign lífeyrissjóða var, samkvæmt bráðabirgðatölum, 677,2 ma.kr.

2. Kaupþing banki hf. fékk viðskiptabankaleyfi í byrjun árs 2002. Þegar reiknuð er tólf mánaða  
breyting ársins 2002 er tölum Kaupþings hf. bætt við desembertölur 2001 fyrir innlánsstofn-  
anir.


3. Í janúar 2002 fékk Kaupþing hf. viðskiptabankaleyfi og telst því ekki með fjárfestingarlána-  
sjóðum frá þeim tíma.

4. Útgáfa húsbréfa á árinu nam um 33 milljörðum króna sem var 14,6% aukning og útgáfa húsnæðisbréfa var um 11 milljarðar króna sem var 16,9% aukning. Þessar tölur eru á nafnvirði.


### Útlánaflökun lánakerfis



### Útlán og innlán innlánsstofnana








í árslok 2002 og hafði aðeins aukist um 5% á árinu samanborið við 13,9% á árinu 2001 og 9,4% á árinu 2000. Þetta var minnsta ársaukning sem mælt hafði í meira en tvo áratugi. Mæld sem hlutfall af landsframleiðslu var hrein eign 86,5% sem var nánast hið sama og næstu þrjú ár in þar á undan en áður hafði hlutfallið verið stöðugt vaxandi.

Erlend verðbréfaeign lífeyrissjóðanna í lok árs 2002 var 103,6 ma.kr. og hafði hún dregist saman um 31 ma.kr. á árinu eða 23,1%. Var þetta í fyrsta skipti sem samdráttur varð á erlendu eigninni frá fyrra ári en árið 2001 hafði aukningin verið aðeins 5,2% sem var mikil breyting frá árunum þar á undan. Hrein kaup lífeyrissjóða á erlendum verðbréfum á árinu voru tæpir 22 ma.kr. en neikvætt endurmat var rúmum 52 ma.kr. Ástæður þess voru að markaðsverð erlendra verðbréfa, mælt í erlendri mynt, lækkaði enn á árinu auk þess sem gengi íslensku krónunnar styrktist, sem hafði þau áhrif að ávöxtun erlendu bréfanna var enn lakari í íslenskum krónum talið.

Aukning sjóðfélagalána á árinu var 18,1%, sem er nokkru minni aukning en metárin tvö næst þar á undan en þá var hún 25-28% á ári.

Nokkrir lífeyrissjóðir hafa birt ársreikninga 2002 og í flestum tilfellum er raunávöxtun þeirra neikvæð. Sé það reyndin að raunávöxtun lífeyrissjóða í heild hafi verið neikvæð á árinu yrði það þriðja árið í röð sem slíkt gerðist.



*... en heildareignir verðbréfasjóða jukust og hlutabréfasjóðum fækkaði*

Heildareignir verðbréfasjóða jukust um 30,7 ma.kr. árið 2002 samanborið við 21 ma.kr. árið 2001. Þar af jókst verðbréfaeignin um 32,5 ma.kr. og var aukningin mest í verðbréfum innlánsstofnana og ríkisverðbréfum. Sala hlutdeildarskírteina umfram innlausn á árinu 2002 var 25,3 ma.kr. samanborið við 13,5 ma.kr. árið 2001. Mest var aukningin í blönduðum sjóðum umfram innlausn eða 10,3 ma.kr. Erlendir sjóðir verðbréfasjóðanna minnkuðu um 3 ma.kr. á árinu 2002 á meðan aðrar sjóðsgerðir (skammtímasjóðir, eignarskattsfrjálsir sjóðir og blandaðir sjóðir) stækkuðu á bilinu 10-13,6 ma.kr.

Heildareignir hlutabréfasjóða minnkuðu um 4,2 ma.kr. á árinu 2002. Mesta lækkunin varð í stöðu erlendra verðbréfa eða um 1,5 ma.kr. og í stöðu húsbreifa eða um 1,3 ma.kr.

Breyting varð á rekstrarumhverfi hlutabréfasjóða þegar skattaafsláttur vegna kaupa einstaklinga á hlutabréfum féll niður frá og með árinu 2003. Vegna þessa meðal annars var nokkuð um að hlutabréfasjóðir breyttu um nafn og fjárfestingarstefnu á árinu þar sem horfið var frá afskiptalítilli stöðutöku og frekar stefnt að áhrifaþægni í fyrirtækjum.

Íslenski fjársjóðurinn hf. varð að Afli fjárfestingarfélagi hf. á fyrri hluta árs 2002. Stjórnir Hlutabréfasjóðs Íslands hf. og Kaldbaks fjárfestingarfélags hf. ákváðu að sameina félögin undir nafni Kaldbaks fjárfestingarfélags hf. í nóvember 2002. Stjórn Íslenska hlutabréfasjóðsins hf. ákvað í desember að breyta starfsemi og nafni félagsins. Nýtt nafn er Fjárfestingarfélagið Atorka hf. Undir lok ársins sameinaðist Hlutabréfa-

sjóðurinn Auðlind hf. Kaupþingi banka hf., eins og fram kom hér að framan og fengu hluthafar Auðlindar hf. bréf í Kaupþingi banka hf.

#### *Erlend verðbréfafjárfesting jókst töluvert frá árinu 2001 ...*

Árið 2002 voru nettókaup Íslendinga á erlendum verðbréfum alls 25,5 ma.kr. samanborið við 3,7 ma.kr. árið 2001 og 40,5 ma.kr. árið 2000 og 27,8 ma.kr. árið 1999. Ásókn fjárfesta í erlend verðbréf jókst því á ný árið 2002 eftir að verulega dró úr nettókaupum árið 2001.

Nettókaup á hlutdeildarskírteinum í erlendum verðbréfasjóðum voru jákvæð um 21,7 ma.kr. árið 2002, neikvæð um 1,9 ma.kr. árið 2001 og jákvæð um 35,2 ma.kr. árið 2000. Til samanburðar má geta þess að nettókaup á hlutabréfum í erlendum fyrirtækjum voru jákvæð um 2,1 ma.kr. árið 2002, jákvæð um 5,7 ma.kr. árið 2001 og jákvæð um 9,9 ma.kr. árið 2000.

Nettókaup erlendra skuldabréfa námu um 1,7 ma.kr. árið 2002, sala umfram kaup nam 60 m.kr. árið 2001 og 3,4 ma.kr. árið 2000. Nettókaup annarra verðbréfa sem gefin eru út erlendis námu 115 m.kr. árið 2002, sala umfram kaup nam 37 m.kr. árið 2001 og 1,2 ma.kr. árið 2000.

Athygli vekur að um 74% af nettókaupum ársins 2002 falla til á seinni helmingi ársins. Um mitt árið virðist sem innlendir fjárfestar hafi verið þeirrar skoðunar að skammt væri í að botninum væri náð á erlendum hlutabréfamörkuðum. Stofnanafjárfestar sem héldu aftur af erlendri fjárfestingu árið 2001 virðast hafa sett meiri kraft í kaupin í júlí- og ágústmánuði.

Erlend hlutabréf lækkuðu verulega í septembermánuði, en það skýrir minni nettókaup í september. Gengisstyrking íslensku krónunnar og mjög lágt verð á erlendum hlutabréfum skilaði sér síðan í mestu mánaðarlegu nettókaupum ársins í október.

Árið 2002 var þriðja árið í röð sem erlendar hlutabréfavísitölur lækkuðu. Þannig lækkaði heimsvísitala Morgan Stanley um 21%, Evrópuvísitala Morgan Stanley um 31%, S&P 500-vísitalan um 23% og japanska Nikkei 225-vísitalan um 19%. Til viðbótar við lækkun á markaðsvirði erlendra verðbréfa, mælda í erlendri mynt, styrktist gengi íslensku krónunnar um 13,5% árið 2002 sem olli því að ávöxtun erlendu verðbréfanna var enn lakari í íslenskum krónum.

#### *... og töluverð ásókn var hjá erlendum aðilum í íslensk skuldabréf*

Nettókaup erlendra aðila á íslenskum verðbréfum sem gefin eru út hér á landi námu um 11,9 ma.kr. árið 2002 samanborið við ríflega 7 ma.kr. árið 2001. Þó að nettókaupin væru aðeins meiri árið 2002 var samsetning nettókaupanna milli ára mjög ólík. Árið 2001 var töluvert keypt af hlutabréfum (nettókaup 3,3 ma.kr.) en árið 2002 voru slík kaup neikvæð um 1,6 ma.kr. Hér ber þó að hafa í huga að mikil nettókaup skráðra hlutabréfa á VPÍ árið 2001, sérstaklega á tímabilinu frá október til desember, mátti rekja til þátttöku erlendra aðila (þ.m.t. eignarhaldsfélaga í eigu innlendra aðila í útlöndum) í hlutafjárútboði til að fjármagna fyrirtækjakaup í útlöndum. Gera má ráð fyrir að hluti þessara aðila hafi

kosið að leysa út gengishagnað af slíkum viðskiptum en úrvalsvísitala aðallista Kauphallar Íslands skar sig nokkuð frá erlendum hlutabréfavísitölum með því að hækka um 16,7% árið 2002.

Á móti neikvæðum nettókaupum hlutabréfa kom að kaup á hlutdeildarskírteinum í verðbréfasjóðum, sem aðeins námu um 918 m.kr. árið 2001, námu um 3,2 ma.kr. árið 2002.

Mestu umskiptin voru í nettókaupum á skuldabréfum en árið 2001 námu þau kaup aðeins 472 m.kr. en voru um 7,1 ma.kr. árið 2002. Hús- og húsnæðisbréf voru um 5,2 ma.kr. af nettókaupum skuldabréfa árið 2002 sem vakti athygli með hliðsjón af nettóútgáfu hús- og húsnæðisbréfa í gegnum húsbrefakerfið árið 2002. Ástæður þessara miklu umskipta voru vafalaust margar en fyrst ber að nefna einstaka ávöxtun á skuldabréfamarkaði árið 2002. Vandfundin voru skuldabréf með jafn háa ávöxtunarkröfu miðað við lánshæfiseinkunn ríkissjóðs. Bætt upplýsingagjöf og markvisst kynningarstarf fyrir íslenskan skuldabréfamarkað erlendis virðist einnig hafa stuðlað að sterkri eftirspurn eftir skuldabréfum.

Nettókaup skammtímabréfa, nær eingöngu banka- og sparisjóðavíxla, jukust úr 2,4 ma.kr. árið 2001 í 3,3 ma.kr. árið 2002.

Niðurstaðan er því sú að erlendir fjárfestar hafi verið miklu sýnilegri á innlendum verðbréfamarkaði árið 2002 með kaupum á skuldabréfum samanborið við mikil hlutabréfakaup árið 2001 sem að nokkru leyti mátti rekja til erlendra félaga sem ýmist voru í eigu erlendra aðila eða eignarhaldsfélaga sem á einhvern hátt voru tengd aðilum með lögheimili á Íslandi.

#### *Tryggingarsjóður innstæðueigenda og fjárfesta*

Hinn 6. febrúar 2003 staðfesti viðskiptaráðherra ársreikning Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta fyrir árið 2002. Sjóðurinn starfar í tveimur deildum í samræmi við lög nr. 98/1999, um innstæðutryggingar og tryggingakerfi fyrir fjárfesta, reglugerð nr. 120/2000, um sama efni og samþykktir sem settar voru sjóðnum á stofnfundi hans 28. desember 1999. Samkvæmt ákvæðum laga nr. 98/1999 skal eign Tryggingarsjóðs nema a.m.k. 1% af meðaltali tryggðra innstæðna í viðskiptabönkum og sparisjóðum á næstliðnu ári. Slíkar tryggðar innstæður hækkuðu um ríflega 14% á milli ára og námu samkvæmt bráðabirgðatölum 360 milljörðum króna að meðaltali árið 2002 (315 milljarðar árið 2001). Heildareign innstæðueildar til greiðslu krafna innstæðueigenda vegna greiðsluerfiðleika aðildarfyrirtækja var 3.233 m.kr. (3.343 m.kr. í árslok 2001) eða 0,8975% af tryggðum innstæðum (1,061% í árslok 2001) og fullnægði það ekki kröfum laga nr. 98/1999 í þessu efni. Innheimta þarf því hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum þá fjárhæð sem vantar til þess að eignir innstæðueildar nái því lágmarki sem lögboðið er. Hér er um að ræða eigi lægri fjárhæð en 369 m.kr. Tekið skal fram að enn hefur ekki komið til þess að grípa hafi þurft til tryggingarfjár innstæðueildar vegna greiðsluerfiðleika aðildarfyrirtækja. Heildareign verðbréfadeildar sjóðsins skal að lágmarki vera 100 m.kr. Á árinu 2002

voru innheimtar hjá aðildarfyrirtækjum hans 20 m.kr. sem var þriðji áfangi slíkrar innheimtu. Eigið fé verðbréfadeildar nam í lok árs 65 m.kr. og aðildarfyrirtæki sjóðsins hafa gengist í ábyrgð fyrir sem nemur 35 m.kr. Á þessu ári skal innheimta fjórða áfanga, 20 m.kr., til verðbréfadeildar í samræmi við ákvæði laga um þetta efni.

Í lok nóvember 2001 varð eitt af aðildarfélögum sjóðsins, Burnham International á Íslandi hf., gjaldþrota. Þrotabúið var enn til meðferðar hjá skiptastjóra í árslok 2002 og var ekki vitað hvenær skiptameðferð lýkur. Lýst var kröfum á hendur Tryggingarsjóði – verðbréfadeild að fjárhæð um 226 m.kr. Flestum krafanna var hafnað og þær afturkallaðar. Nokkur mál voru til meðferðar fyrir dómstólum í árslok 2002 og eitt mál var í lögreglurannsókn.

#### *Mikilvægi greiðslukerfa og verðbréfauppgjörskerfa fyrir fjármála-stöðugleika*

Samkvæmt 4. gr. laga um Seðlabanka Íslands skal bankinn stuðla að virku og öruggu fjármálakerfi, þ.m.t. greiðslukerfi í landinu og við útlönd. Greiðslukerfi og verðbréfauppgjörskerfi eru mikilvægur þáttur í fjármálakerfinu og því einkar mikilvægt að tryggja virka og örugga starfsemi þeirra. Er þetta í samræmi við erlendar fyrirmyndir enda gegna seðlabankar víðast hvar þýðingarmiklu hlutverki í greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfum landa sinna.

Hér á landi eru nú tvenns konar greiðslukerfi sem jafnframt eru uppgjörskerfi, þ.e. stórgreiðslukerfi Seðlabankans og jöfnunarkerfi Fjölgreiðslumiðlunar hf. (FGM). Uppgjör vegna verðbréfaviðskipta fer jafnframt fram í gegnum þessi kerfi. Þátttakendur í kerfunum eru viðskiptabankar, sparisjóðir og Seðlabankinn. Reiknistofa bankanna (RB) sinnir hugbúnaðarþjónustu fyrir öll kerfin en Seðlabankinn hefur milli-göngu um uppgjör í þeim.

#### *Seðlabankinn mótaði stefnu varðandi greiðslukerfi og verðbréfauppgjörskerfi, ...*

Seðlabanki Íslands hefur mikilvægu hlutverki að gegna í því að stuðla að öruggum og skilvirkum greiðslukerfum hér á landi. Sama á við um verðbréfauppgjörskerfi. Greina má þetta hlutverk í eftirfarandi þætti: Mótun stefnu varðandi þróun kerfanna (e. policy-making role), setningu reglna fyrir kerfið (e. regulatory role), stuðning við markaðslaunsir og frumkvæði á þessu sviði (e. catalyst role), rekstur stórgreiðslukerfisins sem og uppgjör í jöfnunarkerfinu og í verðbréfauppgjörskerfinu (e. operational role) og eftirlit með kerfunum í samræmi við alþjóðlega staðla (e. oversight role). Þá á Seðlabankinn fulltrúa í stjórn fyrirtækja sem koma að framkvæmd greiðslu- og uppgjörsmála, þ.e. Reiknistofu bankanna (RB), Fjölgreiðslumiðlunar hf. (FGM) og Eignarhaldsfélagsins Verðbréfaþings hf., þar sem unnið er að framgangi stefnu bankans á þessu sviði.

Seðlabankinn hefur mótað stefnu í þessum málaflokki sem hefur að markmiði að laga íslensku kerfin að alþjóðlegum kröfum. Við þá

stefnumótun hafa einkum verið hafðar í huga niðurstöður úttektar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (IMF) frá árinu 2000 á því hvernig íslensk kerfi uppfylltu alþjóðlegar kröfur í greiðslumiðlun. Kröfur þessar eru annars vegar svonefndar tíu kjarnareglur fyrir kerfislega mikilvæg greiðslukerfi og hins vegar tilmæli CPSS/IOSCO fyrir verðbréfauppgjörskerfi.

Það var mat Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á sínum tíma að einungis þrjár af hinum tíu kjarnareglum væru uppfylltar hér á landi og að bæta mætti verulega ýmis atriði varðandi greiðslumiðlun til þess að uppfylla allar reglurnar. Sérstaklega var bent á að nauðsynlegt væri að koma á áhættustýringu í kerfunum, setja skýrari reglur um starfsemi þeirra, upplýsa þátttakendur um kerfisáhættu, koma á uppgjörstryggingum, þróa viðbúnaðaráætlun og auka gagnsæi í starfsemi kerfanna.

Í ljósi þessara ábendinga var ákveðið að til að byrja með yrði lögð höfuðáhersla á þróun jöfnunarkerfis fyrir greiðslur undir stórgreiðslumörkum. Jafnframt var ákveðið að þegar vinna við þróun þess kerfis yrði komin vel á veg yrði unnið að frekari þróun stórgreiðslukerfisins. Þá var talið nauðsynlegt að huga að uppgjöri vegna verðbréfavíðskipta í kjölfar breytinga á greiðslukerfunum.

#### *... hafði frumkvæði að þróun jöfnunarkerfisins, ...*

Jöfnunarkerfi FGM (JK-kerfið) annast jöfnun uppsafnaðra greiðslufyrirmæla sem eru lægri en 25 m.kr. milli þátttakenda. Uppgjör fer fram á stórgreiðslureikningum þátttakenda í Seðlabankanum. FGM er í eigu víðskiptabanka, greiðslukortafyrirtækja og Seðlabankans.

Seðlabankinn hefur haft frumkvæðið að þróun jöfnunarkerfisins. Árið 2001 samþykkti stjórn FGM tillögur um breytingar á kerfinu í þeim tilgangi að starfsemi þess uppfyllti alþjóðlegar kröfur. Kerfislýsingin var lögð til grundvallar vinnu RB við hönnun hugbúnaðarlausna fyrir kerfið. Stærstum hluta þeirrar vinnu var lokið í desember 2002.

Af hálfu markaðsaðila var ekki talið fært að skerða þjónustu við víðskiptamenn lánastofnana með því að seinka aðgangi þeirra að greiðslum fram til næsta dags eftir að greiðslufyrirmæli eru gefin. Þessi afstaða mótaði þær leiðir sem lagðar voru til í kerfislýsingunni. Ljóst var að koma þyrfti á kerfi sem (a) sýndi í rauntíma skuldastöður (þ.e. jöfnunarstöður) milli þátttakenda, (b) setti hámark á þær stöður, (c) gerði kröfur um vöktun þátttakenda á stöðunum og viðbrögð þeirra ef staða væri að ná hámarki, og (d) gerði kröfur um tryggingar vegna uppgjors á jöfnunarstöðum.

Rauntímajöfnunarstöður milli þátttakenda í kerfinu verða þannig gerðar sýnilegar svo að þeir geti fylgst með og stýrt áhættu vegna greiðslumiðlunarinnar. Víðskiptamenn munu áfram hafa aðgang að peningum sem lagðir eru inn á reikninga um leið og innborganir fara fram. Þegar reynsla verður komin á kerfið munu þátttakendur semja um gagnkvæmar heimildir vegna innbyrðis jöfnunarstöðu og leggja fram tryggingar fyrir uppgjöri á hæstu, einstakri heimild. Undir lok ársins 2002 var

gerð áætlun um fjárhæð trygginga í kerfinu og lögðu þátttakendur fram þær tryggingar gagnvart Seðlabankanum 1. janúar 2003. Jafnframt verður komið á kerfi þar sem þátttakendur geta lagt laust fé inn á sérstaka reikninga til þess að mæta tímabundnu ójafnvægi í innbyrðis greiðslustöðu.

Meðal verkefna sem varða jöfnunarkerfið og vinna þarf á árinu 2003 er að ljúka þróun hugbúnaðar fyrir kerfið, setja reglur um kerfið, fá viðurkenningu á kerfinu í samræmi við lög nr. 90/1999, þróa upplýsingakerfi um greiðslustöðu og endurmeta uppgjörstryggingar.

#### *... kom á áhættustýringu í stórgreiðslukerfinu, ...*

Stórgreiðslukerfi Seðlabanka Íslands var tekið í notkun í desember 2000. Kerfið gerir endanlega upp einstök greiðslufyrirmæli að fjárhæð 25 m.kr. eða hærri um leið og innstæða á reikningi greiðanda leyfir, þ.e. um er að ræða brúttóuppgjör í rauntíma (e. real-time gross settlement system). Stórgreiðslukerfið færir þannig greiðslufyrirmæli yfir stórgreiðslumörkum beint á viðskiptareikninga þátttakenda í Seðlabankanum eða af þeim.

Hlutverk stórgreiðslukerfisins er þrjúþætt: Í fyrsta lagi notar Seðlabankinn kerfið við framkvæmd peningastefnunnar, í öðru lagi er það notað í viðskiptum lánastofnana við Seðlabankann og í þriðja lagi í innbyrðis stórgreiðsluviðskiptum lánastofnana. Öryggi og virkni stórgreiðslukerfisins eru því forsendur þess að Seðlabankinn nái markmiðum sínum bæði að því er varðar verðlagsstöðugleika og fjármálastöðugleika. Það leiðir því af þessu að Seðlabankanum er falin ábyrgð á rekstri stórgreiðslukerfisins og ber honum því að efla öryggi þess, skilvirkni og sjálfstæði. Er þetta í samræmi við erlenda framkvæmd.

Á árinu 2002 lagði Seðlabankinn höfuðáherslu á að efla áhættugreiningu fyrir stórgreiðslukerfið. Unnin voru yfirlit yfir lægstu stöðu innan dags hjá hverjum þátttakanda í kerfinu frá miðju ári 2002. Í október voru haldnir fundir með öllum þátttakendum þar sem niðurstöður greiningarinnar voru kynntar auk þess sem Seðlabankinn kynnti stefnu sína varðandi áhættustjórnun í kerfinu. Gerir hún m.a. ráð fyrir virkri vöktun á stöðu hvers þátttakanda innan dags, samningum um uppgjörstryggingar og betri aðgangi að fjármögnun innan afgangstíma kerfisins. Í desember voru aftur haldnir fundir til þess að meta niðurstöðu greiningarinnar og ákvarða fjárhæð uppgjörstryggingar hvers þátttakanda. Í kjölfarið náðust samningar við alla þátttakendur um uppgjörstryggingar, annaðhvort í formi bindifjár á sérstökum, lokuðum reikningi eða í formi veðsetningarhæfra verðbréfa. Samfara væntanlegum breytingum á bindihlutföllum og bindigrunni má gera ráð fyrir að eingöngu verði hægt að nota verðbréf sem andlag uppgjörstrygginga.


Samningarnir kveða á um heimildir og uppgjörstryggingar í greiðslukerfum (stórgreiðslukerfinu og jöfnunarkerfinu). Þeir byggjast á reglum Seðlabankans um greiðslukerfi, reglum um bindiskyldu og reglum um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabankann. Hugtakið heimild merkir í samningunum heimild lánastofnunar til að mæta, upp

að tilteknu hámarki, sveiflum innan dags í neikvæðri stöðu á uppgjörstreikningi fram til þess tíma er reikningurinn er gerður upp og skuldastöðu eytt í lok hvers viðskiptadags. Viðkomandi lánastofnun skuldbindur sig til þess að leggja ávallt fram nægar tryggingar fyrir greiðslustöðu í greiðslukerfunum og til þess að fara ekki út fyrir greiðslustöðu sem samræmist heimildinni. Seðlabankinn getur synjað móttöku greiðslufyrirmæla sem myndu leiða til þess að lánastofnun færi út fyrir heimildina. Lánastofnun getur óskað eftir breytingu á heimildum gegn því skilyrði að tryggingar verði í samræmi við hina breyttu fjárhæð heimildarinnar. Við vanefnd lánastofnunarinnar á uppgjörskuldbindingum getur Seðlabankinn ráðstafað innstæðunni á sérstaka bindireikningnum eða innleyst veðsett verðbréf án fyrirvara eða tilkynningar til lúkningar uppgjör í greiðslukerfunum.

Telja verður að með framangreindum samningum hafi verið stigið stórt skref í þá átt að færa tilhögun á viðskiptum lánastofnana við Seðlabankann til samræmis við það sem best gerist erlendis. Liðin er sú tíð að Seðlabankinn ábyrgist sjálfkrafa uppgjör í stórgreiðslukerfinu.

Til þess að lánastofnanir og Seðlabankinn geti fylgst með greiðslustöðu, uppgjörstryggingum og heimildum í stórgreiðslukerfinu voru á árinu 2002 kynntar tillögur um þróun upplýsingakerfis sem veitir yfirlit yfir öll viðskipti hvers lánastofnunar við Seðlabankann. Áætlað er að hefja vinnu við þróun kerfisins á árinu 2003. Slíkt kerfi væri til þess fallið að veita mikilvægar upplýsingar varðandi mat á lausafjárstöðu lánastofnana og fjármálastöðugleika. Auk þessa verður unnið að því á árinu 2003 að endurskoða reglur um kerfið, auka sjálfstæði þess, endurmeta uppgjörstryggingar, stytta afgreiðslutíma þess og lækka stórgreiðslumörkin.

Af hálfu Seðlabankans hafa verið kynntar fyrir Fjármálaeftirlitinu hugmyndir um tilhögun eftirlits með greiðslukerfum. Var þar gert ráð fyr-



ir að í reglum Seðlabankans um greiðslukerfi yrði kveðið svo á að Fjármálaeftirlitið hefði eftirlit með framkvæmd þátttakenda á reglum kerfisins. Jafnframt voru kynnt drög að viðbúnaðaráætlun vegna greiðslukerfa.

Á mynd hér að framan má sjá veltu í stórgreiðslukerfinu frá júní til og með desember 2002. Heildarvelta í kerfinu, þ.e. innborganir og útborganir, í hverjum mánuði var að meðaltali um 1.370 ma.kr. á þessu tímabili. Dagleg velta í kerfinu var að meðaltali um 66 ma.kr.

#### *... kynnti tillögur um þróun verðbréfauppgjörskerfisins, ...*

Í flestum ríkjum hafa seðlabankar það hlutverk að efla þróun áreiðanlegra og skilvirkra verðbréfauppgjörskerfa. Íslenska verðbréfauppgjörskerfið gegnir lykilhlutverki fyrir verðbréfamarkaðinn, fjármálakerfið og fjármálastöðugleika hér á landi. Seðlabankinn notar einnig uppgjörskerfið í viðskiptum sínum með verðbréf og er kerfið því sem slíkt mikilvægt fyrir framkvæmd peningastefnunnar. Vera kann að bregðast þurfi við skyndilegum atvikum er varða stefnuna í peningamálum og reynir þá á að fyrir hendi sé áreiðanlegt verðbréfauppgjörskerfi.

Íslenska verðbréfauppgjörskerfið er rekið á grundvelli samkomulags um samskipti Seðlabanka Íslands, Verðbréfaskráningar Íslands hf. og Kauphallar Íslands hf. Kerfið nær til allra stofnanapátta uppgjörferlisins, þ.e. staðfestingar viðskipta, ákvörðunar réttinda og skyldna, uppgjör og vistunar. Uppgjörið nær bæði til afhendingar verðbréfa og frágangs greiðslu milli kaupanda og seljanda. Eftirfarandi stofnanir skipta með sér verkum og annast einstaka þætti uppgjörskerfisins: (a) Kauphöllin staðfestir skilmála verðbréfaviðskiptanna (e. confirmation), (b) Verðbréfaskráning vinnur úr og skráir réttindi og skyldur markaðsaðila í tengslum við skipti á verðbréfum og peningum (e. clearing) og annast rafræna afhendingu verðbréfanna (e. delivery), (c) Seðlabankinn annast millifærslu og uppgjör greiðslufyrirmæla frá Verðbréfaskráningu aðallega í gegnum stórgreiðslukerfi sitt (e. payment) og (d) Verðbréfaskráning annast vistun/vörslu verðbréfanna (e. custody/safekeeping).



Af hálfu Seðlabankans voru á árinu 2002 kynntar tillögur um þróun verðbréfauppgjörskerfisins. Meðal þess sem lagt var til var að skýra reglur um kerfið, koma á áhættustýringu, flýta sendingu greiðslufyrirmæla Verðbréfaskráningar Íslands hf. til Seðlabankans og framkvæma sérstaka jöfnun þeirra þannig að tilkynna megi lánastofnunum um stöðu þeirra úr verðbréfaviðskiptum og undirbúa uppgjör morguninn eftir.

#### *... kom að umræðum um uppgjör verðbréfa í erlendum gjaldmiðlum ...*

Í kjölfar breytinga á hlutafélagalögum á árinu 2002 komu fram óskir um uppgjör verðbréfa í erlendum gjaldmiðlum. Seðlabankinn hefur tekið þátt í vinnu við könnun á möguleikum þess að þróa uppgjörskerfi fyrir verðbréf í erlendum gjaldmiðlum í samstarfi við Verðbréfaskráningu, Kauphöllina og viðskiptabanka.

Verðbréfauppgjör í öðrum gjaldmiðlum en heimalands heyrir til algerra undantekninga og fer þá jafnan fram án þess að seðlabanki í





viðkomandi ríki komi að rekstri þess. Óljóst er hvort og þá hvernig farið verður í að koma á uppgjörskerfi fyrir verðbréf í erlendum gjaldmiðlum hér á landi. Vera má að leitað verði leiða til að þróa kerfi hér á landi sem að öllu leyti yrði rekið á vegum viðskiptabankanna. Ljóst er að slíkt kerfi hefði í för með sér nýjar tegundir áhættu í uppgjörinu. Því er nauðsynlegt að gera nákvæma greiningu á þörfinni fyrir slíkt kerfi, kostnaði við smíði þess, vinnunni við rekstur þess og, umfram allt, þeirri áhættu sem slíku kerfi væri samfara.

#### ... og tók þátt í vinnu við þróun sameiginlegs greiðslusvæðis í Evrópu

Í samræmi við EES-samninginn hefur Ísland skuldbundið sig til þess að koma á frelsi í flutningi fjármagns og greiðslna innan EES. Greiðslukerfi einstakra ríkja hafa hins vegar verið þróuð með mismunandi hætti í einstökum ríkjum og því erfitt og kostnaðarsamt að greiða fyrir vöru og þjónustu yfir landamæri. Með tilkomu innri markaðarins og evrunnar hefur Evrópusambandið lagt á það áherslu að þróa sameiginlegt greiðslusvæði í Evrópu til hagsbóta fyrir neytendur og fyrirtæki. Framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu hafa beitt sér fyrir samræmingu lagalegra og tæknilegra atriða á þessu sviði.

EFTA-ríkin hafa litið svo á að það leiði af EES-samningnum að þau taki þátt í samstarfi um þróun sameiginlegs greiðslusvæðis í Evrópu og að það nái til alls EES. Ísland hefur átt samstarf við framkvæmdastjórn ESB í þessu skyni. Ísland hefur hins vegar átt afar takmarkaða möguleika á þátttöku í þeirri mikilvægu vinnu sem fer fram á vegum Seðlabanka Evrópu og evrópskra lánastofnana á þessu sviði.

Á árinu 2002 áttu Seðlabanki Íslands og Seðlabanki Noregs (Norges Bank) viðræður við Seðlabanka Evrópu um aukið samstarf að því er varðar greiðslu- og verðbréfauppgjörskerfi í Evrópu. Samkomulag náðist um að koma á formlegu samstarfi seðlabankanna með það að markmiði að tryggja íslenskum og norskum lánastofnunum sambærileg skilyrði að því er varðar þátttöku í samevrópskum greiðslukerfum sem verið er að þróa um þessar mundir.

#### Peningar í umferð og uppfærsla 5.000 kr. seðilsins ...

Seðlar og mynt í umferð utan Seðlabankans og innlánsstofnana námu 7.666 m.kr. í árslok 2002. Aukning á árinu var 3,5% en árið 2001 var hún 3,6%. Peningar í umferð sem hlutfall af vergrí landsframleiðslu drógust saman á árinu 2002 og hefur hlutfallið lækkað þrjú ár í röð. Þessa þróun má skýra m.a. með breytingum í greiðslumiðlun og aukinni notkun annarra greiðslumiðla.

Seðlabanki Íslands hefur einkarétt á því að gefa út gjaldmiðil Íslands. Lög um Seðlabankann leggja m.a. þær kvaðir á bankann að hann eigi nægjanlega mikið magn af seðlum og mynt í geymslum sínum. Bankinn leggur mikla áherslu á að viðhalda trúverðugleika íslenskra peninga, m.a. með öryggisþáttum í seðlum og reglulegri greiningu seðla. Markmiðið með öryggisþáttum er að auðvelda bankanum og öllum öðrum að greina á milli falsaðra og ófalsaðra seðla og gera falsanir

erfiðari. Peningafals er ekki alvarlegt vandamál hér á landi, en þó koma ætíð nokkur mál til skoðunar á ári hverju. Í seðlagreiningardeild bankans eru að jafnaði greindar um 20 milljónir seðla árlega. Að meðaltali fer því hver seðill sem er í umferð nokkrum sinnum á ári í gegnum greiningarvélar deildarinnar. Í vélunum eru skynjarar sem leita að fölsuðum seðlum með því að lesa véllesanlega þætti þeirra.

Þeir peningaseðlar sem nú eru í notkun hér á landi voru settir í umferð á árunum 1981-1995 en síðan hafa orðið umtalsverðar framfarir í hönnun seðla. Seðlabanki Íslands lagði til við forsætisráðherra að 5.000 króna seðilinn yrði uppfærður með nýjum öryggisþáttum og smávægilegum útlitsbreytingum. Forsætisráðherra féllst á tillögu bankans í desember 2002. Unnið er að gerð peningaseðilsins og undirbúningi kynningar hans. Væntanlega verður endurbættur 5.000 kr. seðill settur í umferð fyrir lok ársins 2003.

#### ... og aurar innkallaðir


Í septembermánuði 2002 undirritaði forsætisráðherra að fenginni tillögu Seðlabanka Íslands tvær reglugerðir sem varða greiðslumiðlun og gjaldmiðil Íslands. Annars vegar er um að ræða reglugerð um að heildarfjárhæð sérhvern kröfu eða reiknings skuli greind og greidd með heilli krónu og hins vegar reglugerð um innköllun þriggja mynstærða (aura). Samkvæmt fyrri reglugerðinni verður engum skylt að inna af hendi greiðslu í aurum frá og með 1. október 2003. Eftir sem áður verður heimilt að nota brot úr krónu í útreikningi verðs, en lægri fjárhæð en 0,5 krónum skal þá sleppt og 0,5 krónur eða hærri fjárhæð hækkuð í eina krónu. Samkvæmt síðari reglugerðinni skal fimm, tíu og fimmtíu aura mynt innkölluð. Bankar og sparisjóðir verða skyldugir til að taka við aurum og láta í staðinn krónur fram til 1. október 2003. Til þess tíma verða aurar áfram lögmætur gjaldmiðill, en ekki lengur. Seðlabanki Íslands mun þó innleysa aura til 1. október 2004.

#### Samdráttur í veltu kreditkorta


Velta kreditkorta dróst saman um 0,5% á árinu 2002 sem einkum skýrist af tæplega 2 ma.kr. samdrætti í veltu erlendis. Samtals nam velta kreditkorta um 139 ma.kr. á árinu samanborið við 140 ma.kr. árið 2001 en fjöldi kreditkortafærslna breyttist lítið.

Heildarvelta debetkorta jókst hins vegar um 5,1%, úr 317 ma.kr. árið 2001 í 333 ma.kr. og jafnframt fjölgaði debetkortafærslum úr 41 milljón í tæplega 45 milljónir. Tékkafærslum fækkaði um 22% á árinu, úr 3,5 milljónum í 2,7 milljónir, og heildarvelta tékka minnkaði um 16,8% og nam um 388 ma.kr. samanborið við 466 ma.kr. árið 2001.

### Seðlagreining Sí



### Heildarvelta



## Endurskoðun á reglum Seðlabanka Íslands

Á árinu 2002 voru sniðnir vissir agnúar af eldri reglum og þær færðar til betra horfs. Einnig var skýrslum sem skila þarf vegna reglna um lausafjórhlutfall og gjaldeyrisjöfnuð breytt til að auka upplýsingagildi þeirra. Hér að neðan er fjallað um helstu breytingar sem gerðar voru á reglum um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands, reglum um bindiskyldu, reglum um gjaldeyrisjöfnuð og reglum um lausafjórhlutfall. Einnig er greint frá helstu atriðum í nýjum reglum um beitingu viðurlaga í formi dagsekta.

*Reglur um viðskipti bindiskyldra lánastofnana við Seðlabanka Íslands*  
Almennri vaxtareglu var breytt í raun/360 en hafði verið 30/360 nema vegna yfirdráttarviðskipta og daglána. Einnig var smíðaður sérstakur rammi í nýju reglunum utan um þau skuldabréf sem hæf voru í endurhverfum viðskiptum við Seðlabanka Íslands.

### *Reglur um bindiskyldu*

Þar sem dagareglu í viðskiptum Seðlabankans var breytt er innstæða á bindireikningi reiknuð sem meðaltal af raunverulegum fjölda daga í binditímabilinu en ekki sem 30 daga meðaltal eins og var í eldri reglum. Bindifjórhæðin er samkvæmt nýju reglunum reiknuð af meðalstöðu ráðstöfunarfjár við lok síðustu tveggja mánaða í stað síðasta mánaðar.

Samkvæmt nýju reglunum er bindiskyldum lánastofnunum boðið upp á að hluti af innstæðum á bindireikningi verði notaður sem trygging í fjölgreiðslukerfinu.

### *Reglur um gjaldeyrisjöfnuð*

Í eldri reglum var eingöngu heimilt að jöfnuður í Bandaríkjadal væri jákvæður eða neikvæður um 20%. Samkvæmt nýju reglunum gildir þetta einnig um jöfnuð í evrum.

### *Reglur um lausafjórhlutfall*

Bætt var við nokkrum liðum í lausafjárskýrsluna til að fá betri mynd af skiptingu lausafjárstöðunnar í innlenda og erlenda stöðu. Einnig var reglunum breytt á þann veg að meira tillit var tekið til stöðu utan efnahags.

### *Reglur um beitingu viðurlaga í formi dagsekta*

Settar voru með gildistöku 1. júlí 2002 reglur um beitingu viðurlaga í formi dagsekta að fengnu samþykki og staðfestingu bankaráðs. Reglurnar voru settar með vísan til 2. og 3. mgr. 37. gr. laga nr. 36/2001, um Seðlabanka Íslands, og leystu af hólmi eldri reglur um hliðstætt efni í reglugerð bankans frá 1986.

Reglunum skal beitt hlíti lánastofnun eða verðbréfasjóður ekki reglum bankans um bindiskyldu, lausafjórhlutföll og gjaldeyrisjöfnuð.

Dagsektir samkvæmt reglum eru frá tíu þúsund krónum til einnar milljónar króna á dag og er heimilt að beita þeim vegna tafa eða vanrækslu á að skila skýrslum til Seðlabankans og veita upplýsingar sem bankinn á rétt á. Jafnframt er þeim beitt séu bankanum veittar vísitandi rangar upplýsingar eða komi í ljós við úrvinnslu gagna að efni þeirra er ófullnægjandi.

Í reglunum er gert ráð fyrir að bankastjórn Seðlabankans leggi á dagsektir með sérstakri ákvörðun í hverju tilviki. Við ákvörðun fjárhæða dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu eða brots og fjárhagslegs styrks, svo sem heildareigna hlutaðeigandi. Aðila sem ákvörðun um dagsektir beinist að skal veittur sjö daga frestur til að koma að skriflegum andmælum. Heimilt er að kæra ákvörðun bankans til forsætisráðherra innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um álagningu dagsekta.

Innheimt viðurlög samkvæmt reglunum skulu renna að þremur fjórðu hlutum til ríkissjóðs.

# III

## ÝMSIR ÞÆTTIR Í STARFSEMI SEÐLABANKA ÍSLANDS

### ALÞJÓÐLEG SAMSKIPTI SEÐLABANKA ÍSLANDS

Seðlabanki Íslands gegnir veigamiklum skyldum á alþjóðlegum fjármálavettvangi. Bankinn hefur náð samráð við aðra seðlabanka og fjölþjóðlegar stofnanir á sviði efnahags- og peningamála. Vegna verk efna bankans í tengslum við erlend lánamál ríkissjóðs og vörslu gjald eyrisforðans á hann samskipti við fjölda fjármálastofnana víða um heim.

#### *Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn*

Seðlabanki Íslands er fjárhagslegur aðili að Alþjóðagjaldeyrissjóðnum fyrir hönd íslenska ríkisins. Birgir Ísleifur Gunnarsson seðlabankastjóri var fulltrúi Íslands í sjóðráði Alþjóðagjaldeyrissjóðsins á árinu og Ólafur Davíðsson ráðuneytisstjóri í forsætisráðuneytinu var varafulltrúi. Ísland starfar með Norðurlöndunum og Eystrasaltslöndunum á vettvangi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og myndar kjördæmi með þeim. Sameiginlega kjósa þessi lönd einn fastafulltrúa í framkvæmdastjórn sjóðsins sem í sitja alls 24 fulltrúar. Í ársbyrjun 2002 tók Ísland við forystu í kjördæmi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Því fylgir að Geir H. Haarde fjármálaráðherra tók sæti í fjárhagsnefnd Alþjóðagjaldeyrissjóðsins<sup>1</sup> sem fulltrúi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja. Fjárhagsnefndin er sjóðráði til ráðuneytis. Ingimundur Friðriksson, settur bankastjóri, varð formaður fjárhagsnefndar Norðurlandanna og Eystrasaltslandanna.<sup>2</sup> Fjárhagsnefnd Norðurlanda og Eystrasaltslanda hefur það hlutverk að samræma og stjórna samstarfinu innan kjördæmisins. Sérstök fulltrúanefnd fjallar um ýmis sameiginleg málefni kjördæmisins. Fastafulltrúi kjördæmisins í framkvæmdastjórn sjóðsins í Washington á árinu var Ólafur Ísleifsson, framkvæmdastjóri alþjóðasviðs Seðlabanka Íslands og varafulltrúi Benny Andersen frá Danmörku. Forystuhlutverki Íslands í kjördæminu tilheyrir að annast samræmingu á afstöðu kjördæmisins til helstu mála sem til umfjöllunar koma í framkvæmdastjórn sjóðsins hverju sinni og

1. e. International Monetary and Financial Committee.

2. e. Nordic-Baltic Monetary and Financial Committee.

er það viðfangsefni í höndum Seðlabankans. Fyrir fundi framkvæmdastjórnar eru sjónarmið kjördæmisins í mikilvægum málum samræmd á vettvangi seðlabanka og fjármála- eða efnahagsráðuneyta Norðurlanda og Eyrstrasaltsríkja.

Í aðdraganda funda fjárhagsnefndar sjóðsins eru haldnir varafulltrúafundir<sup>3</sup> þar sem rædd eru ýmis megindagskrárefni væntanlegs fundar fjárhagsnefndarinnar. Vor- og haustfundir fjárhagsnefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins voru haldnir í Washington. Á þeim var meðal annars fjallað um ástand og horfur í efnahagsmálum heimsins, ekki síst hvernig bregðast mætti við áframhaldandi versnandi efnahagshorfum á árinu. Þá var fjallað um leiðir til að koma í veg fyrir og leysa fjármálakreppu. Jafnframt var rætt um eftirlitshlutverk sjóðsins, fjármálastöðugleika, framkvæmd áætlunar um skuldaeftirgjöf fátækra landa, lánastarfsemi sjóðsins og aðstoð við Tyrkland, Argentínu og Brasilíu. Umfjöllun um mikilvægi stjórnfestu og gagnsæis var einnig áberandi á fundum fjárhagsnefndarinnar.

Sendinefnd frá sjóðnum átti reglubundnar viðræður við fulltrúa íslenskra stjórnvalda um efnahagsmál í mars 2002. Skýrsla sendinefndarinnar var rædd í framkvæmdastjórn sjóðsins í júní 2002 og í kjölfar þess gefin út á heimasíðu sjóðsins. Sendinefndin vakti athygli á því að á síðasta áratug hafi vöxtur í íslenska hagkerfinu verið eftirtektarverður en framleiðsla jókst um 38% á árabílinu 1992-2001, og því að landsframleiðsla á mann væri með því hæsta sem þekktist í OECD-ríkjunum. Talið var að þessa frammistöðu mætti að miklu leyti þakka stefnu stjórnvalda í eflingu markaðsbúskapar, hagræðingu í opinberum rekstri, einkavæðingu og öðrum umbótum sem hafa stuðlað að auknu frumkvæði einstaklinga, fjárfestingu og hagvexti.

Aðildarríki Alþjóðagjaldeyrissjóðsins eru nú 184 að tölu. Tvö ný aðildarríki hafa bæst við frá árinu 2001, Júgóslavía og Austur-Tímor. Á árinu 2002 varð talsverður samdráttur í hagvexti ýmissa aðildarlanda sjóðsins og markaði það umræður innan sjóðsins og aðgerðir hans á árinu á sviði efnahagsaðstoðar og ráðgjafar. Efnahagshorfur í Rómönsku Ameríku héldu áfram að versna og leiddi það meðal annars til þess að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn lánaði Úrúgvæ og Brasilíu umtalsvert fjármagn. Einnig hefur argentínskt efnahagskerfi átt við mikla erfiðleika að etja og enn sér ekki fyrir endann á þeim. Á liðnu ári voru ýmis stefnumál sjóðsins endurskoðuð, s.s. viðmiðunarreglur varðandi eftirlitshlutverk og skilyrði fyrir lánveitingum hans.<sup>4</sup> Innri gæða- og matsstofnun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins<sup>5</sup> gaf út sína fyrstu skýrslu á árinu en þessari stofnun var komið á laggirnar árið 2001. Í skýrslunni var fjallað um þau aðildarríki sjóðsins sem ítrekað hafa þurft að njóta aðstoðar og mögulegar leiðir til úrbóta. Tólfstu kvótaendurskoðun sjóðsins lauk undir lok ársins og var samþykkt að kvótinn yrði ekki aukinn í þetta

3. e. IMFC Deputies meetings.

4. e. Guidelines on Surveillance and Conditionality.

5. e. Independent Evaluation Office.

sinn, þar sem Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn væri vel fjármagnaður og gæti staðið við skuldbindingar sínar. Á árinu lagði sjóðurinn mikla vinnu í að þróa sameiginlegan vettvang þar sem ríkjum verður gert kleift að semja um skuldir sínar.<sup>6</sup> Enn er þó óljóst hvort hægt verður að koma þessum hugmyndum í framkvæmd.

#### *Alþjóðagreiðslubankinn í Basel*

Seðlabanki Íslands er hluthafi í Alþjóðagreiðslubankanum í Basel, Bank for International Settlements (BIS). Bankinn er mikilvægur samráðs-vettvangur seðlabanka víða um heim auk þess að vera upplýsinga- og rannsóknastofnun á sviði hagfræði og ekki síst peningamála. Undanfarið ár hefur bankinn í vaxandi mæli beint athyglinni að eftirliti með starfsemi fjármálastofnana og fjárhagslegu öryggi þeirra. Fulltrúar Seðlabanka Íslands taka þátt í ýmsum fundum á vegum BIS.

#### *Samstarf við aðra seðlabanka*

Samstarf norrænna seðlabanka er umfangsmikið á mörgum sviðum. Bankastjórar norrænu seðlabankanna halda árlegan fund þar sem fjallað er um ýmsar hliðar peningamála. Þá eiga sérfræðingar bankanna á mörgum sviðum með sér náð samstarf og skiptast á upplýsingum, m.a. um ávöxtun gjaldeyrisforða, markaðsviðskipti, lögfræðileg efni, hagrannsóknir, peningamál almennt, fjármálastöðugleika, starfsmannamál, upplýsingamiðlun o.fl. Norrænu seðlabankarnir skiptast einnig á starfsmönnum á hverju ári.

Seðlabankinn á einnig náð samstarf við ýmsa aðra seðlabanka, þar á meðal Seðlabanka Evrópu. Formaður bankastjórnar Seðlabanka Íslands á reglulega fundi með bankastjóra Seðlabanka Evrópu og fulltrúar Seðlabankans hafa átt fundi með sérfræðingum hans um ýmislegt sem varðar mótun og framkvæmd peningastefnu.

#### *OECD*

Starfsmenn Seðlabanka Íslands taka reglulega þátt í starfi ýmissa nefnda á vettvangi OECD. Meðal þeirra eru efnahagsstefnunefndin og undirnefnd hennar, fjármagnsmarkaðanefndin og sérfræðinganefnd um lánamál opinberra aðila. Sérfræðingar OECD koma reglulega til Íslands til viðræðna við fulltrúa stjórnvalda um framvindu efnahagsmála en hliðstæðar viðræður fara fram við öll aðildarríki OECD. Í kjölfar viðræðnanna eru gefnar út skýrslur sem lýsa mati stofnunarinnar á efnahagsaðstæðum.

#### *Aðrar fjármálastofnanir*

Í tengslum við vörslu gjaldeyrisforðans, umsjón með erlendum lánamálum ríkissjóðs og önnur viðfangsefni á bankinn samstarf við fjölmargar erlendar fjármálastofnanir víða um heim.

---

6. e. Sovereign Debt Restructuring Mechanism, SDRM.

## VARSLA OG ÁVÖXTUN GJALDEYRISFORÐANS

Í lögum um Seðlabanka Íslands segir að hlutverk hans sé m.a. að varðveita gjaldeyrisvarasjóð. Í gjaldeyrisforða eru eignir Seðlabankans í erlendum verðbréfum, innstæður í erlendum bönkum, gull, sérstök dráttarréttindi og gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Með sérstökum dráttarréttindum er átt við eign Seðlabankans hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í reikningseiningunni SDR. Skilyrðið um trygga ávöxtun forðans leiðir til þess að skýrar kröfur eru gerðar til stofnana sem bankinn skiptir við og verðbréfa sem bankinn kaupir. Fé er fest á reikningum í erlendum bönkum og í skuldabréfum skráðum í kauphöllum og gefnum út af aðilum innan aðildarríkja Efnahags- og framfarastofnunarinnar í París, OECD. Útgefendur geta verið ríki og sveitarfélög, ríkisstofnanir, fjölþjóðastofnanir, bankar, fjármálastofnanir og fyrirtæki. Seðlabankinn fylgir þeirri stefnu að fjárfestingarkostir skuli fullnægja lágmarkskröfum um láns hæfi. Skal láns hæfiseinkunn langtímabréfa vera að lágmarki í A-flokki að mati viðurkenndra matsfyrirtækja. Skammtímabréf skulu hafa að lágmarki láns hæfiseinkunnina A-1 eða P-1 að mati sömu aðila. Sömu láns hæfiskröfur gilda um stofnanir sem ávaxta innstæður bankans.

Samkvæmt lögum um Seðlabanka Íslands setur bankastjórn starfsreglur um varðveislu gjaldeyrisvarasjóðsins sem bankaráð staðfestir. Þorri forðans er samkvæmt bankastjórnarsamþykkt bundinn í skuldabréfum með lengri líftíma en eitt ár en hluti hans skal vera á óbundnum bankareikningum. Meðalbínditími verðbréfa í gjaldeyrisforða skal ekki vera lengri en 5 ár. Gulleign bankans nam rúmlega 62 þúsund únsum í lok ársins 2002. Gullið er varðveitt í Englandsbanka og er leigt út gegn leigutekjum í gulli.


Seðlabanki Íslands hefur gert samninga um fyrirvaralausan aðgang að lánum við allmarga erlenda banka. Seðlabankinn notar þessa samninga til að styrkja gjaldeyrisforðann þegar þörf krefur. Í árslok 2002 námu samningsbundnar lánsheimildir bankans fjárhæð sem svarar til um 59 milljarða króna. Í febrúar var undirritaður nýr slíkur samningur við Union Bank of Norway um lánsheimild að fjárhæð 200 m. Bandaríkjadala til 5 ára. Auk þessa hefur Seðlabankinn ósamningsbundinn aðgang að lánsfé í fjölmörgum erlendum fjármálastofnunum.

Með gjaldeyrisjöfnuði er átt við gengisbundnar eignir Seðlabankans að frádregnum gengisbundnum skuldum. Leitast er við að haga gjaldmiðlaskiptingu þannig að gjaldeyrisáhætta sé sem minnst. Í samsetningu gjaldeyrisjafnaðar vega þýngst Bandaríkjadalur og evra, þá sterlingspund og japanskt jen en eign í öðrum myntum er haldið í lágmarki.

## ERLEND LÁNAMÁL RÍKISSJÓÐS

Í september á árinu 2001 var undirritaður nýr samningur milli fjármálaráðherra og Seðlabanka Íslands um framkvæmd erlendra lánamála og önnur tiltekin verkefni í samræmi við heimild í lögum nr. 43/1990

Erlendar skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu í lok árs





um Lánasýslu ríkisins. Í samningnum er meðal annars fjallað um erlendar lántökur ríkissjóðs og er Seðlabankanum falin framkvæmd ákvarðana fjármálaráðherra um erlendar lántökur, vaxta- og gjaldmiðlaskipti erlendis og rekstur erlendra skammtímalána, svo og meðferð annarra erlendra lána sem tekin eru af ríkissjóði. Í samningnum er Seðlabankanum jafnframt falin ráðgjöf við mótun lántökustefnu og lánastýringu og að annast tengsl við erlend matsfyrirtæki. Bankanum er falið að hafa eftirlit með lánskjörum aðila sem njóta ríkisábyrgðar og hyggjast taka lán erlendis. Bankinn hefur umsjón með bókhaldi erlendra lána ríkissjóðs og þjónustu því samfara. Samningur fjármálaráðherra og bankans var síðast endurnýjaður 9. apríl 1997.

Markmið Seðlabankans við framkvæmd erlendra lánamála ríkissjóðs er að treysta nafn íslenska ríkisins á alþjóðlegum lánamörkuðum, afla ríkissjóði erlends lánsfjár á bestu fáanlegu kjörum og stýra áhættu lánasafnsins.

#### Lántökur erlendis

Öflun erlends lánsfjár fyrir ríkissjóð fer nú einkum fram á tvennan hátt: Langtímalána er aflað með skuldabréfaútgáfu sem fer fram á grundvelli útgáfusamnings um skuldabréf á Evrópumarkaði, svokallaðs MTN-samnings (Medium Term Note Programme) sem fyrst var undirritaður á árinu 2001.

Skammtímalána er aflað á grundvelli samnings um víxlaútgáfu annaðhvort á Evrópumarkaði eða á Bandaríkjamarkaði. Hér er annars vegar um að ræða svonefndan ECP-samning (Euro Commercial Paper Programme) sem fyrst var undirritaður á árinu 1985 og hins vegar USCP-samning (United States Commercial Paper Programme) sem var undirritaður á árinu 2001.


#### Bankalán ríkissjóðs

Ríkissjóður hefur til ráðstöfunar samningsbundinn aðgang að lánsfé á grundvelli 5 ára samnings um viðbúnaðarlán að fjárhæð 250 milljónir Bandaríkjadala frá árinu 2000. Hér er um að ræða fjölbankalán frá árinu 2000 undir forystu Citibank. Ríkissjóður hefur einnig aðgang að lánsfé með samningi við Norræna fjárfestingarbankann frá árinu 1997.

#### Samningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði

Útgáfusamningur um skuldabréfaútgáfu á Evrópumarkaði, svonefndur MTN-samningur var fyrst undirritaður í mars á árinu 2001 og var hámarksfjárhæð hans einn milljarður Bandaríkjadala. Samningurinn var endurnýjaður í maí og var hámarksfjárhæð þá hækkuð í 1,5 milljarða Bandaríkjadala. Útistandandi fjárhæð skuldabréfa sem gefin hafa verið út á grundvelli samningsins nam um áramótin tæpum milljarði Bandaríkjadala. Samningurinn tryggir ríkissjóði aðgang að helstu lánamörkuðum og gefur jafnframt færi á sveigjanleika við lánsfjáröflun og sparar útgáfukostnað. Á grundvelli hans eru mögulegar bæði opinberar útgáfur og einkaútgáfur.

Afborganir af erlendum langtímalánum ríkissjóðs



### Endurfjármögnun á erlendum langtímalánum ríkissjóðs

Í byrjun árs 2002 var á gjalddaga 10 ára skuldabréfaútgáfa ríkissjóðs frá árinu 1992 sem bar 8,5% vexti. Fjárhæð útgáfunnar var 225 milljónir þýskra marka, sem þá jafngilti rúmlega 10 milljörðum króna. Lánið var í fyrstu endurfjármagnað með útgáfu ECP-víxla í evrum. Hinn 26. mars voru gefin út skuldabréf að fjárhæð 250 milljónir evra á grundvelli MTN-samningsins. Lánsfjárhæðin, sem jafngilti um 21,9 milljörðum íslenskra króna gekk þá til lækkunar á stöðu útistandandi víxla á Evrópumarkaði. Umsjón með útgáfunni höfðu Commerzbank Aktiengesellschaft og Credit Suisse First Boston (Europe). Lánið var til 10 ára og bera skuldabréfin 5,375% vexti. Við verðlagningu var tekið mið af 10 ára ríkisskuldabréfum í Þýskalandi og bar íslenska útgáfan 25 punkta álag á þýsk ríkisskuldabréf á útgáfudegi. Það samsvaraði 2 punkta álagi á 3 mánaða EURIBOR-vöxtum. Útboðið var sölutryggt. Gengi bréfanna við útgáfu var 99,021 og þóknun til banka 0,15% af útgáfufjárhæð.

Á haustmánuðum voru á gjalddaga þrjár eldri skuldabréfaútgáfur ríkissjóðs: Fyrst voru það 22 milljónir Bandaríkjadala eða 1,9 milljarðar króna hinn 28. ágúst, sem var lán frá NIB með breytilegum vöxtum frá 1987, síðan 100 milljónir Svissfranka hinn 22. október, sem var opinber flotvaxtaútgáfa frá árinu 1999, og loks skuldabréf að fjárhæð 3 milljarðar jena hinn 15. nóvember sem var einkaútgáfa frá árinu 1993 sem bar 4,4% vexti.

Hinn 16. september voru gefin út skuldabréf á grundvelli MTN-samningsins. Lánið var til 7 ára og bera skuldabréfin 4,375% vexti. Umsjón með útgáfunni hafði Commerzbank Aktiengesellschaft. Við verðlagningu var tekið mið af 7 ára ríkisskuldabréfum í Þýskalandi og báru bréf ríkissjóðs 29,3 punkta álag á útgáfudegi sem jafngilti 5 punkta álagi á EURIBOR. Útboðið var sölutryggt. Gengi bréfanna við útgáfu var 99,616 og var þóknun til banka 0,125% af útgáfufjárhæð. Skuldskipti voru framkvæmd í tengslum við skuldabréfaútgáfuna.


### Víxlaútgáfa ríkissjóðs

Ríkissjóður stendur fyrir umfangsmikilli alþjóðlegri útgáfu víxla bæði á Evrópumarkaði og á Bandaríkjamarkaði.

Hámarksfjárhæð víxlaútgáfunnar á Evrópumarkaði er 500 milljónir Bandaríkjadala. Um útgáfuna gildir nú samningur frá árinu 1995. Samkvæmt honum er heimilt að gefa út víxla í helstu gjaldmiðlum. Góð reynsla hefur fengist af víxlaútgáfu ríkissjóðs og hefur hún veitt færi á sveigjanlegri fjármögnun á hagstæðum kjörum. Ennfremur er komin góð reynsla á að nýta framvirka samninga til að auka öryggi og hagkvæmni víxlaútgáfunnar. Víxlar ríkissjóðs voru gefnir út með ávöxtun sem að jafnaði var um 10 punktum undir millibankavöxtum í Lundúnum. Seðlabankinn hefur séð um víxlaútgáfu fyrir hönd ríkissjóðs allt frá árinu 1985.

Víxlar á Evrópumarkaði eru seldir fyrir atbeina fjögurra fjármála- stofnana. Þær eru Citibank International, J.P. Morgan Securities, SEB og Deutsche Bank. Við útgáfu hvers víxils er samið um fjárhæð, láns-

Víxlaútgáfa ríkissjóðs á Evrópumarkaði 1990-2002



tíma og ávöxtun í ljósi stöðu markaða á hverjum tíma. Heildarfjárhæð útgefinna víxla nam um 1500 milljónum Bandaríkjadala eða um 121,2 milljörðum króna. Við lok ársins 2002 nam fjárhæð útistandandi víxla 371 milljón Bandaríkjadala og 3,8 milljörðum jena eða jafnvirði 32,5 milljarða íslenskra króna. Vegin meðallengd víxla sem gefnir voru út á Evrópumarkaði árið 2002 var um 90 dagar.

#### Víxlaútgáfa á Bandaríkjamarkaði

Samkvæmt útgáfusamningi um víxla á Bandaríkjamarkaði frá árinu 2001 má útgáfufjárhæð nema allt að einum milljarði Bandaríkjadala. Bandaríski víxlasamningurinn kemur til viðbótar útgáfusamningi ríkissjóðs um víxla á Evrópumarkaði. Víxlasamningarnir tveir tengjast þannig að samanlögð útgáfufjárhæð má ekki fara yfir milljarð Bandaríkjadala. Miðlarar eru Salomon Smith Barney og J.P. Morgan í New York.

Heildarútgáfa ríkissjóðs á Bandaríkjamarkaði á árinu 2002 nam 505 milljónum Bandaríkjadala eða um 40,4 milljörðum króna. Útistandandi fjárhæð víxla á Bandaríkjamarkaði var í árslok 30 milljónir Bandaríkjadala eða jafnvirði 2,4 milljarða króna. Lánskjör á víxlaútgáfu ríkissjóðs á Bandaríkjamarkaði voru að jafnaði um 6 punktum undir LIBOR-vöxtum.

#### Lánastýring og áhættugreining

Seðlabankinn fylgir þeirri stefnu við erlendar lántökur ríkissjóðs að endurgreiðslur dreifist sem jafnast á komandi ár. Stýring á erlendum lánnum ríkissjóðs felur jafnframt í sér að samsetning lána sé með hagkvæmum hætti, svo sem með tilliti til vaxtakjara, lánstíma og gjaldmiðlasamsetningar. Á undanförunum árum hafa uppsagnarákvæði lánasamninga verið notuð til að endurfjármagna lán með hagkvæmari kjörum en áður giltu. Jafnframt hefur verið ráðist í vaxta- og gjaldmiðlaskipti til að ná fram lánastýringarmarkmiðum.

Skipting lána á gjaldmiðla var eftirfarandi í lok árs: Um 30,8% erlendra lána ríkissjóðs voru í Bandaríkjadöllum, 47,8% í evrum, 9,3% í sterlingspundum, 3,2% í Svissfrönskum og 8,9% í japönskum jenum. Í árslok 2002 báru 39% erlends lánsfjár fasta vexti, en 61% breytilega. Veginn meðallánstími erlendra langtímalána hinn 31. desember 2002 var 4,04 ár og meðalbínditími 2,3 ár. Í upphafi ársins 2003 voru 25,5% erlendra lána að meðtöldum víxlum á gjalddaga á næstu 12 mánuðum.

#### Alþjóðlegt mat á lánshæfi ríkissjóðs

Í alþjóðlegu viðskiptaumhverfi gegna matsfyrirtæki mikilvægu hlutverki í lánshæfismati ríkissjóða og fyrirtækja. Á þeim vettvangi kveður mest að bandarísku matsfyrirtækjunum Moody's Investors Service og Standard & Poor's, auk evrópska matsfyrirtækisins Fitch. Reynslan hefur sýnt að lánshæfismat eða einkunn þessara fyrirtækja getur greitt fyrir lántöku á alþjóðlegum markaði. Jafnframt er lánshæfiseinkunn vísending um þau vaxtakjör sem lántakandi mun njóta. Alþjóðlegar lánastofnanir reiða sig að verulegu leyti á einkunnir þessara fyrirtækja

Mat á lánshæfi ríkissjóðs  
í lok árs 2002

| Skuldbindingar í erlendri mynt: | Langtíma | Skammtíma |
|---------------------------------|----------|-----------|
| Moody's Investors Service       | Aaa      | P-1       |
| Standard & Poor's               | A+       | A-1+      |
| Fitch                           | AA-      | F1+       |

| Skuldbindingar í íslenskum krónum: | Langtíma | Skammtíma |
|------------------------------------|----------|-----------|
| Moody's Investors Service          | Aaa      | P-1       |
| Standard & Poor's                  | AA+      | A-1+      |
| Fitch                              | AAA      | F1+       |

þegar ákvarðanir eru teknar um vexti og önnur lánskjör. Ísland hefur notið mikils trausts sem lántakandi á alþjóðlegum markaði og sést það best á góðum lánsþæfiseinkunnum undanfarinna ára. Allir helstu markaðir, austan hafs og vestan, eru opnir ríkissjóði.

Lánsþæfiseinkunn Moody's er nú Aaa fyrir erlendar langtíma-skuldbindingar ríkissjóðs og P-1 fyrir skammtímaskuldbindingar og eru þetta hæstu einkunnir sem fyrirtækið gefur. Lánsþæfiseinkunn Moody's fyrir innlendar skuldbindingar til langs tíma er hæsta einkunn, Aaa, og til skamms tíma P-1. Horfur um lánsþæfismatið eru taldar stöðugar. Moody's staðfesti mat sitt fyrir erlendar skuldbindingar ríkissjóðs í apríl, Aa3, en hækkaði mat sitt í Aaa í október. Breyting á lánsþæfiseinkunn Moody's var afleiðing breyttrar aðferðafræði fyrirtækisins við lánsþæfismat. Eigi að síður er það ljóst að einungis þau lönd sem njóta óskoraðs trausts hjá Moody's fá þessa hæstu einkunn, Aaa.

Fitch gefur ríkissjóði lánsþæfiseinkunnina AA- fyrir erlendar langtímaskuldbindingar og F1+ fyrir skammtímaskuldbindingar. Jafnframt veitir Fitch einkunnina AAA fyrir innlendar langtímaskuldbindingar og F1+ fyrir innlendar skammtímaskuldbindingar, sem eru hæstu einkunnir sem fyrirtækið gefur. Fitch staðfesti óbreytt mat sitt á lánsþæfi Íslands í febrúar, en breytti þá horfum úr stöðugum í neikvæðar.

Einkunn Standard & Poor's fyrir langtímaskuldir ríkissjóðs í erlendri mynt er A+. Horfur um einkunnina eru nú stöðugar. Lánsþæfiseinkunn Standard & Poor's fyrir innlendar skuldbindingar til langs tíma er AA+ og A-1+ til skamms tíma, sem er hæsta skammtímaeinkunn fyrirtækisins. Standard & Poor's staðfesti A+ mat sitt fyrir erlendar skuldbindingar ríkissjóðs í maí. Í nóvember var horfum á lánsþæfismatinu breytt úr neikvæðum í stöðugar.

## SÖFNUN TÖLFRÆÐILEGRA UPPLÝSINGA

Seðlabanki Íslands safnar skipulega upplýsingum um innlendan lánamarkað, greiðslujöfnuð við útlönd og erlenda stöðu þjóðarbúsins. Flestar stofnanir og fyrirtæki á innlendum lánamarkaði veita mánaðarlega upplýsingar um efnahagsliði. Lánastofnunum er skylt að veita Seðlabankanum upplýsingar um vexti jafnóðum og þeir breytast. Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins eru gerð upp ársfjórðungslega. Upplýsingar þessar leggja grunn að mati bankans á mikilvægum þáttum peningamála og reglulegri birtingu tölulegra gagna í ritum bankans og á vefsíðu hans.

Seðlabankinn starfrækir í samvinnu við fjármálaráðuneytið gagnagrunnskerfið FAME sem er sérhannað fyrir tímaraðir tölfræðigagna. Í gagnagrunnskerfinu eru nú gagnabú sem innihalda tölfræðigögn, alls um 120.000 tímaraðir. Að auki eru átta gagnabú, alls um 60.000 tímaraðir, með upplýsingum úr reikningum einstakra félaga og er aðgangur að þeim gögnum takmarkaður. Gagnagrunnskerfið inniheldur einnig ítarlegar upplýsingar um eðli og uppruna allra þeirra tímaraða sem eru til staðar í kerfinu.

Kerfið hefur fært alla vistun, úrvinnslu, greiningu og dreifingu á tölfræðilegum upplýsingum bankans í nýtt og mjög fullkomið umhverfi sem gerir alla meðhöndlun tölfræðigagna hraðvirkari og bætir alla aðstöðu til hagrannsókna. Sams konar kerfi eru í notkun hjá flestum stærstu seðlabönkum heims og mörgum helstu alþjóðastofnunum.

## RANNSÓKNIR

Í Seðlabankanum fara fram margvíslegar rannsóknir sem tengjast viðfangsefnum bankans. Þær eru aðallega stundaðar innan hagfræðisviðs bankans, en einnig kemur fyrir að Seðlabankinn kaupir eða styrki rannsóknir aðila utan bankans, ef þær eru taldar mikilvægar fyrir verkefni sem bankinn vinnur að.

Meðal helstu viðfangsefna á árinu 2002 má nefna rannsóknir er tengjast ramma peningastefnunnar og verðbólguferlinu. Má þar nefna rannsóknir á framkvæmd peningastefnu með verðbólguþætti, samspili stjórnar peningamála og gerðar vinnurmarkaðar, miðlunarferli peningastefnunnar, aðferðum við að meta undirliggjandi verðbólgu og ýmiss konar verðbólguþætti. Einnig voru stundaðar rannsóknir á sviði gengismála. Meðal viðfangsefna á því sviði má nefna athugun á heppilegri gengisstefnu fyrir lítil lönd, á því hvort Ísland sé hagkvæmt myntsvæði og á inngripum Seðlabankans á gjaldeyrismarkaði og áhrifum þeirra. Einnig var í Seðlabankanum gerð ítarleg greining á efnahagslegum áhrifum stóriðjuframkvæmda á Austurlandi og mögulegum hagstjórnarviðbrögðum við þeim. Meðal annarra viðfangsefna má nefna rannsóknir á íslenska lífeyriskerfinu, myndun og hjöðnun viðskiptahallans 1998-2002, jafnvæghagvexti með endurnýjanlegum náttúruauðlindum og breytingum í íslenskum sjávarútvegi. Að lokum má nefna stórt rannsóknarverkefni sem tengist gerð ársfjórðungslegs þjóðhagslíkans fyrir Seðlabankann, sem gegna mun mikilvægu hlutverki við gerð verðbólguþætti og ákvarðanatöku í peningamálum.

Til þess að skapa umgjörð um rannsóknir innan bankans og miðla niðurstöðum þeirra til almennings og annarra sérfræðinga heldur bankinn reglulega málstofur. Á þeim gefst aðilum innan og utan bankans færi á að kynna eigin rannsóknir og ræða þær við aðra starfs- og fræðimenn. Á árinu 2002 voru haldnar ellefu málstofur. Á þremur þeirra voru málflytjendur sérfræðingar innan bankans. Starfsmenn bankans kynntu einnig rannsóknarniðurstöður sínar á fjölda málstofa utan Seðlabankans, bæði á innlendum og erlendum vettvangi. Jafnframt sóttu þeir fjölda ráðstefna til að kynna eigin rannsóknir og kynnast rannsóknnum annarra fræðimanna. Að auki héldu þeir fjölda gestafyrirlestra fyrir almennig, aðra sérfræðinga og háskólamenn.

Niðurstöðum rannsókna innan bankans er einnig miðlað með útgáfu rita á vegum bankans, en 10 greinar eftir starfsmenn bankans birtust í Fjármálatíðindum, Peningamálum og Monetary Bulletin. Í rannsóknarritroðinni Central Bank of Iceland Working Papers voru birtar fimm ritgerðir, þar af tvær eftir starfsmenn bankans.

Á árinu birtu sérfræðingar bankans einnig þrjár rannsóknarritgerðir í erlendum fræðiritum og bókum. Seðlabankinn telur mikilvægt að rannsóknir sérfræðinga bankans fái birtar í alþjóðlega viðurkenndum vísindaritum.

## ÚTGÁFU- OG UPPLÝSINGAMÁL

Seðlabanki Íslands birtir reglulega upplýsingar með ýmsu móti til þess að skýra stefnu sína og aðgerðir í peningamálum og greina frá þeirri starfsemi sem undir hann heyrir. Þetta gerir bankinn í ársfjórðungsriti sínu, Peningamálum, sem einnig er gefið út á ensku í lítt breyttri mynd undir heitinu Monetary Bulletin. Þá gerir Seðlabankinn auk þess í ársskýrslu sinni grein fyrir ýmsum þáttum í starfsemi sinni auk þess sem þar er gerð grein fyrir ársreikningi. Formaður bankastjórnar gerir svo grein fyrir stefnu bankans á ársfundum hans.

Seðlabankinn birtir reglulega fréttir til að greina frá helstu ákvörðunum bankastjórnar, auk þess sem fréttir eru gefnar út til þess að greina frá ýmsu er varðar starfsemi bankans. Bankinn gefur reglulega út Fjármálatíðindi, sem er vettvangur fræðilegra greina um efnahagsmál, sem margar hverjar eru ritaðar af starfsmönnum bankans. Þá gefur bankinn út rannsóknarritröð á ensku, undir heitinu Central Bank of Iceland Working Papers, þar sem birtar eru rannsóknir sem eru stundaðar innan og utan bankans. Rit Seðlabanka Íslands gefin út á árinu 2002 eru talin upp í viðauka aftarlega í þessari ársskýrslu.

Á heimasíðu Seðlabanka Íslands eru birtar rafrænar útgáfur af flestum ritum sem bankinn gefur út. Í sumum tilvikum eru ritin fyrst birt á vefnum. Þar eru ennfremur birtar fréttir, talnalegar upplýsingar undir heitinu Hagtölur Seðlabankans, mánaðarlegt yfirlit efnahagsmála undir heitinu Hagvísar Seðlabanka Íslands og ýmsar aðrar upplýsingar er varða starfsemi bankans. Á árinu 2002 var notendum veittur aðgangur að fjölmörgum tímaröðum í Hagtölum Seðlabankans.

Seðlabankinn gerir sér far um að kynna starfsemi sína fyrir almenningi, m.a. með því að taka á móti námsmönnum og öðrum hópum.

## BIRTINGARSTAÐALL ALÞJÓÐAGJALDEYRISJÓÐSINS

Í birtingarstaðli Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (Special Data Dissemination Standard) sem Ísland er aðili að er m.a. gert ráð fyrir því að tiltekna tölfræðilegar upplýsingar birtist innan tilgreinds frests frá þeim tíma sem þær ná til í samræmi við fyrirfram ákveðna birtingaráætlun. Með hliðsjón af þessu birtir Seðlabankinn á vefsíðu sinni áætlun um hvenær upplýsingar verða birtar. Sömu reglu er fylgt við birtingu í Hagtölum Seðlabankans á vefsíðu bankans en þar birtast einnig ýmsar upplýsingar sem ekki heyra undir staðalinn. Auk þess að kveða á um birtingaráætlun gerir staðallinn kröfu til þess að upplýsingarnar sem hann tekur til séu settar fram í samræmi við skilgreiningar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þannig að tryggt sé að þær séu sambærilegar á milli landa. Á heimasíðu

Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (<http://www.imf.org>) er að finna nánari upplýsingar um birtingarstaðalinn. Á þeirri síðu og sérstakri vefsíðu fyrir upplýsingar um birtingarvenjur þeirra landa sem aðild eiga að staðlinum (<http://dsbb.imf.org>) er greint frá upplýsingamiðlun Seðlabankans og annarra íslenskra stofnana sem skuldbundnar eru til þess að fylgja staðlinum.

### KRÖFUR UM GAGNSÆI OG REIKNINGSSKIL ATHAFNA

Kröfur eru nú gerðar til seðlabanka um að þeir geri skýra grein fyrir markmiðum peningastefnu sinnar, framkvæmd hennar og annarri starfsemi sinni. Algengt er að þessar kröfur hafi tengst auknu sjálfstæði bankanna. Seðlabanki Íslands hefur lagt áherslu á að skýra sem best stefnu sína og aðgerðir í peningamálum og mat á aðstæðum í efnahags- og peningamálum í ritum sínum, skýrslum og á heimasíðu. Löggin um Seðlabanka Íslands sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2001 leggja bankanum á herðar þá skyldu að gera opinberlega eigi sjaldnar en ársfjórðungslega grein fyrir stefnu sinni í peningamálum og fyrir þróun peningamála, gengis- og gjaldeyrismála og aðgerðum sínum á þeim sviðum. Þetta gerir bankinn í ársfjórðungsriti sínu Peningamálum. Þá hefur Seðlabankinn lagt áherslu á að gera í ársskýrslu sinni grein fyrir ýmsum þáttum í starfsemi sinni auk þess sem jafnan er gerð ítarleg grein fyrir reikningsskilaaðferðum og ýmsum stærðum í skýringum með ársreikningnum. Þá gerir formaður bankastjórnar sérstaklega grein fyrir stefnu bankans á ársfundi hans.

### AÐILD SEÐLABANKA ÍSLANDS AÐ STJÓRNUM STOFNANA OG FYRIRTÆKJA

Seðlabanki Íslands á hlut í Reiknistofu bankanna. Í samstarfssamningi frá 1994 kemur fram að bankinn hafi lagt til fimmtung stofnframlags Reiknistofunnar. Á árinu 2001 var Eiríkur Guðnason bankastjóri fulltrúi bankans í stjórn Reiknistofunnar og varafulltrúi Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri bankans. Fulltrúi bankans í öryggis- og endurskoðunarnefnd Reiknistofunnar var Lilja Steinþórsdóttir aðalendurskoðandi. Fulltrúi bankans í samráðsnefnd Reiknistofunnar var Árni Þórðarson deildarstjóri á bókhaldssviði og varamaður Hallgrímur Ásgeirsson staðgengill framkvæmdastjóra á fjármálasviði.

Seðlabanki Íslands á 11% hlut í Eignarhaldsfélagi Verðbréfaþings hf. sem er eigandi Kauphallar Íslands hf. og Verðbréfaskráningar Íslands hf. Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri fjármálasviðs var fulltrúi bankans í stjórnnum þessara félaga á árinu 2002 og varamaður hans var Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri peningamálasviðs.

Með yfirstjórn Fjármálaeftirlitsins fer þriggja manna stjórn skipuð af viðskiptaráðherra. Einn stjórnarmanna er skipaður eftir tilnefningu Seðlabanka Íslands. Fulltrúi Seðlabankans í stjórninni frá ársbyrjun 2002 þar til seint í september var Finnur Ingólfsson bankastjóri. Við af

honum sem fulltrúi í stjórninni tók Ingimundur Friðriksson bankastjóri sem verið hafði varamaður. Í stað Ingimundar var Lilja Steinþórsdóttir aðalendurskoðandi skipuð varamaður.

Seðlabanki Íslands á 8% hlut í Fjölgreiðslumiðlun hf. Hallgrímur Ágeirsson staðgengill framkvæmdastjóra fjármálasviðs var fulltrúi bankans í stjórn hennar á árinu 2002.

Seðlabanki Íslands á ekki fulltrúa í stjórn Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta en Sveinbjörn Hafliðason aðallögfræðingur bankans er ritari stjórnarinnar.

Starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Lífeyrissjóði bankamanna. Fulltrúi bankans í stjórn sjóðsins á árinu 2002 var Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri og varafulltrúi hans Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri peningamálasviðs.

### SAMSTARF VIÐ FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

Seðlabanki Íslands og Fjármálaeftirlitið eiga náið samstarf. Í lögum um Seðlabankann og um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi segir að þessar stofnanir skuli gera með sér samstarfssamning þar sem kveðið skuli á um samskipti þeirra. Samstarfssamningur var fyrst gerður snemma árs 1999. Hann var síðast endurnýjaður á árinu 2001. Í lögum um Seðlabankann segir ennfremur að hann skuli veita Fjármálaeftirlitinu allar upplýsingar sem hann býr yfir og nýtast kunna í starfsemi Fjármálaeftirlitsins. Stofnanirnar skiptast reglulega á tölfræðilegum og öðrum upplýsingum og bankastjórn Seðlabankans og forstjóri Fjármálaeftirlitsins hittast reglulega á samráðsfundum.

### VERKEFNI FYRIR RÍKISSJÓÐ

Í samningi fjármálaráðherra og Seðlabanka Íslands er kveðið á um tiltekin verkefni Seðlabankans fyrir ríkissjóð, svo sem um erlendar lántökur og um þjónustu vegna innlendra lána. Í honum er Seðlabankanum meðal annars falið að annast erlend lánamál ríkissjóðs, eftirlit með erlendum lántökum aðila sem njóta ríkisábyrgðar, bókhald tekinnna erlendra lána ríkissjóðs og umsjón með greiðslu afborgana og vaxta. Viðfangsefni Seðlabankans tengd innlendri lánastarfsemi ríkissjóðs heyra að mestu sögunni til. Samningurinn kveður þó á um að bankinn skuli innleysa markaðsverðbréf ríkissjóðs í samræmi við skilmála þeirra. Samningurinn kveður einnig svo á að starfa skuli samráðsnefnd fjármálaráðuneytisins, Seðlabanka Íslands og Lánasýslu ríkisins. Megintilgangur hennar er að vera vettvangur skoðanaskipta um stöðu og horfur á fjármagnsmörkuðum og um lánamál og lántökuáform ríkissjóðs innanlands og erlendis. Þá kveður samningurinn á um að Seðlabankinn skuli annast launagreiðslur fyrir Lánasýslu ríkisins.



## SAMNINGUR FJÁRMÁLARAÐUNEYTIS OG SEÐLABANKA ÍSLANDS UM VIÐSKIPTAREIKNINGA OG VAXTAKJÖR

Á árinu 1992 gerðu fjármálaráðuneytið og Seðlabanki Íslands með sér samning um viðskiptareikninga og vaxtakjör sem fól meðal annars í sér að ríkissjóður hætti að taka lán í Seðlabankanum. Þessi samningur hefur verið endurnýjaður við og við síðan, síðast í september 2001. Í lögum um Seðlabanka Íslands sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2001 var lokað fyrir aðgang ríkissjóðs að lánnum í Seðlabankanum. Í gildandi samningi er kveðið á um vaxtakjör á viðskiptareikningum ríkissjóðs í Seðlabankanum. Samkvæmt honum greiðir Seðlabankinn sömu vexti af innstæðu á viðskiptareikningunum og hann greiðir af viðskiptareikningum lánastofnana. Af meðalinnstæðu í mánuði á viðskiptareikningum ríkissjóðs umfram 2,5 ma.kr. greiðir Seðlabankinn vexti sem eru 0,5% lægri en ávöxtun í endurhverfum viðskiptum Seðlabankans við lánastofnanir.

## ÞJÓÐHÁTÍÐARSJÓÐUR

Árið 2002 var 25. starfsár Þjóðhátíðarsjóðs. Stofnfé sjóðsins var ágóði af útgáfu Seðlabanka Íslands á þjóðhátíðarmynt frá 1974 og tekjur hafa verið ágóði af útgáfu og sölu annarra minnispeninga. Stjórn sjóðsins skipa fimm fulltrúar. Þrír eru kjörnir af Alþingi, einn tilnefndur af Seðlabankanum og forsætisráðherra skipar þann fimmta, sem jafnframt er formaður sjóðsstjórnar. Skipunartími núverandi stjórnar, sem er fjögur ár, hófst 2002. Formaður er Sigríður Ragna Sigurðardóttir kennari og fulltrúi Seðlabankans Birgir Ísl. Gunnarsson formaður banka- stjórnar. Ritari stjórnar sjóðsins frá upphafi hefur verið Sveinbjörn Hafliðason aðallögfræðingur Seðlabankans. Stjórn sjóðsins ákvað að verja skyldi 5,3 m.kr. til styrkja á árinu 2002 til 31 umsækjanda. Höfuðstóll sjóðsins var tæpar 85 m.kr. í lok ársins 2002.

## HÚSNÆÐI BANKANS – BÓKA- OG SKJALASAFN

Í húsi bankans við Kalkofnsveg voru í árslok 2002 til húsa auk Seðlabankans Reiknistofa bankanna og hluti Hagstofu Íslands.

Bóka- og skjalasafn Seðlabanka Íslands er að mestum hluta til húsa í Einholti 4 í Reykjavík. Þar er einnig myntsafn Seðlabankans og Þjóðminjasafns sem opið er almenningi alla virka daga. Tímarita- og handbókasafn er í húsi bankans við Kalkofnsveg. Bókasafn Seðlabankans, sem er mikið heimildasafn um íslensk efnahags- og atvinnu- mál, er skráð í Gegni, skráningarkerfi Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns. Í lok árs 2002 voru rúmlega 22 þúsund færslur merktar safninu í Gegni.

#### AFKOMA SEÐLABANKA ÍSLANDS

Á árinu 2002 nam hagnaður af rekstri Seðlabanka Íslands fyrir framlag til ríkissjóðs 2.141 m.kr. en 785 m.kr. 2001. Eftir framlag til ríkissjóðs nam hagnaðurinn 1.427 m.kr. en 523 m.kr. árið á undan. Þar sem eigið fé bankans var undir því lágmarki sem tilgreint er í lögum, nam framlag til ríkissjóðs þriðjungum hagnaðar reikningsársins, þ.e. 714 m.kr.


Rekstrarkostnaður Seðlabankans á árinu 2002 að meðtöldum kostnaði við seðla og mynt, nam 1.097 m.kr. og hafði hækkað um 150 m.kr. frá árinu áður. Lögbundið framlag til ríkissjóðs nam 714 m.kr., tryggingagjald nam 30 m.kr. og fasteignagjöld voru 39 m.kr. Opinber gjöld og önnur lögbundin framlög til opinberra aðila námu því samtals 783 m.kr.

Erlendar eignir bankans voru 37,4 ma.kr. í árslok 2002 og höfðu aukist um 557 m.kr. á árinu, þrátt fyrir gengistap að fjárhæð 7,2 ma.kr. Erlendar skuldir til skamms tíma námu hins vegar 16,5 ma.kr. í lok ársins 2002, en voru tæplega 15,0 ma.kr. við árslok 2001. Gengishagnaður erlendra skulda nam aftur á móti 4,6 ma.kr.

Á árinu jukust kröfur bankans á innlánsstofnanir og aðrar fjármálastofnanir um 541 m.kr., sem er minna en síðastliðin tvö ár. Skýringin á því er að skammtímalán í formi daglána þessara stofnana eru engin um áramótin, en námu 4,9 ma.kr í árslok 2001. Endurhverf verðbréf jukust aftur á móti um 5,0 ma.kr. Innstæður innláns- og fjármálastofnana í Seðlabankanum jukust um nær 3,6 ma.kr. á árinu 2002 eða um 18% frá árinu 2001. Í ársbyrjun 2002 var rekstrarformi Kaupþings hf. breytt og varð fyrirtækið innlánsstofnun, Kaupþing banki hf., en við það færðist fyrirtækið úr flokki yfir aðrar fjármálastofnanir yfir í flokk með innlánsstofnunum og skýrir það innbyrðis breytingar í þessum tveimur liðum.

Kröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir lækkuðu lítillega eða um 328 m.kr., en innstæður ríkissjóðs í Seðlabankanum lækkuðu á hinn bóginn um 10,6 ma.kr. Nettókröfur Seðlabankans á ríkissjóð og ríkisstofnanir lækkuðu því um 10,3 ma.kr. og voru þar með neikvæðar um 20,8 ma.kr. í árslok 2002.

Heildareignir Seðlabankans og eiginfjárlutfall



Seðlar og mynt í umferð námu 12,6% af heildarskuldum bankans í lok ársins 2002 en voru 11,2% í lok ársins á undan. Sem hlutfall af vergri landsframleiðslu er hlutfall seðla og myntar í umferð lægra á Íslandi en í flestum öðrum löndum og hefur verið svo um langt árabíl.

Eigið fé bankans jókst um 5,9 ma.kr. á árinu og nam 40,2 ma.kr. í lok þess. Að stærstum hluta skýrist vöxtur eigin fjár af 4,5 ma.kr. stofnfjárframlagi ríkissjóðs til bankans á árinu. Eiginfjárlutfall bankans var 34,5% í árslok og hafði hækkað úr 29,6% frá árinu áður.

Seðlabankinn býr ávallt við töluverða gengisáhættu. Þannig var 32% af eignum hans í lok árs 2002 í erlendum gjaldmiðlum, en einungis 16% af skuldum hans. Afkoma Seðlabankans er því næm fyrir gengisendurmati eigna og skulda. Gengisendurmatið ræðst af breytingum á gengi krónunnar og nam gjaldfært gengisendurmat á árinu 2002 vegna erlendra eigna og skulda 2,6 ma.kr. Útreikningi verðbreytingafærslu var hætt á árinu, en erlendi hluti hennar myndaði mótvægi við gengishagnað/tap. Færa má rök fyrir því að samsetning efnahagsreiknings Seðlabanka Íslands og sú gengisáhætta sem hann býr við og hefur ekki tók á að verja sig gegn krefjist þess að eiginfjárlutfall hans sé hærra en ella. Í lögum um Seðlabanka Íslands frá 2001 er ákvæði sem tekur tillit til þessa sjónarmiðs og gerir bankanum kleift að byggja upp eigið fé sitt hraðar en hægt hefði verið samkvæmt fyrri lögum. Jafnframt greiddi ríkissjóður inn viðbótarstofnfé á árunum 2001 og 2002 í þessu skyni, að fjárhæð 9 ma.kr. árið 2001 og 4,5 ma.kr. 2002.

Ársreikningur bankans er sýndur aftar í skýrslunni auk ítarlegra skýringa á einstökum liðum, þar með er talin sundurliðun á rekstrar-kostnaði bankans.

### BANKARÁÐ

Í lögum um Seðlabanka Íslands nr. 36/2001 sem samþykkt voru á Alþingi í maí 2001 var m.a. kveðið svo á að í bankaráði Seðlabanka Íslands skuli sitja sjö fulltrúar. Bankaráð skal kosið að loknum kosningum til Alþingis. Engar breytingar urðu á bankaráðinu á árinu 2002. Bankaráð hélt 19 fundi á árinu.

### BANKASTJÓRN

Finnur Ingólfsson sem skipaður hafði verið bankastjóri í byrjun árs 2000 lét af störfum 30. september 2002 og var ráðinn forstjóri VÍS hf. Áður hafði Finnur m.a. verið iðnaðar- og viðskiptaráðherra og alþingismaður. Forsætisráðherra setti Ingimund Friðriksson aðstoðarbankastjóra í stöðu bankastjóra frá 1. október til óákveðins tíma, þó ekki lengur en til eins árs. Skipunartími Birgis Ísleifs Gunnarssonar sem formanns bankastjórnar rann út í lok janúar 2003 og var hann endurskipaður formaður bankastjórnar frá 1. febrúar 2003 til loka júlí 2006. Fimm ára skipunartími Eiríks Guðnasonar bankastjóra rennur út í lok apríl 2005.

## SKIPULAG

Á árinu 2002 skiptist starfsemi bankans í sjö megin svið auk endurskoðunar sviðs (sjá starfsmannayfirlit í lok kaflans). Nokkrar deildir tilheyrðu ekki megin sviðum bankans. Skrifstofa bankastjórnar annast almennt skrifstofuhald fyrir bankastjórn. Þar er einnig umsjón með kynningarstarfsemi og upplýsingamiðlun bankans, ritstjórn ársskýrslu bankans og heimasíðu. Lögfræðingar annast margvíslega samningagerð fyrir hönd bankans og frágang löggæringa og skuldaskjala. Þá taka þeir þátt í undirbúningi laga og reglugerða og gerð lögfræðilegra álita. Safnadeild annast bóka- og skjalasafn bankans auk myntsafns Seðlabankans og Þjóðminjasafns. Bóka- og myntsafn er til húsa í Einholti 4.

Alþjóðasvið annast vörslu gjaldeyrisforðans og erlend lánamál ríkissjóðs. Tengd þessu er umsjón með reglulegum samskiptum við erlend fyrirtæki sem sérhæfa sig í lánshæfismati á alþjóðlegum vettvangi. Þá annast alþjóðasvið regluleg tengsl bankans við Alþjóðagjald-eyrissjóðinn, þar með talið samstarf við Norðurlöndin og Eystrasaltslöndin, og á aðild að útgáfu eins af ritum bankans, Economy of Iceland.

Bókhaldssvið hefur umsjón með færslu aðal bókhalds Seðlabankans, bókhalds Tryggingarsjóðs innstæðueigenda og fjárfesta og hefur umsjón með Grænlandssjóði. Einnig sér sviðið um bókhald yfir innlausn spariskírteina og erlend lán ríkissjóðs. Þá hefur bókhaldssvið umsjón með SWIFT-kerfi bankans og greiðslum fyrir Seðlabankann, ríkissjóð og ríkisfyrirtæki. Einnig sá bókhaldssvið um færslu bókhalds Þjóðhagsstofnunar á meðan hún var starfrækt.

Viðfangsefni fjármálasviðs lúta að stöðugleika og öryggi fjármála- stofnana og markaða og greiningu á grunnþáttum fjármálakerfisins. Þá annast sviðið verkefni bankans á sviði greiðslumiðlunar. Fjárhirslur bankans heyra undir fjármálasvið. Þær annast m.a. meðferð seðla og myntar, dreifingu í seðlageymslur á landsbyggðinni og afgreiðslu til bankastofnana á höfuðborgarsvæðinu.

Á hagfræðisviði er unnið að rannsóknum á sviði efnahags- og peningamála með sérstakri áherslu á þau svið sem tengjast verkefnum bankans. Þar eru reglulegar verðbólguþáttir bankans undirbúnaðar og samdar álitserðir um stefnu og starfsemi bankans auk greiningar á þróun efnahags- og peningamála. Hagfræðisvið hefur einnig umsjón með útgáfu sumra rita bankans, svo sem Peningamála og Fjármála- tíðinda auk Economy of Iceland.

Starfsemi peningamálasviðs er í aðalatriðum tvíþætt. Í fyrsta lagi undirbýr það vaxtaákvæðanir bankans, safnar upplýsingum um vexti á fjármálamörkuðum innanlands og utan og tekur þátt í samráði við fjármálaráðuneyti og Lánasýslu ríkisins um sölu ríkisverðbréfa. Í öðru lagi annast peningamálasvið öll viðskipti bankans á innlendum gjaldeyris- og peningamörkuðum og skráningu opinbers viðmiðunargengis krónunnar auk þess að vakta millibankamarkað í krónum.

Rekstrarsvið er fjölmennasta svið bankans og skiptist einnig í nokkrar einingar. Rekstrardeild sinnir rekstri og umsýslu eigna og lausa- fjármuna bankans, öryggismálum, innkaupum og gerð rekstraráætlana

og útgjaldaeftirliti. Deildin annast starfsmannahald bankans og launamál og undir hana heyrir margvísleg innanhússþjónusta. Deildin sér einnig um launagreiðslur til starfsmanna Lánasýslu ríkisins og sá ennfremur um launagreiðslur til starfsmanna Þjóðhagsstofnunar á meðan hún var starfrækt. Tölvudeild hefur umsjón með rekstri tölvukerfa bankans og annast hönnun og viðhald hugbúnaðarkerfa bankans.

Á tölfraeðisviði fer fram öll innheimta, úrvinnsla og fyrsta greining gagna frá lánastofnunum um efnahag o.fl. Þar fer einnig fram söfnun upplýsinga um vexti lánastofnana, greiðslumiðlun, verðbréfamiðlun, gjaldeyrishreyfingar vegna uppgjörs þjónustu- og greiðslujafnaðar og erlend lán innlendra aðila. Tölfraeðisvið hefur umsjón með útgáfu tölfraeðilegra gagna á vefsíðu Seðlabankans, Hagtalna Seðlabankans og með samræmdum gagnagrunni hans.

Endurskoðunarvið bankans hefur þá sérstöðu að aðalendurskoðandi er ráðinn af bankaráði en ekki bankastjórn. Endurskoðunarviðið annast endurskoðun og innra eftirlit með starfsemi bankans og sjóða í umsjá hans.

#### STARFSLIÐ

Á árinu 2002 voru tólf nýir starfsmenn ráðnir til starfa. Þar af voru tveir ráðnir tímabundið í hlutastörf. Einn starfsmaður kom aftur til starfa eftir að hafa verið í tveggja ára leyfi. Alls hættu sjö starfsmenn störfum á árinu, þar af hófu þrír töku eftirlauna. Tveir starfsmenn fengu leyfi frá störfum þannig að í árslok 2002 voru starfsmenn bankans þremur fleiri en í árslok 2001 en starfsgildi voru 2,5 fleiri. Starfsmönnum fjölgaði um þrjá á hagfraeðisviði, um tvo á fjármálasviði og um einn á rekstrarsviði en fækkaði um þrjá á bókhaldssviði. Nýr starfsmaður var ráðinn á bókhaldssvið í ársbyrjun 2003.

Í ársbyrjun 2002 kom Jón Þ. Sigurgeirsson aftur til starfa á alþjóðasviði eftir að hafa verið í leyfi frá bankanum við störf hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Washington í tvö ár. Jón var settur framkvæmdastjóri alþjóðasviðs í stað Ólafs Ísleifssonar sem er í tveggja ára leyfi eins og greint var frá í ársskýrslu ársins 2001.

Eftirfarandi þrír starfsmenn hófu töku eftirlauna á árinu 2002: Guðlaug Karlsdóttir sem hóf störf hjá bankanum við póstafræðisvið árið 1958. Á starfsferli sínum hjá bankanum starfaði hún í ýmsum deildum en við starfslok var hún starfsmaður á bókhaldssviði. Hulda Guðnadóttir sem hóf störf hjá bankanum árið 1974. Hún starfaði nánast allan tímann í seðlagreiningu. Sæmundur Örn Sveinsson sem var ráðinn flokksstjóri í öryggisvörslu bankans þegar Seðlabankahúsið við Kalkofnsveg var tekið í notkun árið 1986.

#### KJARASAMNINGAR

Flestir starfsmenn Seðlabanka Íslands eru í Sambandi íslenskra bankamanna og fá greidd laun samkvæmt kjarasamningi bankamanna. Í ársbyrjun 2001 var gengið frá nýjum kjarasamningi sem gildir til loka september árið 2004. Samningurinn fól m.a. í sér 6,9% grunnkaupshækkun

|                  | Starfs-<br>menn | Starfs-<br>gildi |
|------------------|-----------------|------------------|
| Aðalskrifstofa   | 13              | 12,4             |
| Skrifstofa       |                 |                  |
| bankastjórnar    | 3               | 3,0              |
| Lögfræðingar     | 2               | 2,0              |
| Safnadeild       | 8               | 7,4              |
| Alþjóðasvið      | 7               | 7,0              |
| Bókhaldssvið     | 10              | 9,7              |
| Fjármálasvið     | 17              | 16,8             |
| Fjármáladeild    | 5               | 4,8              |
| Fjárhirslur      | 12              | 12,0             |
| Hagfraeðisvið    | 15              | 14,8             |
| Peningamálasvið  | 5               | 5,0              |
| Rekstrarsvið     | 40              | 32,7             |
| Rekstrardeild    | 33              | 26,0             |
| Tölvudeild       | 7               | 6,7              |
| Tölfraeðisvið    | 9               | 9,0              |
| Endurskoðunarvið | 3               | 3,0              |
| Alls             | 119             | 110,4            |

við gildistöku og 3% hækkun um hver áramót eftir það út gildistímann. Jafnframt var í samningnum ákvæði um að allir starfsmenn hækki um einn launaflokk eigi síðar en 1. janúar 2003.

#### JAFNRÉTTISNEFND

Frá árinu 1996 hefur verið starfandi jafnréttisnefnd í Seðlabanka Íslands, og er fyrsta jafnréttisáætlun bankans einnig frá þeim tíma. Gildandi áætlun var staðfest 2001 og byggðist hún á lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 96 frá 22. maí 2000. Jafnréttisnefnd er skipuð tveimur fulltrúum bankastjórnar og tveimur fulltrúum starfsmannafélags bankans. Jafnréttisnefnd skal hafa yfirsýn yfir lög og reglur stjórnvalda um jafnréttismál kynjanna og fylgjast með breytingum á þeim. Þá skal nefndin fylgjast með framkvæmd jafnréttisáætlunar bankans og kanna réttmæti ábendinga um að ekki sé farið að lögum eða reglum um jafnrétti í bankanum. Fulltrúar í jafnréttisnefnd skulu vera reiðubúnir að veita starfsmanni, sem þess óskar, áheyrn vilji hann koma á framfæri ábendingum sem varða viðfangsefni nefndarinnar. Jafnréttisnefnd skilar árlega skýrslu til bankastjórnar um viðfangsefni sín.

STJÓRN SEÐLABANKA ÍSLANDS OG STARFSMENN  
31. DESEMBER 2002

**Bankaráð**

*Aðalmenn*

Ólafur G. Einarsson fyrrverandi forseti Alþingis, formaður  
Davíð Aðalsteinsson bóndi, varaformaður  
Hannes Hólmsteinn Gissurarson prófessor  
Jón Sigurðsson framkvæmdastjóri  
Ragnar Arnalds fyrrverandi alþingismaður  
Sigríður Stefánsdóttir sviðsstjóri  
Þröstur Ólafsson framkvæmdastjóri

*Varamenn*

Erna Gísladóttir framkvæmdastjóri  
Finnur Þór Birgisson lögfræðingur  
Hilmar Gunnlaugsson lögfræðingur  
Hörður Zóphaníasson fyrrverandi skólastjóri  
Kristín Sigurðardóttir framkvæmdastjóri  
Leó Löve lögfræðingur  
Tryggvi Friðjónsson forstöðumaður

**Bankastjórn**

Birgir Ísleifur Gunnarsson, formaður  
Eiríkur Guðnason  
Ingimundur Friðriksson

**Yfirmenn sviða**

|                    |   |
|--------------------|---|
| Alþjóðasvið:       | Jón Þ. Sigurgeirsson framkvæmdastjóri               |
| Bókhaldssvið:      | Erla Árnadóttir aðalbókari                          |
| Endurskoðunarsvið: | Lilja Steinþórsdóttir aðalendurskoðandi             |
| Fjármálasvið:      | Tryggvi Pálsson framkvæmdastjóri                    |
| Hagfræðisvið:      | Már Guðmundsson aðalhogfræðingur <sup>1</sup>       |
| Lögfræðingar:      | Sveinbjörn Hafliðason aðallögfræðingur              |
| Peningamálasvið:   | Tómas Örn Kristinsson framkvæmdastjóri <sup>1</sup> |
| Rekstrarsvið:      | Ingvar A. Sigfússon rekstrarstjóri                  |
| Tölfræðisvið:      | Sveinn E. Sigurðsson framkvæmdastjóri               |

---

1. Situr fundi bankaráðs.

## Starfsmenn

### AÐALSKRIFSTOFA/ LÖGFRÆÐINGAR O.FL.

#### *Skrifstofa bankastjórnar*

Ágústa Johnson  
Ellen Hrefna Haraldsdóttir  
Stefán Jóhann Stefánsson

#### *Lögfræðingar*

Sigfús Gauti Þórðarson  
Sveinbjörn Hafliðason

#### *Safnadeild*

Anton Holt  
Bergljót Gyða Helgadóttir  
Eva Sóley Sigurðardóttir  
Jónas Finnbogason  
Magný Gyða Ellertsdóttir  
Ólafur Pálmason  
Sveinbjörg Rut Helgadóttir  
Valborg Stefánsdóttir

### ALÞJÓÐASVIÐ

Björn Gunnar Ólafsson  
Hallgrímur Ólafsson  
Jón Þ. Sigurgeirsson  
Lilja D. Alfreðsdóttir  
Oddgeir Gunnarsson  
Sigurður Sturla Pálsson  
Þorbjörn Jónsson

### BÓKHALDSSVIÐ

Alf H. Pedersen  
Anna S. Árnadóttir  
Arndís Leifsdóttir  
Árni Þórðarson  
Erla Árnadóttir  
Halldóra Konráðsdóttir  
Ísólfrur Sigurðsson  
Jónína Guðbjartsdóttir  
Ólöf Jónsdóttir  
Runólfrur Sigurðsson

### ENDURSKOÐUN

Guðmundur Björnsson  
Helga Halldórsdóttir  
Lilja Steinþórsdóttir

### FJÁRMÁLASVIÐ

Hallgrímur Ásgeirsson  
Haukur C. Benediktsson  
Pálína Kristinsdóttir  
Tryggvi Pálsson  
Þór Þráinsson

#### *Fjárhirslur*

Auður Gísladóttir  
Birna Friðriksdóttir

Björn Björgvinsson  
Hannes Haraldsson  
Heiðrún Hulda Þórisdóttir  
Ingibjörg Jakobsdóttir  
Ingveldur S. Kristjánsdóttir  
Jóhanna Pétursdóttir  
Kolbrún Jóhannsdóttir  
Kristján Guðmundsson  
María Jenný Jónasdóttir  
Stefán Arnarson

### HAGFRÆÐISVIÐ

Arnór Sighvatsson  
Elín Guðjónsdóttir  
Guðmundur Guðmundsson  
Guðrún Sigmarsdóttir  
Hjördís Dröfn Vilhjálmsdóttir  
Kirstín Þ. Flygenring  
Kristjón Kolbeins  
Lúðvík Elíasson  
Magnús Fjalar Guðmundsson  
Markús Möller  
Már Guðmundsson  
Ólafur Klemensson  
Rannveig S. Sigurðardóttir  
Sif Cortes  
Þórarinn G. Pétursson

### PENINGAMÁLASVIÐ

Bergur Barðason  
Gerður Ísberg  
Halldór Sveinn Kristinsson  
Kolbrún Guðlaugsdóttir  
Tómas Örn Kristinsson

### REKSTRARSVIÐ

Anna María Pétursdóttir  
Birna K. Jónsdóttir  
Hólmfríður M. Ingibergsdóttir  
Ingvar A. Sigfússon  
Þórður Gautason

#### *Bifreiðastjórn o.fl.*

Garðar Halldórsson  
Karl G. Smith

#### *Fjölritun og póstur*

Hjördís Thorarensen  
Hólmgeir H. Hákonarson  
Klara Jóhannsdóttir  
Loftur Þ. Sigurjónsson  
Ólöf Björnsdóttir  
Sveinn A. Blöndal

#### *Húsvarsla/viðhald/ræsting*

Anna Rós Hauksdóttir  
Berglind Þorsteinsdóttir

Bylgja Þorvarðardóttir  
Edda Kristjánsdóttir  
Eygló Ingvadóttir  
Hrönn Hallgrímsdóttir  
Inga Lára Ingvarsdóttir  
Marteinn Jóhannesson  
Ólafía Egilsdóttir  
Sigurlaug Jósepsdóttir  
Sólveig Kristinsdóttir  
Svala Sigurðardóttir  
Sören P. Madsen  
Vigdís G. Guðmundsdóttir  
Þorsteinn Eyjólfsson

#### *Mötuneyti*

Guðrún Unnur Guðmundsdóttir  
Halla Kristín Björnsdóttir  
Ingibjörg Guðmundsdóttir  
Margrét Ríkharðsdóttir  
Sigurberg Jónsson

#### *Rítarar*

Guðrún Haraldsdóttir  
Kristín Hjartar  
Pálín Dögg Helgadóttir  
Sigríður Bogadóttir  
Þórey Þórarinsdóttir

#### *Öryggisvarsla*

Brynjólfur Samúelsson  
Guðleifur Svanbergsson  
Gunnlaugur Magnússon  
Hannes Ólafsson  
Jóhann Gunnar Friðjónsson  
Sveinbjörn Kristjánsson  
Þorsteinn Þorvaldsson

#### *Tölvudeild*

Arnar Freyr Guðmundsson  
Einar Örn Ólafsson  
Guðmundur Harðarson  
Indriði I. Stefánsson  
Mark R. Eldred  
Takako I. Jónsson  
Tryggvi Eyvindsson

### TÖLFRÆÐISVIÐ

Anna Sif Gunnarsdóttir  
Eiður H. Einarsson  
Hrönn Helgadóttir  
Jakob Gunnarsson  
Kristína Baldursdóttir  
Lárus Bollason  
Pétur Örn Sigurðsson  
Sigfríður Fanney Úlfjótisdóttir  
Sveinn E. Sigurðsson





ÁRSREIKNINGUR 2002

### Staðfesting yfirstjórnar Seðlabanka Íslands

Bankaráð og bankastjórn Seðlabanka Íslands staðfesta hér með ársreikning bankans fyrir árið 2002 með undirritun sinni.

Reykjavík, 27. febrúar 2003

### Áritun bankaráðs

*Ólafur G. Einarsson*  
formaður

*Davíð Aðalsteinsson*

*Hannes Hólmsteinn Gissurarson*

*Jón Sigurðsson*

*Ragnar Arnalds*

*Sigríður Stefánsdóttir*

*Þröstur Ólafsson*

### Áritun bankastjórnar

*Birgir Ísl. Gunnarsson*  
formaður

*Eiríkur Guðnason*

*Ingimundur Friðriksson*

*Erla Árnadóttir*  
aðalbókari

*Lilja Steinþórsdóttir*  
aðalendurskoðandi

### Til bankaráðs og bankastjórnar Seðlabanka Íslands

Ríkisendurskoðun hefur endurskoðað ársreikning Seðlabanka Íslands fyrir árið 2002. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi og skýringar nr. 1 til 14. Ársreikningurinn er lagður fram af stjórnendum bankans og á ábyrgð þeirra í samræmi við lög og reglur. Ábyrgð Ríkisendurskoðunar felst í því álit sem hún lætur í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar.

Endurskoðað var í samræmi við góða endurskoðunarvenju. Samkvæmt henni ber að skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægileg vissa fái um að ársreikningurinn sé í öllum meginatriðum án annmarka. Endurskoðunin felur m.a. í sér úrtakskannanir og athuganir á gögnum til að sannreyna fjárhæðir og aðrar upplýsingar sem koma fram í ársreikningnum. Endurskoðunin felur einnig í sér athugun á þeim reikningsskila- aðferðum og matsreglum sem notaðar eru við gerð ársreikningsins og mat á framsetningu hans í heild. Ríkisendurskoðun telur að endurskoðunin sé nægjanlega traustur grunnur til að byggja álit okkar á.

Það er álit Ríkisendurskoðunar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu bankans á árinu 2002 og efnahag hans 31. desember 2002 og breytingu á handbæru fé á árinu 2002, í samræmi við lög, reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands og góða reikningsskilavenju.

Reykjavík, 27. febrúar 2003

*Sigurður Þórðarson*  
ríkisendurskoðandi

### Staðfesting forsætisráðherra

Með skírskotun til yfirlýsinga endurskoðenda og bankaráðs staðfestist reikningurinn hér með.

Reykjavík, 21. mars 2003

*Davíð Oddsson*  
forsætisráðherra

## Rekstrarreikningur árið 2002

|  | Skýringar | 2002              | 2001              |
|--|-----------|-------------------|-------------------|
| <b>Vaxtatekjur</b>   |           |                   |                   |
| Af innlendum eignum .....  |           | 7.675.443         | 7.131.829         |
| Af erlendum eignum .....   |           | 3.051.246         | 2.668.413         |
| Gengishagnaður .....   |           | -                 | 970.448           |
|  |           | <u>10.726.689</u> | <u>10.770.690</u> |
| <b>Vaxtagjöld</b>  |           |                   |                   |
| Af innlendum skuldum .....   |           | 4.558.361         | 4.617.492         |
| Af erlendum skuldum .....  |           | 473.439           | 1.275.530         |
| Verðbreytingagjöld .....   | 1         | -                 | 3.201.175         |
| Gengistap .....  |           | 2.554.858         | -                 |
|  |           | <u>7.586.658</u>  | <u>9.094.197</u>  |
|  |           | 3.140.031         | 1.676.493         |
| <b>Hreinar vaxtatekjur</b>   |           |                   |                   |
| <b>Aðrar rekstrartekjur</b>  |           |                   |                   |
| Aðrar rekstrartekjur.....  | 14        | 97.641            | 132.754           |
| <b>Rekstrargjöld</b>   |           |                   |                   |
| Laun og launatengd gjöld .....   | 6, 12     | 661.969           | 567.094           |
| Annar rekstrarkostnaður .....  | 13        | 434.610           | 317.413           |
| Framlag til Þjóðhagsstofnunar .....  | 13        | -                 | 61.700            |
|  |           | <u>1.096.579</u>  | <u>946.207</u>    |
|  |           | 2.141.093         | 863.040           |
| <b>Hagnaður fyrir óreglulega liði</b>                                      |           |                   |                   |
| <b>Óregluleg gjöld</b>   |           |                   |                   |
| Framlag vegna lífeyrisskuldbindinga starfsmanna<br>Þjóðhagsstofnunar ..... | 6         | -                 | 78.300            |
|  |           | 2.141.093         | 784.740           |
| <b>Hagnaður fyrir framlag til ríkissjóðs</b>                               |           |                   |                   |
| Framlag til ríkissjóðs.....  | 7         | 713.698           | 261.580           |
|  |           | <u>1.427.395</u>  | <u>523.160</u>    |
| <b>Hagnaður ársins</b>   |           |                   |                   |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Seðlabanki Íslands

| <i>EIGNIR</i>                                      | Skýringar               | 2002               | 2001               |
|--|-------------------------|--------------------|--------------------|
| <b>Erlendar eignir</b>                             |                         |                    |                    |
| Bankainnstæður .....                               |                         | 9.509.784          | 5.227.523          |
| Gulleign .....                                     | 3                       | 1.726.625          | 1.752.373          |
| Verðbréf og ríkisvixlar .....                      | 2                       | 24.093.469         | 27.422.529         |
| Gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn ..... | 5                       | 2.049.927          | 2.420.324          |
|  | <b>Erlendar eignir</b>  | <b>37.379.805</b>  | <b>36.822.749</b>  |
| <b>Innlendar eignir</b>                            |                         |                    |                    |
| <i>Innlánsstofnanir</i>                            |                         |                    |                    |
| Endurhverf verðbréf .....                          |                         | 69.035.174         | 50.020.348         |
| Skammtímalán .....                                 |                         | -                  | 3.902.002          |
| Aðrar kröfur .....                                 |                         | 105.414            | 130.514            |
|  |                         | <b>69.140.588</b>  | <b>54.052.864</b>  |
| <i>Aðrar fjármálastofnanir</i>                     |                         |                    |                    |
| Markaðsskráð verðbréf .....                        |                         | 3.444.631          | 2.954.340          |
| Endurhverf verðbréf .....                          |                         | 4.782.032          | 18.790.011         |
| Skammtímalán .....                                 |                         | -                  | 1.030.000          |
|  |                         | <b>8.226.663</b>   | <b>22.774.351</b>  |
| <i>Ríkissjóður</i>                                 |                         |                    |                    |
| Markaðsskráð verðbréf .....                        |                         | 1.815.722          | 2.144.496          |
|  |                         | <b>1.815.722</b>   | <b>2.144.496</b>   |
| <i>Aðrir aðilar</i>                                |                         |                    |                    |
| Ýmsir reikningar .....                             | 2                       | 46.281             | 76.776             |
| Verðbréf .....                                     |                         | 40.748             | 28.024             |
|  |                         | <b>87.029</b>      | <b>104.800</b>     |
|  | <b>Innlendar eignir</b> | <b>79.270.002</b>  | <b>79.076.511</b>  |
| <b>Eignir alls .....</b>                           |                         | <b>116.649.807</b> | <b>115.899.260</b> |
| <b>Eignir utan efnahags .....</b>                  | <b>4</b>                |                    |                    |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Efnahagur 31. desember 2002

| <i>SKULDIR OG EIGIÐ FÉ</i>                  |                          |                    |                    |
|---|--------------------------|--------------------|--------------------|
|   | Skýringar                | 2002               | 2001               |
| <i>Erlendar skuldir</i>                     |                          |                    |                    |
| Til skamms tíma .....                       |                          | 16.498.659         | 14.978.621         |
| Mótvirði við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn ..... | 5                        | 1.801.984          | 2.129.520          |
|   | <i>Erlendar skuldir</i>  | <u>18.300.643</u>  | <u>17.108.141</u>  |
| <i>Innlendar skuldir</i>                    |                          |                    |                    |
| Seðlar og mynt .....                        |                          | 9.589.573          | 9.173.998          |
| <i>Innlánsstofnanir</i>                     |                          |                    |                    |
| Almennar innstæður .....                    |                          | 1.164.306          | 964.651            |
| Bindireikningar .....                       |                          | 21.836.543         | 17.677.897         |
|   |                          | <u>23.000.849</u>  | <u>18.642.548</u>  |
| <i>Aðrar fjármálastofnanir</i>              |                          |                    |                    |
| Almennar innstæður .....                    |                          | 75.360             | 837.309            |
| Bindireikningar .....                       |                          | 1.257.968          | 1.288.300          |
|   |                          | <u>1.333.328</u>   | <u>2.125.609</u>   |
| <i>Ríkissjóður og ríkisstofnanir</i>        |                          |                    |                    |
| Ríkissjóður, viðskiptareikningar .....      |                          | 8.770.671          | 10.987.909         |
| Ríkisstofnanir, viðskiptareikningar .....   |                          | 1.978.314          | 1.575.107          |
| Gjaldeyriseikningar .....                   |                          | 393.809            | 4.544.152          |
| Bundin innlán .....                         |                          | 11.518.624         | 16.136.533         |
|   |                          | <u>22.661.418</u>  | <u>33.243.701</u>  |
| <i>Aðrar skuldir</i>                        |                          |                    |                    |
| Ríkissjóður .....                           |                          | 744.541            | 265.656            |
| Ýmsir aðilar .....                          |                          | 339.187            | 600.341            |
| Lífeyrisskuldbindingar .....                | 6                        | 426.360            | 412.754            |
|   |                          | <u>1.510.088</u>   | <u>1.278.751</u>   |
|   | <i>Innlendar skuldir</i> | <u>58.095.256</u>  | <u>64.464.607</u>  |
| <i>Eigið fé</i>                             |                          |                    |                    |
| Stofnfé .....                               |                          | 13.501.000         | 9.001.000          |
| Annað eigið fé .....                        |                          | 26.752.908         | 25.325.512         |
|   | <i>Eigið fé</i>          | <u>40.253.908</u>  | <u>34.326.512</u>  |
|   | 8, 9                     |                    |                    |
| Skuldir og eigið fé .....                   |                          | <u>116.649.807</u> | <u>115.899.260</u> |
| Skuldbindingar utan efnahags .....          | 11                       |                    |                    |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Sjóðstreymi árið 2002

| REKSTRARHREYFINGAR                                      | 2002        | 2001         |
|---|-------------|--------------|
| Hagnaður ársins.....                                    | 1.427.395   | 523.160      |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé:        |             |              |
| Verðbreytingagjöld.....                                 | -           | 3.201.175    |
| Verðbætur og gengistap eignaliða.....                   | (749.666)   | (5.112.458)  |
| Gengishagnaður skuldaliða.....                          | (3.808.495) | 4.982.227    |
| Samtals rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á handbært fé | (4.558.161) | 3.070.944    |
| Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum.....       | 281.768     | 75.364       |
| Handbært fé frá rekstri                                 | (2.848.998) | 3.669.468    |
| <b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR</b>                          |             |              |
| Erlendar bankainnstæður, lækkun.....                    | -           | 2.215.789    |
| Gulleign, (hækkun).....                                 | (26.505)    | (35.947)     |
| Erlend verðbréf og ríkisvixlar, lækkun.....             | 11.200      | 6.516.544    |
| Endurhverf verðbréf, (hækkun).....                      | (5.057.278) | (21.862.660) |
| Ýmsar kröfur, lækkun.....                               | 705.501     | 1.771.122    |
| Fjárfestingarhreyfingar samtals                         | (4.367.082) | (11.395.152) |
| <b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</b>                           |             |              |
| Erlendar skuldir, hækkun.....                           | 5.031.812   | (5.372.727)  |
| Seðlar og mynt í umferð, hækkun.....                    | 415.575     | 501.765      |
| Bindireikningar, hækkun.....                            | 4.128.313   | (3.104.633)  |
| Bundin innlán ríkissjóðs, (lækkun).....                 | (4.617.910) | 16.000.000   |
| Stofnfé SÍ, hækkun.....                                 | 4.500.000   | 9.000.000    |
| Fjármögnunarhreyfingar samtals                          | 9.457.790   | 17.024.405   |
| Breyting á handbæru fé, hækkun.....                     | 8.126.732   | 9.298.721    |
| Gengistap handbærs fjár, (lækkun).....                  | (5.885.021) | 3.229.467    |
| Handbært fé í ársbyrjun.....                            | 20.743.937  | 8.215.745    |
| Handbært fé í árslok.....                               | 22.985.648  | 20.743.932   |
| Aðrar upplýsingar:                                      |             |              |
| Greitt framlag til ríkissjóðs.....                      | 261.580     | 667.507      |

Fjárhæðir eru í þúsundum króna

## Skýringar við ársreikning Seðlabankans 2002

---

1. Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og ákvæði laga nr. 113/1996 um viðskiptabanka og sparisjóði, reglur um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands nr. 896/2002, sem settar voru á grundvelli ákvæða 32. gr. laga um Seðlabanka Íslands og góða reikningsskilavenju. Hann er byggður á kostnaðarverðsreikningsskilum og gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður að öðru leyti en því að hætt er útreikningi verðbreytingafærslu.
  - Í samræmi við breytingar á lögum um ársreikninga og reglur nr. 896/2002 um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands er útreikningi verðbreytingafærslu hætt. Ef verðbreytingafærsla væri reiknuð á sama hátt og áður væri um að ræða verðbreytingatekjur að fjárhæð 1,8 ma.kr. Hagnaður bankans fyrir framlag til ríkissjóðs næmi 3,9 ma.kr., framlag til ríkissjóðs væri 1,3 ma.kr. og hagnaður árið 2002 hefði orðið 2,6 ma.kr.
  - Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í árslok 2002. Tekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Gengishagnaður/gengistap er fært í rekstrarreikning. Bókfærðar eignir bankans eru færðar á markaðsverði.
  - Í verðtrygðum eignum og skuldum bankans eru meðtaldar áfallnar verðbætur í árslok og er í því sambandi miðað við viðeigandi vísitölur í janúar 2003. Í rekstrarreikningi eru verðbætur færðar með vöxtum af innlendum eignum.
  - Kaupverð varanlegra rekstrarfjármuna er gjaldfært í rekstrarreikningi á kaupári skv. reglum nr. 896/2002.
  - Í sjóðstreymi er handbært fé skilgreint sem þær eignir og skuldir sem eru lausar á tveimur bankadögum og eru notaðar við daglega sjóðstjórn Seðlabankans. Handbært fé þannig skilgreint sýnir laust fé bankans í árslok.
2. Seðlabanki Íslands á 1.000 hluti í Alþjóðagreiðslubankanum (Bank for International Settlements), sem verðlagðir eru á 2.500 gullfranka hver hlutur. Fjórðungur bréfanna hefur verið greiddur samtals að verðmæti 98 m.kr. Eignarhlutir bankans eru færðir undir liðnum *erlendar eignir/verðbréf og ríkisvixlar*.
  - Eignarhluti bankans í þremur hlutafélögum eru færðir undir liðnum *aðrir aðilar/ýmsir reikningar* í efnahagsreikningi.

### Reikningsskilaaðferðir

### Eignarhlutir

|   | <i>Eignar-<br/>hlutur</i> | <i>Bókfært<br/>verð, m.kr.</i> |
|---|---------------------------|--------------------------------|
| Eignarhaldsfélagið Verðbréfabing hf. .... | 11%                       | 5,6                            |
| Fjölgreiðslumiðlun hf. ....               | 8%                        | 1,2                            |
| Snorrabraut 29 hf.                        |                           |                                |
| Fræðslumiðstöð bankanna .....             | 15%                       | <u>2,7</u>                     |
|   |                           | <u>9,5</u>                     |

#### Erlendar eignir og gulleign

3. Í árslok 2002 voru erlendar eignir bankans 37,4 ma.kr. en 36,8 ma.kr. í lok ársins á undan. Meðtalin í þessari stöðu er gulleign bankans sem var 62.516 únsur. Gullið er í árslok 2002 metið á síðasta markaðsverði ársins í London sem var USD 342,75 úsan eða kr. 27.619. Heildareign bankans í gulli nam í árslok 1,7 ma.kr. Gulleign bankans jókst á árinu um 958 únsur, sem samsvarar leigutekjum ársins, en gullið er að mestum hluta leigt út gegn gjaldi.

#### Eignir utan efnahags

4. Í samræmi við 3. gr. reglna nr. 896/2002 um reikningsskil og ársreikning Seðlabanka Íslands eru varanlegir rekstrarfjármunir gjaldfærðir á kaupári eða byggingarári. Þeir koma því ekki fram í efnahagsreikningi.
- Í árslok 2002 átti bankinn eftirtaldar fasteignir, sem voru metnar þannig (í m.kr.):

|                        | <i>Fasteigna-<br/>og lóðamat</i> | <i>Tryggingamat</i> |
|------------------------|----------------------------------|---------------------|
| Kalkofnsvegur 1 .....  | 1.981                            | 2.900               |
| Einholt 4 .....        | 186                              | 256                 |
| Ægisíða 54 (50%) ..... | 21                               | 22                  |
| Aðrar eignir .....     | 12                               | 17                  |
|                        | <u>2.200</u>                     | <u>3.195</u>        |

- Að auki átti bankinn eftirtalda fjármuni í árslok 2002, sem voru metnir þannig (í m.kr.):

|  |            |
|--|------------|
| Bifreiðar – áætlað markaðsverð .....                     | 14         |
| Vélar, tölvur, húsbúnaður og listaverk – tryggingamat .. | 387        |
| Bóka- og myntsafn – tryggingamat .....                   | <u>124</u> |
|  | <u>525</u> |

- Aðild Seðlabanka Íslands að Reiknistofu bankanna er ekki eignfærð í ársreikningi. Að formi til er um að ræða sameiginlegan rekstur á vegum allra banka og sparisjóða landsins samkvæmt samningi þar um. Í samstarfssamningi kemur fram að Seðlabanki Íslands hafi lagt til fimmtung stofnframlags Reiknistofu bankanna.
- Seðlabanki Íslands hafði í árslok 2002 umsaminn aðgang að lánaþyrirgreiðslu erlendra fjármálastofnana að upphæð USD 730 m., sem svarar til u.þ.b. 59 ma.kr.



- Seðlabankinn gerði framvirkan samning í ágúst 2002, þar sem bankinn skuldbatt sig til að selja gjaldeyri fyrir íslenskar krónur. Fyrsti hluti sammingsins var efndur 2002, en 15. janúar og 28. mars 2003 mun bankinn selja gjaldeyri og fá greiddar ISK 1,4 ma.kr. Áfallnir vextir og áfallinn gengishagnaður af þessum samningi er tekjufært og fært til eignar í ársreikningi, alls að fjárhæð 105 m.kr.

5. Úthlutaður kvóti Íslands við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn (IMF) nam 117,6 millj. SDR í lok ársins 2002. Allt að 25% er greitt í SDR, *erlendar eignir/gjaldeyrisstaða við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn*, en afgangurinn í gjaldmiðli þjóðarinnar (10,8 ma.kr.). Gjalddeyrisstaða bankans við sjóðinn nam 18,6 millj. SDR. Úthlutun sérstakra dráttarréttinda við sjóðinn var 16,4 millj. SDR.

#### Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn

##### Eignir:

|                                       | SDR         | ISK/m.kr. |
|---------------------------------------|-------------|-----------|
| Kvóti Seðlabanka Íslands .....        | 117.600.000 | 12.871,3  |
| Inneign IMF hjá SÍ .....              | -99.017.670 | -10.837,5 |
|                                       | 18.582.330  | 2.033,8   |
| Viðskiptareikningur IMF hjá           |             |           |
| Seðlabanka Íslands .....              | 598         | 0,1       |
| Gjalddeyrisstaða SÍ hjá IMF .....     | 18.582.928  | 2.033,9   |
| Áfallnir vextir af gjalddeyrisstöðu . | 40.357      | 4,4       |
|                                       | 18.623.285  | 2.038,3   |
| SDR við sjóðinn .....                 | 106.061     | 11,6      |
|                                       | 18.729.346  | 2.049,9   |

##### Skuldir:

|                                    | SDR        | ISK/m.kr. |
|------------------------------------|------------|-----------|
| Mótvirði úthlutaðra SDR .....      | 16.409.000 | 1.795,9   |
| Viðskiptareikningar IMF hjá SÍ ... | 598        | 0,1       |
| Áfallnir vextir .....              | 54.343     | 5,9       |
|                                    | 16.463.941 | 1.801,9   |

6. Samkvæmt mati tryggingastærðfræðings námu skuldbindingar Seðlabanka Íslands vegna eftirlauna fyrrverandi bankastjóra, maka þeirra og forstjóra Þjóðhagsstofnunar samtals 344 m.kr. í árslok 2002. Framlag bankans árið 2002 er 51,5 m.kr.
- Samkvæmt tryggingafræðilegu mati námu lífeyrisskuldbindingar vegna fyrrverandi starfsmanna Þjóðhagsstofnunar 78,3 m.kr. í árslok 2001 og voru þær færðar undir liðnum *aðrar skuldir/lífeyrisskuldbindingar* í efnahagsreikningi. Til að mæta hækkun þessara skuldbindinga er framlagið hækkað skv. neysliverðsvísitölu og almennum launahækkunum samtals um 3,9 m.kr.
  - Heildarframlög vegna lífeyrisskuldbindinga árið 2002 eru því 55,4 m.kr.

#### Lífeyrisskuldbindingar

- Fyrirverandi starfsmaður bankans hefur höfðað mál á hendur honum vegna eftirlaunaskuldbindinga. Dóms er að vænta á fyrri hluta árs 2003.

#### Framlag til ríkissjóðs

7. Framlag til ríkissjóðs, skv. 34. gr. laga nr. 36/2001, reiknast sem 2/3 hluta hagnaðar bankans ef lágmarksskilyrðum um fjárhæð eigin fjár er fullnægt. Eigið fé bankans var undir þessum mörkum í árslok 2002. Framlagið reiknast því 1/3 hluti hagnaðar skv. sömu lagagrein og nemur 714 m.kr.

#### Sundurliðun eigin fjár

8. Í árslok 2002 nam eigið fé bankans 40,3 ma.kr., en 34,3 ma.kr. í árslok 2001. Hækkunin skýrist á eftirfarandi hátt (í m.kr.):

*M.kr.*

|  |                 |
|--|-----------------|
| Eigið fé í ársbyrjun .....             | 34.326,5        |
| Framlag ríkissjóðs til stofnfjár ..... | 4.500,0         |
|  | <u>38.826,5</u> |
| Afkoma ársins .....                    | 1.427,4         |
| Eigið fé í árslok .....                | <u>40.253,9</u> |

Meðal eigin fjár er stofnfé bankans að fjárhæð 9.001 m.kr. Eftir framlag ríkissjóðs til stofnfjár bankans nemur það 13,5 ma.kr. í árslok 2002.

#### Þróun afkomu bankans

9. Á síðastliðnum fimm árum hefur eigið fé bankans breyst eins og eftirfarandi tafla sýnir (tölur í milljónum króna á verðlagi hvers árs):

|   | 1998          | 1999          | 2000          | 2001          | 2002          |
|---|---------------|---------------|---------------|---------------|---------------|
| Eigið fé í ársbyrjun                    | 16.654        | 17.969        | 18.682        | 21.602        | 34.327        |
| Arðsjóður í ársbyrjun                   | (1.412)       | (1.557)       | (1.702)       | (1.847)       | -             |
|   | <u>15.242</u> | <u>16.412</u> | <u>16.981</u> | <u>19.755</u> | <u>34.327</u> |
| Framlag ríkissjóðs til stofnfjár        |               |               |               | 9.000         | 4.500         |
| Framlag í arðsjóð                       | -             | (145)         | (145)         | -             | -             |
| Verðbreytingagjöld                      | 191           | 391           | 1.885         | 3.201         | -             |
| Hagnaður fyrir framlag                  | 1.510         | 916           | 1.702         | 785           | 2.141         |
| Framlag til ríkissjóðs                  | (531)         | (594)         | (668)         | (262)         | (714)         |
| Arðsjóður fluttur í óráðstafað eigið fé | -             | -             | -             | 1.847         | -             |
|   | <u>16.412</u> | <u>16.980</u> | <u>19.755</u> | <u>34.327</u> | <u>40.254</u> |
| Arðsjóður í árslok                      | 1.557         | 1.702         | 1.847         | -             | -             |
| Eigið fé í árslok                       | <u>17.969</u> | <u>18.682</u> | <u>21.602</u> | <u>34.327</u> | <u>40.254</u> |
| Heildareign í árslok (millj. kr.)       | 74.975        | 90.291        | 102.076       | 115.899       | 116.650       |
| Hlutfall eigin fjár og heildareigna í % | 24,0          | 20,7          | 21,2          | 29,6          | 34,5          |

10. Á árinu 2002 námu heildarlaun og þóknarir til bankaráðs og bankastjórnar 46 m.kr. Bankastjórnar fá ekki greidda þóknun fyrir setu í stjórnnum og nefndum sem stofnanir og fyrirtæki á fjármála-markaði standa sameiginlega að eða sem Seðlabankinn tilnefnir fulltrúa í skv. lögum.

### Laun og þóknarir til yfirstjórnar

11. Seðlabanki Íslands er skuldbundinn til að greiða útistandandi 75% af heildarandvirði hlutabréfa í Alþjóðagreiðslubankanum (Bank for International Settlements, BIS), verði kallað eftir því. Sú fjárhæð nemur 293 m.kr.

### Skuldbindingar utan efnahagsreiknings

- Í gildi er samningur um skammtímalánafyrirgreiðslu við seðlabanka Norðurlandanna að Finnlandi undanskildu. Seðlabankinn hefur skv. honum skuldbundið sig til að lána allt að 100 milljónir evra, en getur fengið að láni allt að 200 milljónir evra.
- Seðlabankinn gerði framvirkan samning í ágúst 2002, þar sem bankinn skuldbatt sig til að selja dollara, pund, yen og evrur fyrir krónur á þremur gjalddögum. Fyrsti hluti sammingsins var efndur 2002, en 15. janúar og 28. mars 2003 mun bankinn selja gjaldeyri samtals að fjárhæð USD 7,9 milljónir, GBP 1,2 milljónir, JPY 186 milljónir og EUR 6,1 milljón.

12. Laun og launatengd gjöld hækkuðu um 17% á árinu. Stærsta hlutann af því má rekja til hækkunar á framlagi til lífeyrisskuldbindinga bankans. Laun hækkuðu um 8%, sem rekja má til umsaminnar 6% launahækkunar samkvæmt kjarasamningi bankamanna svo og fjölgunar starfsmanna bankans vegna aukinna verkefna.

### Laun og launatengd gjöld

|                                   | 2002<br>Þús. kr. | 2001<br>Þús. kr. |
|-----------------------------------|------------------|------------------|
| Laun                              | 513.489          | 476.055          |
| Framlag til lífeyrisskuldbindinga | 55.407           | 8.624            |
| Launatengd gjöld                  | 93.073           | 82.415           |
|                                   | <u>661.969</u>   | <u>567.094</u>   |

## Annar rekstrarkostnaður

13. Aðkeypt þjónusta stóð því sem næst í stað, en liðurinn eignir og lausafjármunir hækkaði um 18%. Stærstan hluta þeirrar hækkunar má rekja til viðhalds á húseign bankans að Kalkofnsvegi 1 og endurnýjunar tölvulagna.

|                                 | 2002<br>Þús. kr. | 2001<br>Þús. kr. |
|---------------------------------|------------------|------------------|
| <b>Aðkeypt þjónusta</b>         |                  |                  |
| Sérfræðistörf                   | 5.870            | 5.671            |
| Póst- og símagjöld              | 16.784           | 14.699           |
| Auglýsingar                     | 2.779            | 2.647            |
| Upplýsingamiðlun                | 22.594           | 20.162           |
| Tölvuvinnsla                    | 35.024           | 34.954           |
| Öryggisvarsla                   | 9.154            | 8.482            |
| Aðkeyptur akstur                | 3.312            | 3.206            |
|                                 | <u>95.517</u>    | <u>89.821</u>    |
| <b>Eignir og lausafjármunir</b> |                  |                  |
| Húsnæði                         | 4.086            | 3.692            |
| Rafmagn og hiti                 | 8.611            | 8.411            |
| Hreingerningar og ræstivörur    | 6.179            | 6.792            |
| Viðhald o.fl.                   | 41.893           | 11.895           |
| Fasteignagjöld                  | 38.938           | 40.179           |
| Tryggingar                      | 6.792            | 5.999            |
| Tölvu- og skrifstofubúnaður     | 19.214           | 20.295           |
| Viðhald og viðgerð búnaðar      | 5.500            | 5.647            |
| Bóka- og myntsafn, listaverk    | 12.387           | 13.542           |
| Bifreiðar                       | -1.900           | 2.370            |
| Bifreiðarekstur                 | 4.324            | 5.223            |
|                                 | <u>146.024</u>   | <u>124.045</u>   |
| <b>Ýmsir rekstrarliðir</b>      |                  |                  |
| Ritföng, prentun o.fl.          | 4.306            | 3.544            |
| Gestamóttaka og fundahöld       | 9.158            | 12.020           |
| Ferðakostnaður                  | 28.662           | 28.627           |
| Fræðslumál                      | 12.771           | 11.912           |
| Starfsmannaþjónusta             | 11.676           | 8.282            |
| Útgáfustarfsemi                 | 12.309           | 10.099           |
| Óskiptur kostnaður              | 3.359            | 2.820            |
|                                 | <u>82.241</u>    | <u>77.304</u>    |

#### Aðrir rekstrarliðir

Kostnaður við prentun seðla og myntsláttu er mjög breytilegur frá ári til árs. Til að ná fram hagstæðu verði við prentun seðla og myntsláttu er pantað magn til nokkurra ára í senn. Á árinu 2002 voru bæði prentaðir nýir seðlar og slegin mynt.

|                                 | 2002           | 2001           |
|---------------------------------|----------------|----------------|
|                                 | Þús. kr.       | Þús. kr.       |
| Kostnaður við seðla og mynt     | 103.423        | 17.508         |
| Sérstök verkefni og fjárframlög | 7.405          | 8.735          |
|                                 | <u>110.828</u> | <u>26.243</u>  |
| Annar rekstrarkostnaður samtals | <u>434.610</u> | <u>317.413</u> |

#### Framlag til Þjóðhagsstofnunar

Með lögum nr. 36/2001 um Seðlabanka Íslands féll 50% kostnaðarhlutdeild hans vegna rekstrar Þjóðhagsstofnunar niður frá og með 1. janúar 2002.

14. Lækkun á öðrum rekstrartekjum nam 26%. Stærstan hluta þess má rekja til þess að umsjón spariskírteina er ekki lengur hjá Seðlabanka Íslands. Þó voru umtalsverðar tekjur um 54 m.kr. á síðasta ári vegna rafvæðingar spariskírteinaflokka, en því verkefni er lokið. Viðurlög vegna vanefnda á lausafjárskyldu viðskiptabanka og sparisjóða hækkuðu frá árinu áður.

#### Aðrar rekstrartekjur

|                                  | 2002          | 2001           |
|----------------------------------|---------------|----------------|
|                                  | Þús. kr.      | Þús. kr.       |
| Húsaleiga                        | 47.410        | 45.079         |
| Umsjón spariskírteina ríkissjóðs | 5.367         | 54.427         |
| Gíróafgreiðslugjöld              | 30.044        | 27.429         |
| Viðurlög vegna lausafjárskyldu   | 10.281        | 1.359          |
| Aðrar tekjur                     | 4.539         | 4.460          |
| Aðrar rekstrartekjur samtals     | <u>97.641</u> | <u>132.754</u> |

## VIÐAUKAR

### FJÁRMÁLAANNÁLL 2002

#### *Janúar 2002*

Hinn 9. janúar var tilkynnt að Kaupþing hf. hefði undirritað viljayfirlýsingu um kaup á sænska verðbréfafyrirtækinu Aragon Holding AB. Gert var ráð fyrir að kostgæfnisathugun lyki í janúar og að þá yrði endanlega gengið frá viðskiptunum.

Hinn 11. janúar var Kaupþingi hf. veitt viðskiptabankaleyfi. Þann 28. desember 2001 var samþykkt á hluthafafundi hjá Kaupþingi hf. að breyta samþykktum félagsins svo að unnt yrði að veita Kaupþingi viðskiptabankaleyfi. Meðal þess sem hluthafafundurinn samþykkti var að bæta orðinu banki aftan við heiti félagsins. Nafn félagsins eftir breytingu er Kaupþing banki hf. og starfar það samkvæmt lögum um viðskiptabanka og sparisjóði.

Hinn 20. janúar tóku gildi breytingar á starfrækslutíma stórgreiðslukerfis sem starfrækt er af Seðlabanka Íslands. Stórgreiðslukerfið verður starfrækt frá kl. 8.45 til kl. 18.00 og lágmarksupphæð greiðslufyrimæla er 25 milljónir króna.

Í fjárákualögum 2001 sem samþykkt voru á Alþingi í desember fólst m.a. heimild til þess að ríkissjóður legði Seðlabanka Íslands til stofnfé að fjárhæð 9 ma.kr. á árinu 2001. Framlagið var greitt í lok ársins. Í fjárlögum 2002 sem einnig voru samþykkt í desember fólst heimild til þess að greiða 4,5 ma.kr. stofnfjárframlag til bankans á árinu 2002.

#### *Febrúar 2002*

Hinn 11. febrúar var undirritaður samningur á milli Seðlabanka Íslands og Union Bank of Norway um lánsheimild að fjárhæð 200 milljónir Bandaríkjadala sem samsvaraði á þeim tíma tæplega 21 milljarði króna. Samningurinn er til fimm ára og felur í sér hagstæð kjör fyrir Seðlabankann. Samningurinn við Union Bank of Norway kemur til viðbótar

sambærilegum samningum um lánsheimildir við nokkrar aðrar fjármála- stofnanir.

Hinn 15. febrúar staðfesti alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch lánshæfis- einkunnina AA- fyrir ríkissjóð Íslands vegna lána í erlendri mynt. Fyrir- tækið staðfesti jafnframt lánshæfiseinkunnir fyrir skuldbindingar í ís- lenskum krónum en þær eru AAA fyrir langtímaskuldbindingar og F1+ fyrir skammtímalán. Horfur um lánshæfiseinkunnir vegna langtímalána voru taldar neikvæðar en voru áður stöðugar.

#### *Mars 2002*

Hinn 5. mars tilkynnti Seðlabanki Íslands um fyrirhugaðar breytingar á hæfi verðbréfa í endurhverfum viðskiptum.

Hinn 8. mars setti bankastjórn Seðlabanka Íslands formlegar reglur um millibankamarkað með gjaldeyrisskiptasamninga. Reglurnar tóku gildi 15. mars 2002.

Hinn 13. mars var tilkynnt að ákveðið hafi verið að binda endi á það ferli sem staðið hafði um skeið og miðaði að því að selja umtalsverðan hlut í Landssíma Íslands hf. til kjölfestufjórðings. Sölu hlutabréfa ríkis- ins verður haldið áfram um leið og aðstæður á fjármálamarkaði leyfa.

Hinn 26. mars tilkynnti bankastjórn Seðlabanka Íslands um lækun á vöxtum bankans í endurhverfum verðbréfaviðskiptum og á innstæðum lánastofnana í Seðlabankanum um 0,5 prósentur frá 1. apríl.

#### *Apríl 2002*

Hinn 1. apríl féllu í gjalddaga spariskírteini ríkissjóðs, RS02-0401, að fjárhæð 10 ma.kr. Í kjölfar gjalddagans jókst laust fé í umferð og lækkuðu vextir á millibankamarkaði umtalsvert.

Hinn 1. apríl var samkomulag um greiðslu þóknunar til viðskiptavaka á gjaldeyrismarkaði framlengt um þrjá mánuði.

Hinn 16. apríl tilkynnti matsfyrirtækið Moody's Investors Service að minnkandi þjóðhagslegt ójafnvægi styddi óbreytt mat á horfum fyrir lánshæfiseinkunn íslenska ríkisins. Helstu ástæður fyrir óbreyttum horf- um á lánshæfiseinkunnum Íslands, sem eru Aa3 á lánnum í erlendri mynt og Aaa á skuldabréfaútgáfu ríkissjóðs í íslenskum krónum, eru þróað hagkerfi, háar og jafnar þjóðartekjur á mann og stöðugt stjórn mála- ástand. Skipulagsumbætur liðins áratugar juku fjölbreytni í efnahags- lífinu, leiddu til mikils hagvaxtar, verðstöðugleika og verulega minni skulda hins opinbera.

Hinn 30. apríl tilkynnti Seðlabanki Íslands lækun stýrivaxta og annarra vaxta sinna um 0,3 prósentur hinn 1. maí 2002.

### *Maí 2002*

Hinn 8. maí var tilkynnt að fjármálaráðherra hefði falið Lánasýslu ríkisins að gefa út nýjan flokk óverðtryggðra ríkisbréfa. Ríkisbréfaflokkurinn er til 11 ára með lokagjalddaga í maí árið 2013 og verður lengsti óverðtryggði flokkurinn á íslenskum fjármálamarkaði til þessa.

Hinn 21. maí lækkaði bankastjórn Seðlabanka Íslands ávöxtun í endurhverfum viðskiptum bankans við lánastofnanir um 0,5 prósentur. Daglánavextir bankans voru lækkaðir um 0,5 prósentur en vextir á innstæðum á viðskiptareikningum lánastofnana í bankanum lækkaðir um 0,2 prósentur.

Hinn 28. maí ákvað ríkisstjórn Íslands að halda almennt útböð á hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf. Áformað var að selja 20% heildarhlutafjár í bankanum í þessum áfanga og lækka þannig eignarhlut ríkissjóðs úr rúmum 68% í rúmlega 48%. Salan fór fram í júní og gengu áformin að fullu eftir.

### *Júní 2002*

Hinn 18. júní var tilkynnt að bankastjórn Seðlabanka Íslands hefði ákveðið að lækka vexti bankans í endurhverfum viðskiptum við lánastofnanir um 0,3 prósentur í 8,5% frá 25. júní. Aðrir vextir bankans lækkuðu einnig um 0,3 prósentur frá 21. júní ef frá eru taldir vextir á innstæðum á viðskiptareikningum lánastofnana í Seðlabankanum sem haldið var óbreyttum.

### *Júlí 2002*

Hinn 1. júlí var lögð af opinber skráning Seðlabanka Íslands á gengi fyrri gjaldmiðla þeirra landa sem tekið hafa upp evru.

Hinn 5. júlí tók gildi ný gengisskráningarvog. Gengisskráningarvog er endurskoðuð árlega í ljósi samsetningar utanríkisviðskipta árið áður.

Hinn 10. júlí óskaði framkvæmdanefnd um einkavæðingu, fyrir hönd viðskiptaráðherra, eftir tilkynningum frá áhugasömum fjárfestum um kaup á a.m.k. 25% hlut í Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Leitað var eftir fjárfesti, innlendum eða erlendum, með það að markmiði að efla bankann og samkeppni á íslenskum fjármálamarkaði. Tekið var fram að framangreindur hlutur yrði einungis seldur í öðrum bankanum ef viðunandi verð fengist og viðræður leiddu til sölu. Stefnt væri að því að hlutur í hinum bankanum yrði seldur síðar á árinu.

Hinn 19. júlí var tilkynnt að Íbúðalánasjóður og Lánasýsla ríkisins hefðu gert með sér samning um að Lánasýslan taki að sér eftirlit með framkvæmd samnings Íbúðalánasjóðs við viðskiptavaka hús- og húsnæðisbréfa á eftirmarkaði fyrir tímabilið 1. júlí 2002 til 30. júní 2003. Mun eftirlit Lánasýslunnar með framkvæmdinni hefjast mánudaginn 22. júlí.



### *Ágúst 2002*

Hinn 1. ágúst lækkaði bankastjórn Seðlabanka Íslands ávöxtun í endurhverfum viðskiptum bankans við lánastofnanir um 0,6 prósentur. Daglánavextir bankans voru lækkaðir um 0,6 prósentur en vextir á innstæðum á viðskiptareikningum lánastofnana í bankanum lækkaðir um 0,3 prósentur.

Hinn 30. ágúst tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,3 prósentu vaxtalækkun. Vaxtalækkunin tók gildi þann 1. september. Eftir lækkunina voru stýrivextir bankans 7,6%.

### *September 2002*

Hinn 10. september var tilkynnt að ráðherranefnd um einkavæðingu hefði ákveðið að ganga til viðræðna við Samson eignarhaldsfélag ehf. um kaup á umtalsverðum hlut í Landsbanka Íslands hf. Jafnframt var ákveðið að hefja frekari undirbúning fyrir sölu á umtalsverðum hlut í Búnaðarbanka Íslands hf.

Hinn 18. september tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,5 prósentu vaxtalækkun. Vaxtalækkunin tók gildi þann 21. september. Eftir lækkunina voru stýrivextir bankans 7,1%.

Hinn 30. september keypti Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis alla hluti Kaupþings banka hf. í Frjálsa fjárfestingarbankanum hf.

### *Október 2002*

Hinn 15. október tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,3 prósentu vaxtalækkun. Vaxtalækkunin tók gildi þann 21. október. Eftir lækkunina voru stýrivextir bankans 6,8%.

Hinn 21. október var tilkynnt að framkvæmdanefnd um einkavæðingu og Samson eignarhaldsfélag ehf. hefðu náð samkomulagi um kaup Samson ehf. á 45,8% hlutabréfa í Landsbanka Íslands hf. Eftir þessi viðskipti verður eignarhlutur ríkisins í Landsbanka Íslands hf. um 2,5%. Í kjölfar samkomulagsins var ákveðið að halda áfram sölufurli vegna hlutabréfa ríkisins í Búnaðarbanka Íslands hf. Valdír voru tveir hópar fjárfesta til frekari viðræðna.

Hinn 22. október hækkaði matsfyrirtækið Moody's Investors Service lánshæfismat skuldabréfa og bankainnstæðna í erlendri mynt vegna skuldbindinga Íslands í Aaa sem er hæsta einkunn sem gefin er. Ísland hafði áður einkunnina Aa3.

Hinn 23. október undirritaði Landsbankinn samkomulag þess efnis að bankinn skuldbindi sig til að kaupa a.m.k. 55% hlut í SP-Fjármögnun hf. Meðal seljanda bréfanna eru Sparisjóðabankinn og SPRON.

### *Nóvember 2002*

Hinn 5. nóvember var tilkynnt að ráðherranefnd um einkavæðingu hefði ákveðið að gengið yrði til viðræðna við hóp fjárfesta sem samanstóð af Eignarhaldsfélaginu Andvöku, Eignarhaldsfélaginu Samvinnutryggingum, Vátryggingafélagi Íslands hf., Kaupfélagi Skagfirðinga svf., Keri hf. og Samvinnulífeyrissjóðnum auk einnar eða fleiri erlendra fjármálastofnana um kaup á umtalsverðum hlut í Búnaðarbanka Íslands hf. Ákvörðun þessi var byggð á forsendum framkvæmdanefndar um einkavæðingu og mati breska bankans HSBC á þeim gögnum sem borist höfðu frá þeim tveimur aðilum sem nefndin hafði átt í viðræðum við.

Hinn 6. nóvember tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,5 prósentna vaxtalækkun sem tók gildi 11. nóvember. Eftir lækkunina voru stýrivextir bankans 6,3%.

Hinn 12. nóvember hóf Hagstofa Íslands að birta tvær kjarnavísitölur til að mæla undirliggjandi verðbólguþróun. Í yfirlýsingu ríkisstjórnar og Seðlabanka Íslands frá 27. mars 2001 um verðbólguþróun og breytta gengisstefnu var gert ráð fyrir því að þess yrði farið á leit við Hagstofu Íslands að hún reiknaði eina eða fleiri vísitölur sem nota mætti til að meta undirliggjandi verðlagsþróun eins og nánar yrði samið um á milli Hagstofunnar og Seðlabankans. Kjarnavísitölur 1 og 2 eru afrakstur þeirrar vinnu. Báðar eru byggðar á sama grunni og vísitala neysluverðs en hin fyrri undanskilur verð grænmetis, ávaxta, búvöru og bensíns og hin síðari til viðbótar verð opinberrar þjónustu.

Hinn 18. nóvember tilkynnti matsfyrirtækið Standard & Poor's að það hefði breytt horfum um láns hæfi Íslands úr neikvæðum í stöðugar. Um leið staðfesti fyrirtækið láns hæfiseinkunnir Íslands, bæði einkunnina AA+/A-1+ fyrir lán í íslenskum krónum og A+/A-1+ fyrir lán í erlendri mynt. Helstu ástæður fyrir breyttu mati voru bætt ytri staða íslenska þjóðarbúsins, árangur sem náðst hafði í sölu ríkisbankanna og áframhaldandi góð afkoma bankanna að afloknu skeiði sem einkenndist af útlánaþenslu.

### *Desember 2002*

Hinn 10. desember var tilkynnt að sænska fjármálaeftirlitið hefði veitt samþykki sitt fyrir yfirtöku Kaupþings banka hf. á JP Nordiska bankanum í Stokkhólmi. Þar með var yfirtöku Kaupþings banka á JP Nordiska lokið.

Hinn 12. desember tilkynnti Seðlabanki Íslands um 0,5 prósentna vaxtalækkun sem tók gildi 17. og 21. desember. Eftir lækkunina voru stýrivextir bankans 5,8%.

## FRÉTTIR SEÐLABANKA ÍSLANDS ÁRIÐ 2002

|       |              |   |
|-------|--------------|---|
| Nr. 1 | 9. janúar    | Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.   |
| - 2   | 16. janúar   | Breyting á starfrækslutíma stórgreiðslukerfis   |
| - 3   | 6. febrúar   | Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.   |
| - 4   | 12. febrúar  | Erlendur lánsamningur Seðlabanka Íslands  |
| - 5   | 15. febrúar  | Fitch staðfestir lánshæfiseinkunn Íslands í AA flokki; horfur nú taldar neikvæðar í stað stöðugra   |
| - 6   | 6. mars      | Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.   |
| - 7   | 7. mars      | Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins 2001   |
| - 8   | 11. mars     | Mat S.Í. á efnahagslegum áhrifum virkjana og álversbyggingar  |
| - 9   | 25. mars     | Ný heimasíða Seðlabanka Íslands   |
| - 10  | 26. mars     | Seðlabanki Íslands lækkar vexti   |
| - 11  | 3. apríl     | Álit sendinefndar Alþjóðagjaldeyrissjóðsins   |
| - 12  | 5. apríl     | Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.   |
| - 13  | 16. apríl    | Moody's Investor Service: Minnkandi þjóðhagslegt ójafnvægi styður óbreytt mat á horfum fyrir lánshæfiseinkunn Íslands, Aa3, á lánum í erlendri mynt |
| - 14  | 30. apríl    | Seðlabanki Íslands lækkar vexti   |
| - 15  | 3. maí       | Standard & Poor's: Lánshæfismat Íslenska ríkisins óbreytt, horfur um matið enn neikvæðar  |
| - 16  | 7. maí       | Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.   |
| - 17  | 16. maí      | Seðlabanki Íslands lækkar vexti   |
| - 18  | 6. júní      | Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.   |
| - 19  | 6. júní      | Greiðslujöfnuðurinn við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins janúar-mars 2002  |
| - 20  | 7. júní      | Leiðrétt tafla um erlenda stöðu þjóðarbúsins í mars 2002  |
| - 21  | 18. júní     | Seðlabanki Íslands lækkar vexti   |
| - 22  | 1. júlí      | Seðlabanki Íslands hættir að skrá gengi eldri gjaldmiðla evrulanda  |
| - 23  | 3. júlí      | Skýrsla Alþjóðagjaldeyrissjóðsins um Ísland   |
| - 24  | 4. júlí      | Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.   |
| - 25  | 5. júlí      | Endurskoðun á gengisskráningarvog krónunnar   |
| - 26  | 1. ágúst     | Seðlabanki Íslands lækkar vexti   |
| - 27  | 7. ágúst     | Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.   |
| - 28  | 27. ágúst    | Kaup S.Í. á gjaldeyri á innlendum millibankamarkaði   |
| - 29  | 30. ágúst    | Seðlabanki Íslands lækkar vexti   |
| - 30  | 5. september | Greiðslujöfnuðurinn við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins, janúar-júní 2002   |

- 31 5. september Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.
- 32 18. september Seðlabanki Íslands lækkar vexti
- 33 30. september Seðlabanki Íslands innkallar aura
- 34 30. september Ársfundur Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og Alþjóðabankans
- 35 4. október Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.
- 36 15. október Seðlabanki Íslands lækkar vexti
- 37 21. október Bandaríska matsfyrirtækið Moody's hækkar lánshæfismat á erlendum lánum Íslands í Aaa
- 38 6. nóvember Seðlabanki Íslands lækkar vexti
- 39 6. nóvember Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.
- 40 12. nóvember Rit um opinberan gjaldmiðil
- 41 18. nóvember Matsfyrirtækið Standard & Poor's breytir mati sínu á horfum á lánshæfi Íslands úr neikvæðum í stöðugar
- 42 5. desember Greiðslujöfnuðurinn við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins, janúar-september 2002
- 43 5. desember Helstu liðir í efnahagsreikningi S.Í.
- 44 12. desember Seðlabanki Íslands lækkar vexti

Auk þess sem að ofan er talið voru vikulega gefnar út fréttir af uppboðum á endurhverfum verðbréfasamningum og ennfremur fréttir á ensku um verðbólguþpár, vaxtabreytingar og fleira.

## RITASKRÁ SEÐLABANKA ÍSLANDS ÁRIÐ 2002

### *Rit á íslensku:*

Ársskýrsla 2001

Peningamál 2002, fjögur hefti

### *Rit á ensku:*

Annual Report 2001

Monetary Bulletin 2002, þrjú hefti

The Economy of Iceland 2002, eitt hefti

Central Bank of Iceland Working Papers No. 16: Wage and price formation in a small open economy: Evidence from Iceland eftir Þórarín G. Pétursson

Central Bank of Iceland Working Papers No. 17: Inflation and unemployment in Iceland in the light of natural-rate theory eftir Gylfa Zoëga

Central Bank of Iceland Working Papers No. 18: Small open economy model with domestic resource shocks: Monetary union vs. floating exchange rate eftir Tór Einarsson

Central Bank of Iceland Working Papers No. 19: Regional business cycles and the natural rate of unemployment eftir Howard J. Wall og Gylfa Zoëga

Central Bank of Iceland Working Papers No. 20: Renewable resources in an endogenously growing economy: Balanced growth and transitional dynamics eftir Lúðvík Elíasson og Stephen J. Turnovsky

TÖFLUVIÐAUKI

## EFNISYFIRLIT TÖFLUVIÐAUKA

|      |           |  |
|------|-----------|--|
| Bls. |           |  |
| 75   | 1. tafla  | Yfirlit  |
| 76   | 2. tafla  | Þjóðhagsstærðir  |
| 78   | 3. tafla  | Greiðslujöfnuður við útlönd  |
| 80   | 4. tafla  | Greiðslujöfnuður við útlönd – ársfjórðungsyfirlit  |
| 80   | 5. tafla  | Löng erlend lán og skuldabréfaútgáfa erlendis  |
| 81   | 6. tafla  | Staða þjóðarbúsins út á við  |
| 81   | 7. tafla  | Erlend staða Seðlabankans og innlánsstofnana   |
| 81   | 8. tafla  | Opinber gengisvísitala og vísitölur meðalgengis og raungengis krónunnar  |
| 82   | 9. tafla  | Vísitölur verðlags   |
| 83   | 10. tafla | Fjármál hins opinbera  |
| 84   | 11. tafla | Yfirlit yfir fjármál ríkissjóðs  |
| 84   | 12. tafla | Sala ríkisverðbréfa  |
| 85   | 13. tafla | Eignir og skuldir ríkissjóðs   |
| 85   | 14. tafla | Skipting seðla og myntar eftir stærðum í árslok  |
| 86   | 15. tafla | Greiðslumiðlun   |
| 86   | 16. tafla | Úr reikningum Seðlabankans   |
| 87   | 17. tafla | Úr reikningum innlánsstofnana  |
| 87   | 18. tafla | Úr reikningum bankakerfisins   |
| 88   | 19. tafla | Innlán og útlán innlánsstofnana  |
| 89   | 20. tafla | Lánaflokkun innlánsstofnana  |
| 89   | 21. tafla | Efnahagsyfirlit fjárfestingarlánasjóða   |
| 90   | 22. tafla | Lánaflokkun fjárfestingarlánasjóða   |
| 90   | 23. tafla | Útlán einstakra fjárfestingarlánasjóða   |
| 91   | 24. tafla | Greiðsluyfirlit lífeyrissjóða  |
| 91   | 25. tafla | Lánakerfið   |
| 92   | 26. tafla | Eignir lífeyrissjóða   |
| 92   | 27. tafla | Útboð skuldabréfa  |
| 93   | 28. tafla | Staða markaðsverðbréfa   |
| 94   | 29. tafla | Reikningar verðbréfasjóða  |
| 95   | 30. tafla | Reikningar hlutabréfasjóða   |
| 95   | 31. tafla | Gengi erlendra gjaldmiðla samkvæmt skráningu Seðlabanka Íslands  |
| 96   | 32. tafla | Yfirlit yfir hlutafjármarkað   |
| 97   | 33. tafla | Helstu meðalnafnvextir hjá viðskiptabönkum og sparisjóðum  |
| 98   | 34. tafla | Helstu vextir sem birtir hafa verið samkvæmt 2. mgr. 10. gr. og bráðabirgðaákvæði III laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu |
| 98   | 35. tafla | Bindiskylduhlutföll  |
| 99   | 36. tafla | Almennir inn- og útlánsvextir við Seðlabanka Íslands   |
| 100  | 37. tafla | Ávöxtun á peninga- og skuldabréfamarkaði   |
| 101  | 38. tafla | Dæmi um árlega ávöxtun og raunvexti nokkurra inn- og útlána innlánsstofnana og dráttarvextir 1961-2002                           |
| 102  | 39. tafla | Efnahagsreikningur Seðlabankans  |





2. tafla. Þjóðhagsstærðir

|                         | VLF á<br>verði hvers<br>árs (m.kr.) | Magnbreytingar frá fyrra ári í % |                |                          |                    |                        |                         |                          |                           |                             |               |
|-------------------------|-------------------------------------|----------------------------------|----------------|--------------------------|--------------------|------------------------|-------------------------|--------------------------|---------------------------|-----------------------------|---------------|
|                         |                                     | Einka-<br>neysla                 | Sam-<br>neysla | Fjár-<br>muna-<br>myndun | Þjóðar-<br>útgjöld | Út-<br>flutn-<br>ingur | Inn-<br>flutn-<br>ingur | Verg<br>lands-<br>framl. | Verg<br>þjóðar-<br>framl. | Vergar<br>þjóðar-<br>tekjur | VPT<br>á mann |
| 1961.....               | 99,87                               | -0,3                             | 2,1            | -22,8                    | -0,6               | -0,3                   | -9,1                    | -0,1                     | -0,1                      | 3,3                         | 0,7           |
| 1962.....               | 119,8                               | 10,9                             | 6,5            | 14,6                     | 4,5                | 20,1                   | 20,3                    | 8,3                      | 8,8                       | 9,1                         | 7,2           |
| 1963.....               | 143,2                               | 11,3                             | 6,6            | 31,0                     | 16,2               | 7,5                    | 18,7                    | 10,3                     | 10,3                      | 10,4                        | 8,3           |
| 1964.....               | 182,9                               | 9,0                              | 9,5            | 18,8                     | 14,5               | 5,1                    | 13,5                    | 9,9                      | 9,8                       | 12,4                        | 10,4          |
| 1965.....               | 221,0                               | 7,7                              | 6,8            | -1,4                     | 8,1                | 7,4                    | 6,9                     | 7,3                      | 7,1                       | 10,6                        | 8,6           |
| 1966.....               | 265,4                               | 13,3                             | 7,8            | 15,4                     | 10,5               | 6,7                    | 14,8                    | 8,7                      | 8,7                       | 8,7                         | 6,9           |
| 1967.....               | 269,3                               | 1,5                              | 8,0            | 11,6                     | 5,1                | -12,7                  | 6,3                     | -1,3                     | -1,5                      | -4,5                        | -6,0          |
| 1968.....               | 289,4                               | -5,4                             | 5,6            | -8,8                     | -7,7               | -6,4                   | -9,0                    | -5,5                     | -5,9                      | -6,2                        | -7,4          |
| 1969.....               | 358,2                               | -5,1                             | 3,2            | -23,7                    | -6,7               | 17,4                   | -13,6                   | 2,4                      | 2,4                       | 2,7                         | 1,8           |
| 1970.....               | 448,2                               | 16,0                             | 8,8            | 7,2                      | 10,4               | 16,5                   | 27,9                    | 7,5                      | 8,0                       | 12,2                        | 11,5          |
| 1971.....               | 570,3                               | 17,2                             | 7,6            | 42,4                     | 28,8               | -8,2                   | 24,6                    | 13,1                     | 13,2                      | 15,5                        | 14,4          |
| 1972.....               | 716,5                               | 7,3                              | 14,5           | 0,9                      | -1,8               | 14,5                   | 0,5                     | 6,2                      | 5,4                       | 6,0                         | 4,4           |
| 1973.....               | 1.006                               | 5,3                              | 8,5            | 22,4                     | 12,8               | 8,7                    | 20,3                    | 6,8                      | 6,6                       | 11,6                        | 9,9           |
| 1974.....               | 1.464                               | 10,3                             | 8,5            | 7,9                      | 13,9               | -2,7                   | 12,5                    | 5,7                      | 5,2                       | 1,5                         | 0,2           |
| 1975.....               | 2.091                               | -9,6                             | 9,3            | -8,8                     | -5,5               | 2,6                    | -12,8                   | 0,6                      | -0,8                      | -5,1                        | -6,3          |
| 1976.....               | 2.941                               | 5,4                              | 5,0            | -2,7                     | -3,5               | 13,1                   | -3,6                    | 6,0                      | 5,2                       | 9,0                         | 8,0           |
| 1977.....               | 4.247                               | 12,9                             | 2,2            | 11,5                     | 15,0               | 8,9                    | 20,6                    | 8,8                      | 9,1                       | 12,1                        | 11,3          |
| 1978.....               | 6.584                               | 9,0                              | 7,1            | -5,8                     | 2,1                | 15,2                   | 3,6                     | 5,9                      | 5,5                       | 6,1                         | 5,3           |
| 1979.....               | 9.728                               | 2,8                              | 5,5            | -1,5                     | 3,5                | 6,3                    | 2,5                     | 4,9                      | 5,2                       | 1,5                         | 0,5           |
| 1980.....               | 16.182                              | 3,4                              | 2,1            | 13,5                     | 5,7                | 2,7                    | 3,0                     | 5,7                      | 5,4                       | 4,4                         | 3,2           |
| 1981.....               | 25.276                              | 6,2                              | 7,5            | 1,2                      | 5,6                | 3,2                    | 7,1                     | 4,3                      | 4,0                       | 3,5                         | 2,3           |
| 1982.....               | 39.582                              | 5,0                              | 5,9            | 0,1                      | 5,0                | -8,9                   | -0,6                    | 2,2                      | 1,8                       | 1,3                         | 0,0           |
| 1983.....               | 68.242                              | -5,6                             | 4,7            | -12,7                    | -8,6               | 11,0                   | -9,7                    | -2,2                     | -3,1                      | -3,7                        | -4,9          |
| 1984.....               | 89.144                              | 3,7                              | 0,6            | 9,4                      | 6,4                | 2,4                    | 9,1                     | 4,1                      | 3,6                       | 3,4                         | 2,4           |
| 1985.....               | 120.899                             | 4,2                              | 6,5            | 1,0                      | 2,7                | 11,1                   | 9,4                     | 3,3                      | 3,3                       | 2,9                         | 2,1           |
| 1986.....               | 161.217                             | 6,9                              | 7,3            | -1,9                     | 4,5                | 5,9                    | 0,9                     | 6,2                      | 6,5                       | 8,9                         | 8,1           |
| 1987.....               | 209.114                             | 16,2                             | 6,5            | 19,1                     | 15,7               | 3,3                    | 23,3                    | 8,6                      | 8,7                       | 10,7                        | 9,4           |
| 1988.....               | 256.645                             | -3,8                             | 4,7            | -0,1                     | -0,6               | -3,6                   | -4,6                    | -0,1                     | -0,6                      | -0,9                        | -2,4          |
| 1989.....               | 308.192                             | -4,2                             | 3,0            | -7,8                     | -4,4               | 2,9                    | -10,3                   | 0,3                      | -0,1                      | -1,6                        | -2,7          |
| 1990.....               | 370.925                             | 0,5                              | 4,4            | 2,6                      | 1,5                | 0,0                    | 1,0                     | 1,1                      | 1,2                       | 0,5                         | -0,2          |
| 1991.....               | 401.372                             | 2,9                              | 3,1            | 3,3                      | 3,8                | -5,9                   | 5,3                     | 0,1                      | 1,9                       | 1,9                         | 0,7           |
| 1992.....               | 401.025                             | -3,1                             | -0,7           | -11,1                    | -4,6               | -1,9                   | -5,9                    | -3,3                     | -3,1                      | -3,1                        | -4,2          |
| 1993.....               | 413.330                             | -4,7                             | 2,3            | -10,7                    | -3,8               | 7,0                    | -7,7                    | 0,8                      | -0,7                      | -0,7                        | -1,7          |
| 1994.....               | 439.108                             | 2,9                              | 4,0            | 0,6                      | 2,1                | 9,9                    | 4,2                     | 4,0                      | 3,4                       | 3,4                         | 2,6           |
| 1995.....               | 452.139                             | 2,2                              | 1,8            | -1,1                     | 2,2                | -2,1                   | 4,0                     | 0,1                      | 0,8                       | 0,8                         | 0,3           |
| 1996.....               | 485.192                             | 5,4                              | 1,2            | 25,7                     | 7,2                | 9,9                    | 16,7                    | 5,2                      | 4,5                       | 4,6                         | 4,0           |
| 1997.....               | 512.679                             | 5,1                              | 2,5            | 10,0                     | 5,5                | 5,7                    | 8,5                     | 4,7                      | 2,9                       | 5,6                         | 4,8           |
| 1998.....               | 567.572                             | 10,1                             | 3,4            | 33,0                     | 13,5               | 0,6                    | 21,9                    | 5,5                      | 7,7                       | 7,7                         | 6,6           |
| 1999.....               | 606.558                             | 7,3                              | 4,4            | -3,7                     | 4,0                | 4,0                    | 4,2                     | 3,9                      | 3,8                       | 3,8                         | 2,5           |
| 2000.....               | 658.284                             | 4,0                              | 3,7            | 14,8                     | 6,7                | 5,0                    | 8,0                     | 5,5                      | 4,6                       | 3,4                         | 1,9           |
| 2001 <sup>1</sup> ..... | 744.190                             | -3,0                             | 3,2            | -4,4                     | -3,0               | 7,8                    | -9,0                    | 3,6                      | 3,0                       | 3,1                         | 1,7           |
| 2002 <sup>2</sup> ..... | 781.957                             | -1½                              | 3              | -14½                     | -3¼                | 4¼                     | -4                      | -¼                       | 1¼                        | 1½                          | ¾             |

1. Bráðabirgðatölur. 2. Áætlun Seðlabanka Íslands í febrúar 2003. Heimildir: Hagstofa Íslands, Seðlabanki Íslands.

2. tafla. Þjóðhagsstærðir, frh.

| Undirlíðir fjármunamyndunar,<br>magnbreytingar frá fyrra ári í % |   |                               | Verðbreytingar<br>frá fyrra ári í % |                  |                                      | Hlutföll af landsframleiðslu í % |                |                          |                        |                             |                                 |  |
|--|---|-------------------------------|-------------------------------------|------------------|--------------------------------------|----------------------------------|----------------|--------------------------|------------------------|-----------------------------|---------------------------------|--|
